



Sundsamband Íslands • Icelandic Swimming Association

Íþróttamiðstöðin í Laugardal • Engjavegi 6, 104 Rvk • iceswim@iceswim.is • 5144070 • www.iceswim.is



ÞINGGERÐ

64. Sundþings 1. Júní 2021

Björn Sigurðsson
Formaður SSÍ



**64. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL
1. júní 2021**

Fundargerð

64. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 1. júní 2021

Dagskrá samkvæmt lögum SSÍ

Þinggögn:

<http://www.sundsamband.is/default.aspx?PageID=219f5a19-7abf-11e2-b6ce-0050569d0011>

Þingsetning – ávörp gesta.

Þing sett af Birni Sigurðssyni formanni SSÍ

Tilkynnt er að hljóðupptaka er í gangi -

Kjör kjörbréfanefndar.

Arnar Már Loftsson formaður

Júlía Þorvaldsóttir

Ingibjörg Helga Arnardóttir

Kjörnir þingforseti/ar og þingritari.

Þingforsetar:

Hörður Þorsteinsson

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir

Ritari:

Aðalbjörg Óladóttir

Hörður Þorsteinsson annar þingforseta sem situr í framkvæmdastjórn ÍSÍ ber kveðjur frá framkvæmdastjórn ÍSÍ

Tillaga um heiðursviðurkenningar SSÍ afgreidd.

Lagt er til að þessum lið verði frestað fram að afmælishátíð í haust.

Samþykkt



64. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL
1. júní 2021

Fundargerð

Niðurstaða kjörbréfanefndar kynnt.

Arnar Már Loftsson kynnir niðurstöður:
182 atkvæði í boði - 32 af þeim eru mættir -

Mættir:

Ægir 3 fulltrúar
Sundfélag Akranes 2 fulltrúar
Árman 4 fulltrúar
Breiðablik 1 fulltrúar
KR 4 fulltrúar
SH 8 fulltrúar
HSK 1 fulltrúi
Reykjanesbær 1 fulltrúi
Fjölur 4 fulltrúar
Ösp 2 fulltrúar
Afturelding 1 fulltrúi
Selfoss 1 fulltrúi

Kjörbréf eru samþykkt. Kjörbréf og umboð því gild á þinginu

Kosning starfsnefnda þingsins.

a) Fjárhagsnefnd.

Viktoría Gísladóttir formaður

Bergþóra Guðmundsdóttir

Guðrún Guðbjarnadóttir

Björn Sigurðsson vinnur með nefndinni

Þingskjöl 2021-08, 2021-09

[http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2021/2021_08_Fj%C3%A1rhags%C3%A1%C3%A6tlun_2021-2023.pdf? =](http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2021/2021_08_Fj%C3%A1rhags%C3%A1%C3%A6tlun_2021-2023.pdf?=)

[http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2021/2021_09_Tillaga_um_%C3%9Ej%C3%B3nustugj%C3%B6ld.pdf? =](http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2021/2021_09_Tillaga_um_%C3%9Ej%C3%B3nustugj%C3%B6ld.pdf?=)



**64. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL
1. júní 2021**

Fundargerð

b) Laga- og leikreglanefnd.

Hörður Oddfríðarson formaður

Karl Georg Klein

Ingibjörg Kristinsdóttir

Emil Örn Harðarson starfar með nefndinni

Samþykkt

Þingskjöl 2021-12, 2021-13 + Alm ákvæði SSÍ og reglugerðir

http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2021/2021_12_Lagabreytingatill%C3%B6gur.pdf?=

http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2021/2021_13_Alm_%C3%A1kv_og_regluger%C3%B0ir_SS%C3%8D.pdf?=

c) Allsherjarnefnd.

Hilmar Örn Jónsson formaður

Bjarney Guðbjörnsdóttir

Magnús Tryggvason

Eyleifur Jóhannesson og Ingibjörg Helga Arnardóttir starfa með nefndinni

Samþykkt

Þingskjöl 2021-10, 2021-11 + Stefna og afreksstefna SSÍ

http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2021/2021_10_Tillaga_um_stefnu_SS%C3%8D.pdf?=

http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2021/2021_11_Tillaga_lykilverkefni_S%C3%8D.pdf?=

d) Aðrar nefndir, ef þörf krefur.

Ekki þörf á öðrum nefndum



**64. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL
1. júní 2021**

Fundargerð

Skýrsla stjórnar.

Björn Sigurðsson kynnir skýrslu stjórnar.

Stiklar á stóru - sjá skýrslu í heild sinni í viðhengi með fundargerð.

Minnist á áhrif Covid 19 á allt starf, frestanir, lokanir og fleira.

Þakkar öllum fyrir mikla samstöðu og vinnu til að reyna að láta Covid hafa eins lítil áhrif og hægt var á sundmennina.

Stjórn SSÍ 2019-2021

Formaður : Björn Sigurðsson

Meðstjórnendur til fjögurra ára

Bjarney Guðbjörnsdóttir

Elsa María Guðmundsdóttir

Júli Þorvaldsdóttir

Oddur Örnólfsson

Meðstjórnendur til tveggja ára

Hörður Oddfríðarson

Viktoría Gísladóttir

Áfram starfsandi til tveggja ára

Hilmar Örn Jónasson

Jón Hjaltason

Varamenn: Leifur Guðni Grétarsson og Hrafnhildur Luthersdóttir

Þakkar Örnú Þórey og Mladen sérstaklega fyrir vel unnin störf sem verkefnastjórar landsliðverkefna til júlí 2020

Ráðning Eylefs (Leifa) Jóhannessonar sem yfirmanns landsliða og afreksstarfs frá 1.júlí 2020 - stór breyting í skipulagi landsliðsmála

Ein Lagabreyting liggur fyrir á þessu þingi og auk þess tillaga um að þingið staðfesti breytingar stjórnar SSÍ á reglugerðum SSÍ.

Fjölmiðlar - minnst á að það sé okkar að senda upplýsingar á fjölmiðla – þýðir ekki að bíða eftir því að þeir komi af fyrra bragði

Samskipti erlend og innan hreyfingar hafa gengið vel, ekki allir alltaf sammála en allir að tala saman og tilbúnir til að læra og gera betur.

Sérstakar þakkir til stjórnarfólks, starfsfólks og allra sem hafa starfað á SSÍ mótum sjálfboðaliðar og starfsfólk

[http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2021/2021_05_Sk%C3%BDrsla%20SS%C3%8D_2019_til_2021%20.pdf?=
=](http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2021/2021_05_Sk%C3%BDrsla%20SS%C3%8D_2019_til_2021%20.pdf?=)



**64. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL
1. júní 2021**

Fundargerð

Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.

Viktoría Gísladóttir kynnir rekstrarreikning og efnahagsreikning fyrir árin 2019 og 2020
Endurskoðandi og skoðunarmenn hafa þegar samþykkt reikningana

Þingskjal 2021—06

Sjá rekstrarreikning og efnahagsreikning 2019 og 2020 í viðhengi

[http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2021/2021_06_Reikningar_SS%C3%8D_2019_2020%20-%20Copy%20\(1\).pdf?="](http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2021/2021_06_Reikningar_SS%C3%8D_2019_2020%20-%20Copy%20(1).pdf?=)

Umræður um skýrslu stjórnar, starfsnefnda og reikninga.

1. Ragnheiður Birna úr SH spyr hver er ástæðan fyrir því að fara úr 2.889.000 handbæru féi í 21.907.00 í handbæru féi – þegar hagnaður var bara 5 milljónir

Björn svarar og útskýrir að ástæðan sé styrkur úr afrekssjóði ÍSÍ - sem að miklu leiti þarf að skila vegna Covid áhrifa

2. Hörður Oddfríðarson - bendir á að varasamt sé að bera saman 2019 og 2020 vegna þess hve skrátið ár 2020 var og að árið 2021 geti verið aukinn kostnaður vegna hluta sem áttu að koma inn 2020. Sem útskýrir varúðarfærslur sem búið er að gera í reikninum, sem gerðar eru til þess að geta tekist á við aukinn útlagðan kostnað þegar t.d. kemur að Ólympíuleikum

Ekki fleiri spurningar eða umræður

Afgreiðsla reikninga.

Reikningar lagðir undir samþykki - reikningar fyrir 2019 og 2020 samþykktir með öllum greiddum atkvæðum

Tillögur sem lagðar eru fyrir þingið samkvæmt fundarboði - kynntar og vísað til nefnda.

Viktoría Grímsadóttir kynnir rekstraráætlun 2021-2023

samþykkt að vísa umræðu um rekstraráætlun til Fjárhagsnefndar.

Þingskjal 2021-08

[http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2021/2021_08_Fj%C3%A1rhags%C3%A1%C3%A6tlun_2021-2023%20-%20Copy%20\(1\).pdf?="](http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2021/2021_08_Fj%C3%A1rhags%C3%A1%C3%A6tlun_2021-2023%20-%20Copy%20(1).pdf?=)



**64. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL
1. júní 2021**

Fundargerð

Tillögur að mótafyrirkomulag sundmóta

25M tímabil

ÍM25 í nóvember Opinn flokkur, unglingaverðlaun í undanr.
Bikarkeppni í desember (helgina eftir alþjóðlegt mót)

50M tímabil

ÍM í apríl Opinn flokkur, unglingaverðlaun í undanr.
SMÍ í júní (unglingar og fullorðnir, 16 ára og eldri karlar og 15 ára og eldri konur)
AMÍ í júní (25m laug) - aldursflokkasundfólk (10-15 ára strákar og 9-14 ára stelpur)

Lagt til að þetta fari til umræðu í Alsherjarnefnd.

Þingskjal 2021-10

[http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2021/2021_10_Tillaga_um_stefnu_SS%C3%8D.pdf?="](http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2021/2021_10_Tillaga_um_stefnu_SS%C3%8D.pdf?=)

Tillaga að lykilverkefnum: Björn kynnr tillögur að lykilverkefnum

Leggur til að tekin verði fyrir 3 megin verkefni fram að næsta sundþingi

1. Mannvikri til æfinga og Keppni. Nefn til að gera skýrslu sem SSÍ getur afhent sveitafélögum um hvaða skilyrði sundmannvirki þurfa að hafa til sundkennslu og keppnishalds til að uppfylla alþjóðlega staðla. -

2. Þjóðarleikvangur - Nefnd sem kannar hvað þarf til að fá viðurkenndan þjóðarleikvang í keppnissundi þar sem sundíþróttling fær forgang umfram almenning og sé ekki háð opnunartímum mannvirkisins.

3. Iðkenda fjöldi - Tekjur íþróttasambanda og héraða fara meðal annars eftir iðkenda fjölda. Sund er ein vinsælasta íþrótt landsins og heimsóknir í sundlaugar landsins telja í milljónum á ári. Vernefið er að finna út hvort að það séu til leiðir til að skrá þá sem kaupa kort í sundlaugum landsins og teljast þar sem virkir iðkendur sem félagsmenn SSÍ.

Tillögur að lykilverkefnum verður vísað til Alsherjarnefndar.

Þingskjal 2021-11

[http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2021/2021_11_Tillaga_lykilverkefni_SS%C3%8D.pdf?="](http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2021/2021_11_Tillaga_lykilverkefni_SS%C3%8D.pdf?=)



64. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL
1. júní 2021

Fundargerð

Tillaga stjórnar um fjárhæð og fyrirkomulag þjónustugjalda.

[http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2021/2021_09_Tillaga_um_%C3%9Ej%C3%B3nustugj%C3%B6ld.pdf?=&](http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2021/2021_09_Tillaga_um_%C3%9Ej%C3%B3nustugj%C3%B6ld.pdf?=)

Afgreiðsla lagabreytingatillagna og tillagna frá starfsnefndum

Fjárhagsnefnd - Viktoría gerir grein fyrir störfum nefndarinnar Bergþóra, Guðrún, Björn og Viktoría sátu í nefndinni

Rætt var um fjárhagsáætlunina Þingskjal 2021-08, - Fjárhagsáætlun 2021-2023 var samþykkt.

Rætt var um þjónustugjöld 2022-2023 - að fela stjórn SSÍ ákvörðun um hækkun þjónustugjalda (en aldrei sé hækkað umfram almennt verðlag) Þingskjal 2021-09

Þingskjöl eru borinn upp undir spurningar og umræðu.
Engar spurningar eða umræður

Borið undir þingið -
Þingskjal 2021-08 - samþykkt einróma
Þingskjal 2021-09 – samþykkt einróma

Alsherjarnefnd - Hilmar Örn Jónasson gerir grein fyrir störfum nefndar fjöldi þingfulltrúa tók þátt í umræðu. Miklar og góðar umræður mynduðust.

Rætt var um
Tillögu um stefnu ÍSÍ Þingskjal 2021-10 - nefndin samþykkti að leggja það fram óbreytt til samþykktar.
Tillögu að lykilverkefnum 2021-11 - nefndin samþykkti að leggja það fram óbreytt til samþykktar.

Þingskjöl eru borinn upp undir spurningar og umræðu.
Engar spurningar eða umræður

Borið undir þingið
Þingskjal 2021-10 – samþykkt einróma
Þingskjal 2021-11 – samþykkt einróma



**64. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL
1. júní 2021**

Fundargerð

Laga og leikreglnanefnd - Hörður Oddfríðarson gerir grein fyrir störfum nefndarinnar

Rætt var um þingskjal 2012-12 - eftirfarandi breytingartillögur á þessu skjali lagðar til (og heitir þá **2012-12a**)

12. Grein verði:

Sundsamband Íslands er aðili að dómstólaskipan ÍSÍ án þess að gildandi séu sérákvæði. SSÍ starfrækir Aga- og siðanefnd. Ekki skal skipa stjórnar- eða starfsfólk SSÍ eða aðildarfélaga í nefndina. Heimlit er að skipa fagaðila utan hreyfingar í nefndina. Stjórn SSÍ skipar nefndir sem nauðsyn krefur hverju sinni og setur þeim erindisbréf.

Greingargerð í 12.grein - viðbætur við texta

Nefndin leggur ríka áherslu á að þær nefndir sem skipaðar eru á starfstíma stjórnar fái erindisbréf þar sem komi fram hlutverk þeirra, starfstími og hver afurð vinnunar á að vera. Nefndin leggur einnig áherslu á að endurskoðun reglugerðar um Aga- og siðanefnd verði lokið hið fyrsta og eigi síðar en fyrir lok október 2021, kynnt fyrir aðildarfélögum og lögð fyrir auka sundþing.

Rætt var um skjal 2021-13 - nefndin leggur til eftirfarandi breytingu á þingskjalinu sem núna heitir þá **2021-13a**

bætt inn setningu:

Breytingar á AMÍ og SMÍ skal leggja fyrir aukasundþing.

Bætt fyrir neðan Greinargerð:

Í nefndinni komu fram þau viðhorf að breytingar á AMÍ og nýtt mót SMÍ væru það veigamiklar breytingar að rétt væri að sundhreyfingin stæði öll að baki þeim. Nefndin leggur áherslu á að þessar breytingar verði kynntar félögum og þjálfurum og unnar með þeim áður en niðurstaðan liggur fyrir þó ekki síðar en fyrir lok október 2021.

Umræður

1. Björn SSÍ bendir á að mögulega sé skrítið að minnast ekki á dómaranefnd í lögunum enda er það sú nefnd sem hefur verið virkust og skilað góðu starfi.

Finnst einnig skrítið að Alsherjarnefnd ræði ákvæði sem var til umræðu í annari nefnd.

2. Ragnheiður SH -

Spyr nefndina hvort nefndin leggi til að stjórnin fái vald til að leggja niður dómaranefndina.

3. Ingibjörg SSÍ -

Bendir á að líklega sé betra að leggja þetta undir nefnd en undir auka sundþing. Þar sem ólíklegt

**64. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL
1. júní 2021**

Fundargerð

sé að fleiri mæti á auka sundþing en sundþingið sem nú er í gangi.

4. Hörður Oddfríðarson - svarar:

Ekki er verið að leggja til að leggja niður dómara nefndina- tillagan sé bara að breytingu á lagatexta.

Hvað varðar auka sundþing. Umræða varð í nefndinni um hvort hægt væri að ræða breytingar á AMÍ og SMÍ á formannafundi - en þar sem formannafundur hefur ekki formlegt leifi til að gera lagabreytingar þá er lagt til aukasundþing.

Ákveðið er að laga- og leikreglanefnd taki sér 5 mín til að ræða tillöguna aftur.

Eftir aðra umræðu laga- og leikreglanefnd eru nokkrar breytingar og aftur umræður

Umræður (aftur)

1. Hilmar Örn – Keflavík

Bendir á að þegar er mjög skýrt í skjali 2021-10 - (sem þegar er samþykkt á þinginu) að breytingartillaga um AMÍ og SMÍ verði að vera ítarlega

2. Björn SSÍ

Sáttur við breytingartillöguna eins og hún er núna þó að textinn fyrri neðan greinargerðina sé í raun endursögn úr texta úr skjali 2021-10

3. Ragnheiður SH

Sér ekki annað en að verið sé að færa stjórninni það vald að leggja niður dómara nefndina. Það stendur í lögum í kafla 4.b að dómara nefnd skuli starfrækja.

- Hörður svarar því að það sé reglugerð en ekki lög.

Ragnheiður bendir einnig á að ástæða sé fyrir því að taka aga og siðanefnd út fyrir sviga og að svipuð ástæða ætti að vera fyrir því að halda inni í lögum að það skuli skipa dómara nefnd.

Hættulegt geti verið ef einhver í framtíðinni í stjórn SSÍ færi í fýlu og myndi bara ákveða að hafa ekki dómara nefnd. -

4. Hörður svarar: Dómara nefnd nefnd í lögum sundsambands - allar nefndir starfa á ábyrgð sundsambandsins og allar ákvarðandi nefnda eru lagðar fyrir stjórn þannig að í raun getur stjórn alltaf breytt tillögum nefnda.

Dómarasamfélagið frá árinu 1999 verið mjög sjálfstætt - meðan annars var stofnað Hið íslenska dómarafélag. – Hörður er á því að dómara eigi að vera sem mest sjálfstæðir og standa sem mest fyrir utan félagin - En auðvitað væri erfitt að manna mót ef ekki væri fyrir dómara sem eru tengdir félagum.

Stjórn SSÍ skipar í nefndir og setur nefndum reglur og því telur Hörður það alveg ljóst að aldrei verði sú staða að ekki verði skipuð dómara nefnd. - Bendir á að bara sé verið að taka út að mati nefndarinnar ónauðsynlegan texta.



64. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL
1. júní 2021

Fundargerð

5. Björn SSÍ -

Vill að þingið sé sammála um þetta - dómaranefndin er sú nefnd sem starfar mest, er mikilvægasta hryggstyggð í mótastarfi SSÍ.

Leggur til við laganefndina að bætt verði inn texta um dómara og kjörbréfanefnd í breytingartillögu nefndarinnar.

Nefndin tekur örfáar mínútur til umræðu.

Hörður tekur til máls eftir umræðu nefndar.

leggur til eftifarandi breytingu á 2021-12b

Sundsamband Íslands er aðili að dómstólaskipan ÍSÍ án þess að gildandi séu sérákvæði. SSÍ starfrækir Aga- og siðanefnd. Ekki skal skipa stjórnar- eða starfsfólk SSÍ eða aðildarfélaga í nefndina. Heimlit er að skipa fagaðila utan hreyfingar í nefndina.

Dómaranefnd og kjörnefnd eru starfræktar innan SSÍ.

Stjórn SSÍ skipar aðrar nefndir sem nauðsyn krefur hverju sinni og setur þeim erindisbréf

Umræða:

1. Tómas SH

Vill að orðalagið sé skipa SKAL Dómara- og kjörnefnd

2. Magnús UMF Selfossi

finnst tillagan sé skýr og sé lögð undir kosningu.

3. Björn bendir á að hann myndi vilja sjá þarna inn orðin „Skulu starfræktar“ í tillögunni.

Endanleg tillaga lögð fram.

2021-12 - **ný tillaga 2021-12b**

12 grein verður:

Sundsamband Íslands er aðili að dómstólaskipan ÍSÍ án þess að gildandi séu sérákvæði.

SSÍ skal starfrækja Aga- og siðanefnd. Ekki skal skipa stjórnar- eða starfsfólk SSÍ eða aðildarfélaga í nefndina.. Heimilt er að skipa fagaðila utan hreyfingar í nefndina.

Dómarnefnd og kjörnefnd skulu starfræktar innan SSÍ Stjórn SSÍ skipar aðrar nefndir sem nauðsyn krefur hverju sinni og setur þeim erindisbréf.

Einnig er bætt inn texta fyrir neðan Greinargerð í 12.grein:

Nefndin leggur ríka áherslu á að þær nefndir sem skipaðar eru á starfstíma stjórnar fái erindisbréf þar sem komi fram hlutverk þeirra, starfstími og hver afurð vinnunnar á að vera.



64. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL
1. júní 2021

Fundargerð

Nefndin leggur einnig áherslu á að endurskoðun reglugerðar um Aga- og siðanefnd verði lokið hið fyrsta og verði kynnt á formannafundi.

Dómaranefnd og kjörnefnd hafa verið starfandi með virkum hætti og ekki er gert ráð fyrir breytingum á þeim og gert er ráð fyrir að þær starfi áfram hér eftir sem hingað til.

2021-13 Eftir endurskoðun **Ný tillaga 2021-13b**

Hætt við fyrri breytingar tillögu um þessa setningu:

~~Breytingar á AMÍ og SMÍ skal leggja fyrir aukasundþing.~~

En halda inni fyrri tillögu um að bæta þessum texta fyrir neðan greinargerð:

Í nefndinni komu fram þau viðhorf að breytingar á AMÍ og nýtt mót SMÍ væru það veigamiklar breytingar að rétt væri að sundhreyfingin stæði öll að baki þeim. Nefndin leggur áherslu á að þessar breytingar verði kynntar félögum og þjálfurum og unnar með þeim áður en niðurstaðan liggur fyrir þó ekki síðar en fyrir lok október 2021

Loka breytingartillögur lagðar fyrir þingið.

Tillaga 2021-12b

Lögð fyrir þingið til atkvæðagreiðslu

Samþykkt samhljóða

Tillaga 2021-13b

Til umræðu

engin umræða

Lögð fyrir þingið til atkvæðagreiðslu

samþykkt samhljóða



**64. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINI Í LAUGARDAL
1. júní 2021**

Fundargerð

Kosningar.

- a) Kosning formanns til tveggja ára. (2023)
Eitt framboð barst frá sitjandi formanni
Björn Sigurðsson
- b) Kosning fjögurra stjórnarmanna á sundþingum sem haldin eru á oddatöluári til fjögurra ára.
Hörður J Oddfríðarson ÍBR
Viktoría Gísladóttir UMSK
Leifur Guðni ÍA
Hilmar Örn Jónasson ÍRB
- c) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga til næsta sundþings (2023)
Lóa Birna Birgisdóttir ÍBR
Guðmundur Stefán Björnsson SH

Önnur mál.

Hörður Oddfríðarson - óskar þingforsetum Herði Þorsteinssyni og Hildi Karen Aðalsteinsdóttur til hamingju með kosningu inn í stjórn ÍSÍ

Vekur máls á því að hann hefur áhyggjur af sundstarfi á landsbyggðinni. Bendir á að það þrengir að sundheiminum á Íslandi og þeir sem standa fyrir utan sundið megi ekki gleyma sundinu. Passa þurfi uppá að stjórnámálmennt gleymi ekki sundhreyfingunni og sundmannvirkjum.

Magnús Tryggvason

Óskar nýjum stjórnarmeðlimum til hamingju með kjörið. Lýsir yfir ánægju með ráðningu og störf Leifa. Er sammála Herði um að við þurfum að herða okkur og gera betur. Það sem hefur vantað í sundhreyfinguna síðustu 8 til 10 ár er samvinna á milli félaga. Allir eru að vinna að sama markmiði sem er að styðja við börnin í sundinu.

Þingslit.

Björn Sigurðsson – þakkar fyrir störf á þinginu og slítur þinginu kl 20:15



64. þing
Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINI Í LAUGARDAL
1. júní 2021

Þingskjal nr: 2021 - 00

<i>Nr.</i>	<i>Efni</i>	<i>Tillöguflytjandi / hver kynnir</i>	<i>Vísað til</i>
1.	2021-01 Fyrri tilkynning um Sundþing	Samkv lögum SSÍ / Þingforseti	Afgreitt í upphafi
2.	2021-02 Seinni tilkynning um Sundþing	Samkv lögum SSÍ / Þingforseti	Afgreitt í upphafi
3.	2021-03 Dagskrá Sundþings 2021	Samkv lögum SSÍ / Þingforseti	Afgreitt í upphafi
4.	2021-04 Tillaga að þingsköpum 63. Sundþings	Stjórn SSÍ / Þingforseti	Afgreitt í upphafi
5.	2021-05 Ársskýrsla SSÍ	Stjórn SSÍ / BS	Afgreitt í upphafi
6.	2019-06, Reikningar SSÍ 2019 og 2020	Stjórn SSÍ / VG	Afgreitt í upphafi
7.	2021-07 Tilnefning til heiðursviðurkenninga SSÍ	Stjórn SSÍ / BS	Afgreitt í upphafi
8.	2021-08 Fjárhagsáætlun SSÍ 2021-2023	Stjórn SSÍ / VG	Fjárhagsnefnd
9.	2021-09 Tillaga um þjónustugjöld	Stjórn SSÍ / BS	Fjárhagsnefnd
10.	2021-10 Stefna SSÍ og Afreksstefna SSÍ kynning á breytingum	Stjórn SSÍ / EJ	Allsherjarnefnd
11.	2021-11 Tillaga að lykilverkefnum	Stjórn SSÍ / BS	Alsherjarnefnd
12.	2021-12 Tillögur til lagabreytinga	Stjórn SSÍ / BS	Laga- og leikreglnefnd
13.	2021-13 Tillaga um staðfestingu á Alm. ákv. og reglugerðum SSÍ	Stjórn SSÍ / BS	Laga- og leikreglnefnd
14.	2021-14 Stjórnarkjör og kjör félagslegra skoðunarmanna reikn.	Þingforseti	Afgreitt í lok þings

Vísað til: __ Fjárhagsnefndar __ Laga – og leikreglnefndar __ Allsherjarnefndar __ Mótanefndar __ _____ nefndar



**64. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINI Í LAUGARDAL
1. júní 2021**

Þingskjal nr: 2021 - 01

Reykjavík 10. mars 2021

Efni : Sundþing 2021- fyrra fundarboð

Ágætu félagar

Sundþing verður haldið í Reykjavík þann 1.júní 2021, í húsakynnum ÍSÍ við Engjaveg.
Dagskrá verður send út síðar en áætluð tímasetning þingsins er frá kl 16:00, þriðjudaginn 1. Júní.

SSÍ áskilur sér rétt til breyta þingstað og/eða fyrirkomulagi sundþings ef takmarkanir í reglugerð heilbrigðisráðherra heimila ekki áætlaðan heildarfjölda þingfulltrúa og gesta. SSÍ mun einnig gefa kost á því að sitja þingið rafrænt.

Á sundþingi eiga fulltrúar sæti í samræmi við lög SSÍ:

- 1) Einn fulltrúi héraðssambands eða íþróttabandalags (1 frá hverju)
- 2) Fulltrúar félaga í samræmi við iðkenda fjölda (2 fulltrúar fyrir fyrstu 30 iðkendur félags og 1 fyrir hverja 30 eða brot úr þeirri tölu eftir það)
- 3) Fulltrúar félaga vegna keppenda (1 fulltrúi fyrir hverja 50 keppendur félags eða brot úr þeirri tölu)

Framkvæmdastjóri sendir félögum og héraðssamböndum/íþróttabandalögum tilkynningu um fjölda hvers aðila fyrir sig og óskar eftir nafnalista frá þessum aðilum ekki síðar en tveimur vikum fyrir sundþing.

Félag þarf að hafa gert upp þjónustugjöld fyrir árið 2020 til að öðlast þátttökurétt á Sundþing.

Þetta er gert til að hægt sé að hefja umræðu og vinnu í kringum tillögurnar í tíma fyrir þingið.

Framboðsfresti til stjórnar lýkur 4 vikum fyrir þing, eða 4.maí n.k. Fyrir hönd stjórnar SSÍ
Ingibjörg H Arnardóttir Framkvæmdastjóri SSÍ

Málefni og tillögur sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á sundþingi, skulu hafa borist framkvæmdastjóra SSÍ á ingibjorgha@iceswim.is fyrir 31.mars n

A þinginu verður kosið til formanns og fjögurra meðstjórnenda. Þess ber að geta að núverandi formaður og núverandi stjórn gefur öll kost á sér til endurkjörs.

Ingibjörg H Arnardóttir
Framkvæmdastjóri SS



64. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL
1. júní 2021

Þingskjal nr: 2021 - 02

Tilkynning um sundþing

Reykjavík 17. maí 2021

Ágætu félagar,

Sundþing 2021 verður haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, 1. júní 2021.

- Skráning þingfulltrúa og hressing hefst kl. 15:30
- Þingsetning kl. 16:00, ávörp, skýrsla stjórnar og framlagning mála.
- Nefndarstörf frá kl 17.00 til kl 18.00.
- Kl. 18:00-18:30 lokafrágangur hjá nefndum
- Kl. 18:30 hefjast þingstörf á ný með afgreiðslu mála.
- Kjöri stjórnar lýst kl. 19:00

Kl. 19:30 hefjum við hátíðarkvöldverð þar sem við munum deila út viðurkenningum sem þingið samþykkir.

Málefni sem liggja fyrir þinginu eru:

- o Fjárhagsáætlun 2021, 2022 og 2023 og tillaga um þjónustugjöld 2021-2023
- o Heiðursviðurkenningar
- o Reikningar SSÍ 2019 og 2020
- o Skýrsla stjórnar SSÍ 2019 til 2021
- o Stefna SSÍ 2019 – 2030
- o Lagabreytingar
- o Engin mál bárust frá sambandsaðilum til að leggja fyrir þingið
- o Ekki bárust fleiri framboð til stjórnar, fyrir tilskilinn tíma en kjósa á, þannig að stjórn er sjálfkjörin.

Tillögur og önnur gögn þingsins verða birt á heimasíðu SSÍ, www.sundsamband.is, jafnóðum og þau eru tilbúin. Sundþing 2021 er pappírslaut eins og undanfarin sundþing.

Tölvusamband er á þingstað og þingfulltrúar hvattir til að mæta með ferðatölvur til þess að komast í gögn þingsins jafnóðum, en þau verða vistuð á sérstöku svæði sem þingfulltrúar fá aðgang að. Þau héraðssambönd eða íþróttabandalög, sem óska fyrirfram eftir því, fá gögn þingsins útprentuð í einu eintaki í upphafi þings.



64. þing Sundsambands Íslands ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL 1. júní 2021

Þingskjal nr: 2021 - 02

Hverjir hafa seturétt á þinginu?

Samkvæmt 6. grein laga SSÍ:

Á sundþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt:

- Stjórn SSÍ
- Forseti og framkvæmdastjórn ÍSÍ
- Framkvæmdarstjóri ÍSÍ
- Fulltrúi menntamálaráðherra
- Tveir fulltrúar samtaka sundþjálfara (ÍSS)
- Einn fulltrúi Sunddómarafélag Íslands (SDÍ)
- Einn fulltrúi samtaka íþróttakennara
- Formenn sérráða innan SSÍ
- Að auki getur stjórn SSÍ boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún sér ástæðu til

Þátttökutilkynning

Allir þeir sem hafa áhuga á málefnum sundhreyfingarinnar eiga kost á að sitja sundþing meðan húsrúm leyfir og taka þannig þátt í störfum þingsins. Sá fyrirvari er þó gerður að þeir sem taldir eru upp í staflíði a – i hér að ofan og kjörnir þingfulltrúar eiga forgang á þingið.

Þeir sem hafa áhuga á að sitja sundþing en heyra ekki undir staflíði a – i og eru ekki þingfulltrúar verða að láta skrifstofu SSÍ vita með rafpósti sundsamband@sundsamband.is í síðasta lagi **þriðjudaginn 25.maí 2021**.

Þinggjald er kr. 7.500 fyrir hvern sem situr þingið. Í því er fólgið allur matur og kaffi auk annars þess kostnaðar sem til fellur á sundþingi.

Þinggjald skal lagt á **reikning SSÍ, 0528-26-7327 kt.640269-2359**.

Vinsamlega sendið kvittun á rafpóst Ingibjorgha@iceswim.is þar sem fram kemur fyrir hvaða aðila er verið að greiða **fyrir þriðjudaginn 25.maí og gildir það sem skráning**.

Kjörbréf

Kjörbréf eru meðfylgjandi er þess óskað að það sé fyllt út með nöfnun fulltrúa og varafulltrúa.

Kjörbréf eru ekki gild nema að þau séu undirrituð af til þess bærur fulltrúa héraðssambands, íþróttabandalags eða sundráðs.

Hver sambandsaðili á einn fulltrúa á Sundþingi en fjöldi fulltrúa félaga reiknast miðað við fjölda virkra iðkenda og keppenda í einstaklingsgreinum og fjölda keppenda í sundknattleik, við næstu áramót fyrir sundþing.

Hvert héraðssamband/íþróttabandalag innan ÍSÍ má senda einn fulltrúa á sundþing. Hvert félag rétt á tveimur fulltrúum fyrir allt að **30 virka iðkendum** í sundíþróttum og einum fulltrúa fyrir hverja **30 iðkendum** í sundíþróttum eða brot úr þeirri tölu eftir það. Að auki mega félög



**64. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL
1. júní 2021**

Þingskjal nr: 2021 - 02

sem eiga skráða keppendur í sundíþróttum senda einn fulltrúa til viðbótar á sundþing fyrir hverja **50 keppendur** eða brot úr þeirri tölu eftir það.

Með sundkveðju

Ingibjörg Helga Arnardóttir

Ingibjörg Helga Arnardóttir
Framkvæmdastjóri SSÍ



**64. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL
1. júní 2021**

Þingskjal nr: 2021 - 03

64. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 1. júní 2021

Dagskrá samkvæmt lögum SSÍ

1. Þingsetning – ávörp gesta.
2. Kjör kjörbréfanefndar.
3. Kjörnir þingforseti/ar og þingritari/ar.
4. Tillaga um heiðursviðurkenningar SSÍ afgreidd.
5. Niðurstaða kjörbréfanefndar kynnt.
6. Kosning starfsnefnda þingsins.
 - a) Fjárhagsnefnd.
 - b) Laga- og leikreglnanefnd.
 - c) Allsherjarnefnd.
 - d) Aðrar nefndir, ef þörf krefur.
7. Skýrsla stjórnar.
8. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
9. Umræður um skýrslu stjórnar, starfsnefnda og reikninga.
10. Afgreiðsla reikninga.
11. Tillögur sem lagðar eru fyrir þingið samkvæmt fundarboði - kynntar og vísað til nefnda.
12. Tillaga stjórnar um fjárhæð og fyrirkomulag þjónustugjalda.
13. Nefndastörf.
14. Fjárhagsáætlun - afgreiðsla.
15. Afgreiðsla lagabreytingatillagna.
16. Afgreiðsla annarra tillagna frá starfsnefndum.
17. Kosningar.
 - a) Kosning formanns til tveggja ára.
 - b) Kosning fjögurra stjórnarmanna á sundþingum sem haldin eru á oddatöluári til fjögurra ára.
 - c) Kosning tveggja varamanna til næsta sundþings
 - d) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga til næsta sundþings
18. Önnur mál.
19. Þingslit.



64. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL
1. júní 2021

Þingskjal nr: 2021 - 04

64. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 1. júní 2021
staðfestir meðfylgjandi fundarsköp þingsins.

Fundarsköp 64. Sundþings 2021

1.grein

Þingforsetar stjórna umræðum og sjá um að allt fari fram með góðri reglu. Þeir sjá til þess að störf þingsins fari að almennum fundarsköpum og þessari samþykkt. Þingforsetum er heimilt að úrskurða í álitamálum um meðferð mála innan þingsins og skulu þingfulltrúar hlýta úrskurði þeirra í hvívetna.

Þingforsetar leitast við að halda útgefna tímaáætlun þingsins.

2.grein

Afgreiðsla mála fer fram í fernu lagi í samræmi við lög SSÍ;

- a) Við birtingu tillagna með greinargerðum 2 vikum fyrir þing
- b) Við framlagningu tillagna í upphafi þings, þar sem málum er vísað í viðeigandi nefndir án umræðu
- c) Í viðeigandi nefnd, þar sem umræða um efnið fer fram. Þar er einnig hægt að leggja fram breytingartillögur. Í nefndum þingsins er heimilt að fara í þrjár umræður um sérhverja tillögu
 - i. Almennar athugasemdir og skoðunum lýst
 - ii. Tillögur um breytingar, ef einhverjar eru, lagðar fram og ræddar
 - iii. Lokaumræða til að tryggja að öll sjónarmið um málið hafi heyrst
- d) Við afgreiðslu málsins inn á þinginu, að loknu nefndarstarfi, þar sem formaður nefndar gerir grein fyrir störfum nefndarinnar. Ekki er gert ráð fyrir almennri umræðu um efni tillagna á þessu stigi, en þingforseti má þó heimila fyrirpurnir og einstaka athugasemdir meti hann það nauðsynlegt

Leitast skal við að ná sameiginlegri niðurstöðu innan nefndarinnar. Formaður nefndar getur leitað fulltingis þingforseta ef nauðsynlegt er að úrskurða innan nefndar og samstaða næst ekki um mál.

Komi upp ágreiningur í nefnd og vilji minnihluti nefndar leggja fram tillögu um breytingu á niðurstöðu nefndar getur þingforseti lagt það til við þingheim að taka slíka tillögu á dagskrá, meti hann það nauðsynlegt. Samþykki a.m.k. 2/3 hlutar þingheims þarf til að samþykkja slíka tillögu þingforseta. Sé hún samþykkt er tillaga minnihluta nefndarinnar þá lesin upphátt af þingforseta og greidd um hana atkvæði án umræðu. Ef tillaga þingforseta um að taka tillögu minnihluta nefndar á dagskrá er felld, er ekki greidd atkvæði um breytingartillöguna.

Ekki er heimilt að koma fram með breytingartillögu, sem ekki hefur verið rædd í viðkomandi nefnd, á þinginu.



64. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL
1. júní 2021

Þingskjal nr: 2021 - 04

3.grein

Sundþing kýs 3 þingfulltrúa í hverja nefnd þingsins, sem hafa það hlutverk taka saman niðurstöðu nefndarinnar og tillögum. Sundþing kýs um hver þessara þriggja er formaður nefndarinnar. Formaður nefndar stýrir fundi hennar.

Efnisleg umræða um tillögur framlagðar á Sundþingi skulu fara fram innan nefnda þingsins. Einungis þar er heimilt að koma með breytingartillögur á fyrirbyggjandi tillögur sem vísað hefur verið til nefndarinnar.

Niðurstaða nefndar og afgreiðsla þingsins getur verið með eftirfarandi hætti:

- a) Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt
 - i. Þingforseti ber tillöguna undir atkvæði þingsins
- b) Nefndin leggur til breytingar á tillögunni og ber hana þannig upp við afgreiðslu málsins
 - i. Þingforseti ber tillöguna þannig breytta undir atkvæði þingsins
 - ii. Felli þingheimur tillögu nefndarinnar, ber forseta að bera upphaflegu tillöguna undir atkvæði þingsins
- c) Nefndin leggur til að upphaflegu tillögunni verði vísað frá
 - i. Þingforseti ber frávísunartillöguna undir atkvæði þingsins án umræðu
 - ii. Nefndinni er ekki heimilt að leggja fram aðra tillögu í stað þeirrar sem hún leggur til að verði vísað frá.

Nú hefur niðurstaða einnar þingnefndar bein áhrif á niðurstöðu annarar þingnefndar. Skulu þingforsetar þá skera úr um málsmeðferð eftir að hafa ráðfært sig við formenn viðkomandi nefnda. Þingfulltrúum ber að virða úrskurði þingforseta.

Þingfulltrúum öllum er heimilt að velja sér nefnd til að starfa í. Heimilt er þingfulltrúum að fara milli nefnda, en ekki er heimilt endurtaka umræður um mál eða taka upp mál innan nefndarinnar, þar sem umræða hefur þegar farið fram um.

4.grein

Þingfulltrúar geta hvenær sem er gert stuttar athugasemdir við störf þingforseta á meðan þingfundur stendur.

5.grein

Hljóðupptaka á þinginu er heimil til að auðvelda frágang þinggerðar.

6.grein

Að öðru leyti skal farið að almennum fundarsköpum og lögum SSÍ eftir því sem við á



SKÝRSLA STJÓRNAR SSÍ 2019-2021

**Yfirlit yfir stjórn og nefndir SSÍ,
Skýrsla stjórnar SSÍ
Skýrslur nefnda SSÍ**

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	2
63. þing SSÍ var haldið í íþróttamiðstöðinni Laugardal í Reykjavík 15. Júní 2019	3
NEFNDAFÓLK SSÍ	4
SKIPÐ AF STJÓRN SSÍ STARFSÁRIN 2019-2021	4
SKÝRSLA STJÓRNAR SSÍ STARFSTÍMANN 2019-2021	5
Inngangur.....	5
Stjórn SSÍ	7
Skrifstofa SSÍ.....	7
Rekstur og afkoma.....	8
Landsliðsstarf.....	8
Stefna SSÍ	8
Sundíþróttir fyrir alla.....	9
Lög og reglur	9
Mótahald SSÍ.....	9
Erlent samstarf.....	9
Fjölmiðlar og samskipti.....	10
Að lokum	10
Skýrslur nefnda starfsárin 2019 til 2021	11
AGA OG SIÐANEFND SSÍ 2019-2021.....	11
FRÆÐSLUMÁL SSÍ 2019-2021	11
DÓMARANEFND SSÍ 2019-2021	12
LANDSLIÐSNEFND SSÍ 2019-2021	17
AÐRAR NEFNDIR SSÍ 2019-2021	25

ÁRSSKÝRSLA SSÍ STARFSÁRIN 2019 til 2021

63. þing SSÍ var haldið í íþróttamiðstöðinn Laugardal í Reykjavík 15. Júní 2019

Sundþing 2019

Þingforsetar Hannes S Jónsson og Sólveig Jónsdóttir

Þingritarar Aðalbjörg Óladóttir
Kjörbréfanefnd Jón Hjaltason
Ingibjörg Helga Arnardóttir
Hlín Ástþórsdóttir

Fjöldi fulltrúa á sundþingi 2019

Samtals 182 frá 67 aðilum hafa seturétt á þinginu. Kjörbréf bárust frá 8 félögum og sambandsaðilum. 38 einstaklingur eru skráðir fullgildir fulltrúar á þingið. Atkvæðafjöldi er 38 og ekkert umboð.

Stjórn, varastjórn og skoðunarmenn reikninga

Kjörin á sundþingi

Stjórn SSÍ: **Stjórn:** **Formaður til tveggja ára (2021)**
Björn Sigurðsson ÍBH - Formaður

4 meðstjórnendur til fjögurra ára (2023)
Bjarney Guðbjörnsdóttir ÍA
Elsa María Guðmundsdóttir ÍBA
Júlía Þorvaldsdóttir ÍBR - Varaformaður
Oddur Örnólfsson ÍBR

2 meðstjórnendur til tveggja ára (2021)
Hörður J. Oddfríðarson ÍBR - Ritari
Viktoría Gísladóttir UMSK - Gjaldkeri

Áfram starfandi til tveggja ára (2021)
Hilmar Örn Jónasson ÍRB
Jón Hjaltason ÍBR – Hætti störfum 2019 og Leifur Guðni kom inn

Varamenn: Hrafnhildur Lúthersdóttir ÍBH – kjörin til tveggja ára,
Leifur Guðni Gréttarsson ÍA – Kallaður inn í aðalstjórn 2019

Skoðunarmenn reikninga: Júlíus V Guðnason ÍA
Lóa Birna Birgisdóttir ÍBR
bæði kjörin til tveggja ára.

NEFNDAFÓLK SSI**SKIPAD AF STJÓRN SSI STARFSÁRIN 2019-2021****Aga- og siðanefnd:**

Ásdís Ó Vatnsdal formaður
Hildur K. Aðalsteinsdóttir
Leifur Guðni Grétarsson
Helga Sigurðardóttir
Hörður Oddfríðarson er fulltrúi stjórnar

Dómaranefnd:

Viktoría Gísladóttir formaður
Björn Valdimarsson
Bryndís Sigurðardóttir
Ingibjörg Ýr Pálmadóttir
Sigurður Óli Guðmundsson
Sigurbjór Sævarsson
Lárus Lúðvík Hilmarsson
Vilhjálmur Ingimarsson
Hilmar Örn Jónasson fulltrúi stjórnar

Móta- og tækninefnd

Arnar Már Loftsson
Leifur Guðni Grétarsson
Karl Georg Klein
Emil Örn Harðarson
Hilmar Örn Jónasson fulltrúi stjórnar

Fræðslu og kynningarnefnd

Ingibjörg Kristinsdóttir
Magnús Már Jakobsson
Dýrleif Skjöldal
Finnbjörn Aðalheiðarson
Salóme Rut Harðardóttir
Bjarney Guðbjörnsdóttir
fulltrúi stjórnar

Sundiþróttanefnd

Hörður Oddfríðarson fulltr. Stj
Nefndin tók aldrei til starfa

Íþróttamannanefnd:

Nefnd var ekki fullskipuð

Kjörnefnd:

Oddur Örnólfsson
Jón Hjaltason Jónas Tryggvason
Ingibjörg Helga Arnardóttir fulltr. stj

Landsliðsnefnd:

Magnús Tryggvason formaður
Eðvarð Þór Eðvarðsson
Erla Dögg Haraldsdóttir
Eyleifur Jóhannesson Kom inn sumar 2020
Ingibjörg Helga Arnardóttir fulltrúi stjórnar

Afmælisnefnd:

Björn Sigurðsson
Júlía Þorvaldsdóttir
Oddur Örnólfsson

Mannvirkjanefnd:

Sigurður Óli Guðmundsson
Elsa María Guðmundsdóttir
Hörður Oddfríðarson
Júlía Þorvaldsdóttir fulltrúi stj.

Þjálfaranefnd:

Guðmundur Hafþórsson
Davíð Jónatansson
Kjell Wormdal
Berglind Ó Bárðardóttir
Helena H. Ingimundard.
Hilmar Smári Jónsson
Hrund Karlsdóttir
Bjarney Guðbjörnsdóttir fulltrúi stjórnar

Launaðir starfsmenn SSÍ 2019-2021

Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri

Emil Örn Harðarson móta- og miðslunarstjóri

Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir verkefnastjóri frá til 1. júní 2020 hlutastarf

Mladen Tepavcevic verkefnastjóri til 1. Júní 2020 hlutastarf

Eyleifur Jóhannesson Yfirmaður landsliða og afreksstarfs frá 1. Júlí
2020

Hlín Ástþórsdóttir bókari hlutastarf

SKÝRSLA STJÓRNAR SSÍ STARFSTÍMANN 2019-2021**Inngangur**

Starfstímabil núverandi stjórnar er líklega það óvejulegasta í 70 ára sögu sambandsins vegna Covid-19 faraldursins sem herjað hefur á heimsbyggðina undanfarna 15 mánuði. Vegna þessara óvenjulegu tíma þá reyndi mikið á starfsfólk og stjórnarfólk SSÍ og bregðast þurfti við sérkennilegar aðstæður með litlum fyrirvörum. Stjórn SSÍ hélt 22 stjórnarfundum á tímabilinu auk þess sem stjórnarmenn hittust eða töluðu saman þess á milli um hin ýmsu mál sem upp komu. Framkvæmdastjóri, yfirmaður landsliða og formaður sátu ótal fjarfundum ásamt íþróttahreyfingunni með lögreglu, almannaörunum, sóttvarnaryfirvöldum, ráðuneytum og ráðherrum til að vinna úr þeim krefjandi aðstæðum sem upp komu. Við þurftum að setta okkur við að æfingum var hætt og sundlaugum lokað nokkru sinnum á tímabilinu og þau mót sem okkur tókst að halda eftir RIG 2020 voru haldið með takmörkunum og ströngum sóttvarnareglum. Stjórn SSÍ vill enn og aftur koma fram þakklæti sínu til þjálfara og stjórnarfólks aðildarfélaganna sinna um hvernig hreyfingunni tókst að bregðast við þessum óvenjulegu aðstæðum. Það var virkilega gaman að fylgjast með þeirri hugmyndaugi sem var í gangi og hvernig sundfólkið okkar var hvatt áfram frá þjálfurum sínum í gegnum samfélagsmiðla. Þetta starf er í raun ómetanlegt þar sem að það eru mikil verðmæti fólgin í því að halda hausnum og líkamanum í lagi þegar á móti blæs og koma í veg fyrir brottfall. Árið 2020 átti að vera stórt ár á alþjóðavettvangi en nær öllum mótum var frestað eða lögð af. Þar skal helst að nefna Ólympiuleikana í Japan sem frestað var um ár, EM 50 var einnig frestað um ár en það tókst að halda mótið í maí í ár. HM50 sem halda átti í Japan 2021 var frestað til ársins 2022 og þá var smáþjóðaleikunum sem fram áttu að fara í Andorra 2021 einnig frestað. Þá var EMU og NÆM sem áttu að fara fram árið 2020 slegin af og EYOF frestað til ársins 2022 svo að eitthvað sé nefnt. Neðar í skýrslunni gefur að líta yfirlit yfir þau mót sem haldin voru og hvaða fulltrúa við áttum á þeim mótum.

Að öðru leiti starfaði stjórn SSÍ vel og var lítill ágreiningur um afgreiðslu mála innan hennar. Stjórnarfólk var boðið og búið að bregðast við óvæntum málum sem komu upp hvenær sem er og allir stjórnarmenn unnu að miklum heilindum með hagsmyndir hreyfingarinnar að leiðarljósi. Fundargerðir stjórnar má sjá á heimasíðu SSÍ.

Það er þannig að nefndir sambandsins eru misvirkar. Dómaranefnd er sú nefnd sem heldur fundi reglulega og skilar fundargerðum til stjórnar. Störf dómaranefndar eru til mikillar fyrirmyndar og það er eintaklega faglega að málum staðið. Fræðslunefnd og Landsliðsnefnd störfuðu einni skipulega á tímabilinu en með ráðningu yfirmanns landsliðsmála ákvað stjórn að taka fræðslumálin og landsliðsmálin innanhúss og leitað er til fólks innan hreyfingarinnar til að aðtoða og gefa faglegt mat inn í þá vinnu. Afmælisnefnd hittist þrisvar sinnum á tímabilinu og er enn að störfum en tilurð þeirrar nefndar er að sjálfsögðu 70 ára afmæli SSÍ. Aðrar nefndir störfuðu misreglulega á tímabilinu og sumar ekki neitt. Þrjú mál bærust aga- og síðanefnd sem öll enduðu með sátt. Stjórn SSÍ skipaði í nær allar nefndir í upphafi starfstíma. Samt voru sumar þeirra óvirkar, aðrar störfuðu tímabundið, en þær sem að ofan eru taldar voru virkar. Nefndir sambandsins eru skipaðar sjálfboðaliðum frá félögum og alveg spurning hvort við viljum hafa þetta kerfi með sama hætti í framtíðinni. Ný stjórn þarf að hafa það í huga þegar kemur að skipun nefnda að loknu þingi og fyrir þinginu liggja tillögur um lagabreytingu vegna nefndarstarfs.

Einn af hápunktum tímabilsins sem er að líða er ráðnings yfirmanns landsliðsmála, Eyleifs „Leifa“ Jóhannessonar í 100% starf. Starfsvið Leifa er breitt og nær auk afreksstarfs einnig til fræðslumála auk þess sem Leifi er faglegur tengiliður SSÍ við félögin og hægt er að leita til hans. Leifi hefur þegar sett mark sitt á starf okkar og bindum við miklar vonir um framhaldið. Með auknum umsvifum og auknum fjárframlögum taldi stjórn nauðsynlegt að fá aðila í 100% starf til að sinna þessum málum enda aukin og knýjandi þörf til þess að horfa lengra fram í tímann en við höfum gert til að standast þær kröfur sem gerðar eru á alþjóðavettvangi og í uppbyggingu. Með ráðningu Leifa þá létu af störfum verkefnastjórnar landsliða þá Arna og Mladen sem störfuðu í hlutastarfi. Við þökkum þeim fyrir vel unnin störf en þau munu vonandi starfa hjá okkur áfram og vera okkur til halds og trausts á verkefnatengdum forsendum.

Haldnir voru æfingadagar landsliða og mælingar með reglulegu millibili þegar að sóttvarnareglur leyfðu. Stjórn SSI hélt áfram samstarfi sínu við Ragnar Guðmundsson vegna mælinga og stoðþjónstu við afreksfólk okkar. Einnig hefur verin lögð aukin áhersla á samvinnu við sjúkrahjálfa, sálfræðinga og næringafræðinga til að styðja enn frekar við bakið á sundfólkinu okkar.

Við höldum rafrænan formannafund í lok nóvember 2021. Þáttaka var góð og á fundinum, auk hefðbundinnar dagskrár, fór Leifi yfir áherslur sína og sýn á starfið auk þess sem Jóhann Ingi Gunnarsson sálfræðingur stappaði stálinu í fundarmenn á skritunum tímum.

Gögn sem safnast upp þarf að koma skipulega fyrir þannig að þau nýtist áfram í starfinu, bæði formleg gögn sem fara milli aðila hreyfingarinnar en ekki síður upplýsingar sem birtast í okkar eigin fjölmiðlum. Við þurfum að halda þessari vinnu áfram og koma verklagi og verkferlum í fastari skorður en verið hefur, þó margt hafi breyst til batnaðar á undanförunum árum.

Dómaramál í sundi eru í föstum skorðum. Stjórn SSI leggur mikla áherslu á að viðhalda þekkingu sunddómara á Íslandi. Íslensk sundhreyfing hefur fengið hrós erlendis fyrir virka og góða dómgæslu á alþjóðlegum mótum hér heima og góða þekkingu þeirra dómara sem hafa farið erlendis á okkar vegum til að sinna dómgæslu. Á haustdögum fékk SSI staðfest að 3 dómarar og 2 ræsar yrðu á nýjasta dómaraalista FINA sem gildir til ársins 2022. Þar með eigum við 10 aðila sem hafa heimild til að dæma og ræsa á alþjóðlegum mótum og geta sótt um að dæma á mótum LEN og FINA. SSI sendi dómara út á EMU, NÆM, EYOF og EM25 árið 2019 auk þess sem þrír íslenskir dómarar voru á Smáþjóðaleikum 2019 en það tilheyrir strangt til tekið síðasta tímabili. Árið 2020 tóku engir dómarar frá okkur þátt í erlendum mótum enda fá eða engin mót haldin. Það skiptir okkur miklu máli að hafa þessar stöður mannaðar því bæði Íslandsmeistaramótin auk að minnsta kosti þriggja annarra móta sem rekin eru hér á hverju ári eru alþjóðleg og þarf að framkvæma samkvæmt ítrustu reglum. Það er því stór sparnaður í því að eiga alþjóðlega dómara til að dæma á þessum mótum, að öðrum kosti þyrftum við að fá þá erlendis frá.

Stjórn SSI mun hér eftir sem hingað til aðstoða félög við að reyna að fá betri aðstöðu til sundiðkunar í þeirra heimabæjum en ekki hefur lagast aðstaðan hvorki á Ísafirði, Akureyri né Akranesi þar sem vonast var eftir nýjum innisundlaugum í samræmi við yfirlýsingar bæjarfulltrúa á þessum stöðum.

Íslendingar eru vel kynntir í garpasundi á alþjóðavísu. Vegna ástandisins í heiminum voru engir fulltrúar frá okkur á garpamótum erlendis á tímabilinu en vonir standa til þess að það ástand lagist á næstu mánuðum og við getum látið til okkur taka á ný. Til sendur að við höldum Norðurlandamót Garpa í haust og stefnir allt í að mótið geti farið fram. Upphaflega átti að halda mótið í Færeyjum árið 2021 en hér á landi árið 2022 en frændur okkar í Færeyjum voru það elskulegir að skipta við okkur í tilefni af 70 ára afmæli SSI. Hörður Oddfríðarson á sæti í gerpanenfdum LEN og FINA fyrir okkar hönd í gegnum samstarf okkar við norðurlandþjóðirnar.

Mínna var um félagaskipti á þessu starfstímabili en því síðasta og er það líklega til komið vegna þeirra óvenjulegu aðstæðna sem uppi voru.

Fjöldmörg íslensk met voru staðfest á starfstímanum þó svo að það sé augljós fækkun á milli ára vegna færri keppna en árangur á ÍM50 í apríl síðastliðnum gefu okkur góðar vonir um að framundan séu blómlegir tímar og umrædd kynslóðaskipti eru að takast vel.

Við þurfum að huga vel að fjölgun í sundhreyfingunni og finna ráð til að auka iðkun sundíþrótta. Félögum stendur til boða að fá aðstoð frá SSI við uppbyggingu, framkvæmdastjóri, yfirmaður landsliða, mótastjóri, ýmsir úr stjórn SSI og fleiri hafa farið í heimsóknir til að segja heimafólki til og styðja við það starf sem í gangi er. Við sjáum aukna þörf á þessu enda er þetta í góðu samræmi við stefnu okkar.

FINA fól SSI að sjá um FINA Level 3 þjálfaranámskeið á þeirra vegum, sem var nokkuð umfangsmikið verkefni. SSI sá um allt skipulag námskeiðsins, sem auglýst var víða um heim og með því gafst íslenskum þjálfurum gott tækifæri til að bæta við þekkingu sína og færni. Að mati SSI gagnast slík símenntun og endurmenntun öllum þjálfurum, bæði þeim sem hafa nýlega tekið til starfa og einnig þeim sem eldri eru. Námskeiðið fór fram í lok september 2019. Samkvæmt stefnu SSI þurfa allir þeir sem þjálfá sund á Íslandi að hafa lokið grunnþjálfaranámskeiði ÍSI og sérgreinahluta SSI.

Stjórn SSI

Stjórn SSI hélt 22 fundi á tímabilinu en hittist þess utan í smærri hópum til að vinna að einstökum málefnum. Samskipti voru einnig nokkur utan funda meðal annars með rafpósti og í óformlegu samstarfi um einstök verkefni. Stjórnin samanstendur af 9 aðalmönnum og 2 til vara. Á sundþingi árið 2019 var samþykkt lagabreyting sem tekur gildi á þessu sundþingi en þá skipa stjórn 8 aðalmenn auk formanns. Í kjölfar sundþings 2019 skipti stjórnin með sér verkum, Júlía Þorvaldsóttir er varaformaður, Hörður Oddfríðarson er ritari og Viktoría Gísladóttir var valin gjaldkeri. Jón Hjaltason kaus að láta af störfum af persónulegum ástæðum í september 2019 og kom Leifur Guðni Grétarsson inn í aðalstjórn í hans stað. Framkvæmdaráð var skipað formanni, framkvæmdastjóra og mótastjóra, auk þess sem varaformaður og gjaldkeri komu óreglulega að því starfi einnig.

Allir núverandi stjórnarmenn bjóða sig aftur fram til setu í stjórn og er það merki um það hveru góð liðsheild stjórninn er enda hefur tekist einkar vel til að leysa úr málum og háttvísi og virðing einkennandi innan hópsins.

Skrifstofa SSI

Ingibjörg Helga Arnardóttir er í fullu starfi sem framkvæmdastjóri. Emil Örn Harðarson er í fullu starfi sem móta- og miðlunarstjóri en hann sér m.a. um heimasíðu sambandsins. Emil hefur kosið að láta af störfum á næstu mánuðum og ráðið verður í starf hans á hautmánuðum en Emil verður áfram með okkur í verkefnum á næstu mánuðum. Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir og Mladen Tepavcevic störfuðu sem verkefnastjórar til júlí 2020. Eins og áður sagði þá var Eyleifur Jóhannesson ráðin í störf yfirmanns Landsliðsmála og afreksstarfs í júlí 2020. Hlín Ástþórsdóttir hefur um árabil fært bókhald sambandsins og heldur því starfi áfram.

Tekist hefur smátt og smátt að endurnýja tækja- og skrifstofubúnað SSI áfram er nauðsynlegt að huga að endurnýjun. Heimasíða SSI er orðin 5 ára gömul og tími til kominn að huga að breytingum og að hanna nýja heimasíðu með notendavænna viðmóti.

Rekstur og afkoma

Reikningar Sundsambands Íslands liggja fyrir og fylgja skýrslunni í sérkafla. Fjárhagsleg afkoma er góð og sambandið er rekið í fjárhagslegu jafnvægi á hverju ári. Sum ár eru auðvitað kostnaðarsamari en önnur, t.d. hafa Ólympíuár yfirleitt verið ferkar dýr, en þetta hefur jafnast mikið síðastliðin 10 ár, þar sem Smáþjóðaleikar, Heims- og evrópumeistaramót eru annað hvert ár. Við höfum loksins náð þeim áfanga á síðastliðnum árum að sundfólkið hefur ekki þurft að greiða með sér þegar það tekur þátt í afreksverkefnum sem tengjast mótum á okkar vegum. Þannig höfum við náð áföngum í að uppfylla metnaðarfulla stefnu okkar. Afrekssjóður hjálpar mikið, en hafa verður í huga að sambandið þarf að koma með eigið styrktarféa á mótum sjóðnum í fjármögnun afreksstarfs og uppbyggingu, til þess að eiga möguleika á að hámarka styrki okkar sem A-samband.

Góð fjárhagsleg afkoma er grundvöllur þess að áætlanir okkar gangi upp, þ.e. að við náum að byggja upp öflugan afrekshóp með einstaklingum sem eiga þá von um úrslitasund og verðlaun á stórmótum.

Speedo er ennþá aðalstuðningsaðili okkar.

Markmið okkar er enn sem fyrr að framlag frá Alþingi, Lottótekjur og þjónustugjöld ásamt hluta útbreiðslustyrks standi undir launagreiðslum og rekstri skrifstofu sambandsins og þjónustu við félög og deildir. Styrkir vegna landsliða hafa fyrst og fremst komið frá Afrekssjóði ÍSÍ og Speedo á Íslandi.

Landsliðsstarf

Eins og áður sagði þá var Eyleifur Jóhannesson ráðin í 100% starfs yfirmanns landsliða og afreksstarfs sumarið 2020. Leifi er mikill fengur fyrir sundhreyfinguna og hefur hann þegar sett sterkar svip á afreksstarf okkar. Leifi hefur yfirumsjón með lágmarkum og viðmiðum fyrir afreksstarfið okkar. Með ráðningu Leifa þá höfum við tekið þau störf sem áður voru í höndum landsliðsnefndar meira innanhúss en leitum áfram til þeirra aðila sem nefndina skipuðu til að vera okkur innan handar. Það sama gildir um fræðslumál sem áður voru á borði fræslunefndar. Með tilkomu Leifa er markið setta enn hærra en áður sem eiga að skila okkur auknum gæðum og getu hjá sundfólki okkar.

Árangur sundfólks á síðustu tveim árum eru lituð af Covid-19 ástandinu sýnir einnig að kynslóðaskipting er að eiga stað í íslensku sundlífi. Við Sáum á ÍM50 í vor að við eigum mikið af sundfólki sem er að stíga upp úr unglingsstarfinu og framtíðin er björt. Skipulögð uppbygging í yngri hópnum er að eiga sér stað, en við megum aldrei gleyma þeim sem eru í framlínunni á hverjum tíma, hlú að þeim og gæta þess að aðstæður þeirra séu eins og best verður á kosið.

Stefna SSÍ

Uppfærð stefna SSÍ var samþykkt á síðasta sundþingi ásamt sérstakri afreksstefnu og liggur hvorutveggja fyrir sundþingi nú í yfirfarinni útgáfu. Að þessu sinni gáfum við öllum í hreyfingunni kost á að koma með tillögur og athugasemdir við stefnuna. Engar tillögur bárust og tókum við því sem skilaboðum um að litlu væri við að bæta þar sem okkur hefði tekist vel á undanförunum árum að þróa bæði almenna stefnu og afreksstefnu sem stæðust báðar tímans tönn nokkuð vel. Það er því með gleði sem við leggjum nýjar stefnur fram til staðfestingar á þessu Sundþingi þar sem þær uppfylla báðar væntingar sundhreyfingarinnar og Afrekssviðs ÍSÍ.

Stefnur sem þessar eiga að vera í sífelldri endurskoðun, eiga að vera lifandi og breytilegar eftir aðstæðum en þær eru grundvöllur þess að við getum fengið styrki úr Afrekssjóði ÍSÍ.

Stefnumótun SSÍ er ekki eingöngu til gagnvart afreksfólkinu okkar og þess vegna er hún útfærð fyrir aðrar sundíþróttir og almenning. Við þurfum að komast í samstarf við sveitastjórnir og ráðuneyti íþróttatila til að herða upp á þeirri sjálfssögðu kröfu að allir Íslendingar eigi að kunna að synda og ekki síður að sundlaugamannvirki verði byggð upp sem víðast með hagkvæmum hætti.

Sundíþróttir fyrir alla

Iðkenndatölur SSÍ eru á reiki en fjöldi iðenda hefur verið svipaður á milli ára. Skráningarkerfi íþróttahreyfingarinnar, Felix, hefur ekki staðið undir væntingum og hefur ÍSÍ ákveðið að stöðva frekari þróun á því kerfi vegna óánægju innan hreyfingarinnar. Það er okkur í SSÍ mjög mikilvægt að allir sem á einhvern hátt iðka sundíþróttir innan okkar raða séu skráðir rétt. Það verður eitt af stóru verkefnum nýrrar stjórnar SSÍ að koma skikki á þau mál. Við þurfum að finna leið til að ná til fleiri einstaklinga, til að fjölga iðkendum í sundíþróttum. Reynt hefur verið að auka iðkun í sundknattleik og það hefur gengið vel undir góðri forystu Glenn Moyle og Mladens Tepavecvic. Nauðsynlegt er að ná betra samstarfi við sundkennara til að kynna sundknattleik og keppnissund, sem er annað stórt verkefni fyrir nýja stjórn að takast á við.

Viðavatnssund er sú sundíþrótt sem hefur notið mikilla vinsælda hin síðari ár og er stöðugt að bæta við sig meðal almennings.

Garpastarfið hefur heldur staðnað og nauðsynlegt að ná samstarfi við Þríþrautasamband Íslands um sameiginlega skráningu árangurs. Nokkrir garpar hafa komið til keppni bæði á EM og HM garpa þó að við höfum ekki náð að keppa á yfirstandandi tímabili vegna heimsfaraldurs. Það hefur verið einstaklega skemmtilegt og vekur athygli á okkur sem sundíþróttahjóð.

Keppni í dýfingum eða samhæfðri sundfimi fór ekki fram á tímabilinu, en í vetur komumst við í samband við tvær íslenskar stúlkur sem búa í Japan. Þær munu keppa fyrir Íslands hönd í samhæfðri sundfimi og vonandi verður framhald á því.

SSÍ hefur staðið fyrir grunnskólasundmóti mörg undanfarin vor. Útfærsla þessara skólasundmóta er á tímamótum, því okkur er nauðsynlegt að ná þessari keppni um allt land, því í þessum mótum liggur lífæð okkar og möguleiki á að ná fleiri iðkendum. Vinnan við þessi skólasundmót hefur að mestu verið á herðum starfsfólks SSÍ, sérstaklega Ingibjargar Helgu framkvæmdastjóra sem hefur verið óþreytandi að þróa þessi mót og stækka. Þessi mót hafa vaxið með miklum hraða, en 640 þátttakendur voru árið 2019 á móti 590 árið á undan sem þó var metár. Af auglsjósum ástæðum fór mótið ekki fram á síðasta ári en vonandi verður hægt að taka upp þráðinn á þessu ári.

Lög og reglur

Á þessu þingi liggur fyrir ein lagabreytingatillaga og einnig tillaga um þingið staðfesti breytingar stjórnar SSÍ á reglugerðum SSÍ en reglugerðir sambandsins eru í eðli sínu lifandi skjal og er það í höndum stjórnar að samþykkja breytingar á reglugerðum komi rökstuddar tillögur þess efnis.

Mótahald SSÍ

Eins og fram hefur komið þá var mótahald með mjög óhefðbundnu sniði á yfirstandandi tímabili. Okkur tókst þó að halda nokkur mót á tímabilinu en þau voru ýmist á óvenjlegum tímum eða með miklum takmörkunum. Hætta þurfti við næstum öll mót á 25 m tímabilinu seinnihluta árs 2020 þ.m.t Bikarkeppnina og ÍM25.

Garpastarfið er í föstum skorðum og fleiri félög farin að gera ráð fyrir keppni garpa. Þríþrautin heldur áfram að dafna og er mikil fjölgun í þeirri íþrótt sem styður við garpastarfið.

Sundknattleik er hægt og sígandi að vaxa fiskur um hrygg, Íslandsmótið er komið á fastan stað í byrjun maí og mikill metnaður er í þeim sem stunda greinina, en þeir hafa komist í samband við erlenda klúbba sem vilja koma hingað til keppni. Stjórn SSÍ mun að líkindum koma að frekari uppbyggingu sundknattleiks í náinni framtíð en tími í sundlaugum hefur verið helsti flöskuhálsinn í því starfi innan Reykjavíkur.

Erlent samstarf

Norðurlandþjóðirnar hafa staðið þétt saman og stutt hverjar aðra innan LEN og FINA. Þórunn Kristín Guðmundsdóttir er meðlimur í sundtækninefnd LEN og Hörður J. Oddfríðarson fráfarandi formaður SSÍ er nú varaformaður garpanefndar LEN og meðlimur í garpanefnd FINA.

Það er okkur mjög mikilvægt að halda okkar góða orðspori sem við höfum í alþjóðlegu samstarfi og alþjóðlegir dómarafrá Íslandi hafa svo sannarlega lagt inn á þann reikning með fagmennsku sinni og hógværð.

Fjölmiðlar og samskipti

Í breyttum heimi fjölmiðlunar höfum við þurft að koma okkur upp okkar eigin miðlun bæði í formi útsendinga frá mótum og í formi tilkynninga til hefðbundinna fjölmiðla.

Á undanförunum árum höfum streymt á netinu mótum sambandsins og hefur það gefið góða raun og tæknin og gæðin hafa verið betri og betri. Undanfarin misseri höfum við unnið þetta í samstarfi við Rúnar Pál Bryjúlsson sem er vel tækjum búinn og hefur gert þessu góð skil m.a með því að vera með nokkrar myndavélar og náð að birta tímatöflu í útsendingum. Þá höfum við einnig verið með lýsanda í úrslitahlutum stærstu móta okkar og hefur það gefið góða raun. Það má í raun segja að það Covid-19 ástandið hefur hjálpað til við þróun í streymi og mikilvægi þess í starfsemi okkar. Gæði streymisins eru orðin með þeim hætti að fjölmiðlar eru farnir að fá afrit af því til að nota sem innslög í fréttatíma. Þá höfum við einnig dæmi um að streymið hefur hjálpað þjálfurum mikið í þjálfun með því að sýna keppendum eftirá hvernig sund þeirra var. Þá hefur RÚV einnig staðið sig vel í útsendingum af viðburðum og ber þá helst að nefna RIG, ÍM50 og EM50 svo að eitthvað sé nefnt. Þetta breytta landslag sem orðið hefur í fjölmiðlum hefur orðið til þess að það er mikilvægara fyrir okkur en nokkru sinni fyrr að senda eigin fjölmiðlafulltrúa á mót okkar erlendis til að færa fréttir af mótinu og sundfólkinu okkar. Hörður Oddfríðarson er kominn með talsverða reynslu á þessu sviði og fór m.a á EM50 í Búdapest og tókst að gera mótinu góð skil í fjölmiðlum hérna heima.

Það er einnig mikilvægt að miðslunarstjóri SSÍ komi upplýsingum til fjölmiðla bæð fyrir og eftir mót enda hefur það komið á daginn að því meira sem við sendum frá okkur því meira er birt um mótin okkar og starf.

Samskipti við félögin hafa verið með ágætum þetta starfstímabil. SSÍ hefur lagt til fræðslu og leiðbeiningu til minni félaga úti á landi, en þjálfarar, mótastjóri, yfirmaður landsliðsmála og fleiri innan SSÍ hafa sinnt því. Þá hefur stjórnarmönnum í SSÍ verið boðið að sitja aðalfundi aðildarfélaga innan sambandsins og stjórn SSÍ þiggur slík boð með þökkum enda gaman að sjá það starf sem fer fram inn í hreyfingunni.

Langflestir þeirra sem eru að störfum innan íþróttahreyfingarinnar eru í sjálfboðavinnu og eyða miklum tíma í þágu íþróttanna. Það reynist æ erfiðara að fá fólk til starfa í íþróttahreyfingunni, sem er kannski skiljanlegt, þar sem fólk greiðir oft en ekki með sér á ýmsan hátt.

Að lokum

Í sundhreyfingunni er fjöldi fólks tilbúið að leggja á sig ómælda vinnu til að sundfólkið okkar geti stundað íþrótt sína af fullum krafti. Alla jafnan er sjálfboðaliðastarfið skemmtilegt og gefandi, en stundum kemur upp misskilningur og leiðindi sem nánast alltaf má rekja til þess að fólk hefur ekki réttar upplýsingar eða hefur ekki leitað þeirra hjá þeim sem þær hafa. Ég hvet alla sem vinna að sundi á Íslandi að gæta að náunga sínum, hvort sem sá er í sama félagi eða ekki, því við erum öll mannleg og misjöfn. Við skulum áfram hafa það að leiðarljósi að vera góð hvort við annað. Við erum öll að vinna að sama marki. Mannauðurinn sem hreyfingin býr að er fjársjóður sem við þurfum að gæta að til að það skili sér í öflugri og sístækkandi sundíþróttahreyfingu á Íslandi.

Fyrir hönd SSÍ þakka ég öllum sem hafa lagt hönd á plóg á undanförunum árum, hvort sem um er að ræða dómgæslu, tæknivinnu, verðlaunaveitingar, umferðarstýringar, veitingasölu, fararstjórn, foreldri eða hvað sem er annað sem hefur orðið til þess að betri árangur hefur náðst. Þá þakka ég stjórnarfólki og starfsfólki SSÍ, nefndarfólki, þjálfurum, sjúkrahjálfurum, fararstjórum og öðrum þeim sem hafa með beinum hætti komið að starfi SSÍ á undanförunum árum kærlega fyrir samstarfið. Þá vil ég bera sérstakar þakkir til Ingibjargar Helgu Arnardóttur framkvæmdastjóra SSÍ fyrir frábærlega unnin störf. Ingibjörg hefur vaxið gríðarlega í starfi og er vakin og sofin yfir hagsmunum hreyfingarinnar dag og nótt. Það hefur verið sérstaklega mikið álag á henni og skrifstofu sambandsins í Covid-19 ástandinu og þurf að bregðast skjótt við erfiðum aðstæðum og upplýsa hreyfinguna um gang mála og gæta hagsmuna SSÍ.

Við erum hreyfing sem telur 7 viðurkenndar íþróttagreinar, þar af 5 Ólympíugreinar. Við eigum ónýtta möguleika til að verða fyrirferðameiri og stærri, þannig að þeir sem stunda þessar íþróttagreinar fái möguleika á að takast á við sundíþrótafólk á alþjóðlegum vettvangi. En fyrst þurfum við að vinna heimavinnuna okkar.

Fh stjórnar Sundsambands Íslands
Björn Sigurðsson
formaður SSÍ

Skýrslur nefnda starfsárin 2019 til 2021

AGA OG SIÐANEFND SSÍ 2019-2021

Aga og siðanefnd SSÍ 2019-2021 skipa þau; Ásdís Ó Vatnsdal formaður, Helga Sigurðardóttir, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Leifur Guðni Gréтарsson og Hörður Oddfríðarson fulltrúi stjórnar Þrjú mál komu fyrir aga- og siðanefnd og enduðu þau öll með sátt milli aðila.

FRÆÐSLUMÁL SSÍ 2019-2021

FINA fól okkur það verkefni að sjá um þjálfaranámskeið á þeirra vegum, sem er nokkuð umfangsmikið verkefni. SSÍ sá um allt skipulag námskeiðsins sem auglýst var víða um heim og með því gafst íslenskum þjálfurum gott tækifæri til að bæta við þekkingu sína og færni. Að mati sundsambandsins gagnast slík sí – og endurmenntun öllum þjálfurum, bæði þeim sem hafa nýlega tekið til starfa og einnig þeim sem eldri eru.

SSÍ hélt FINA level 2 námskeið í janúar 2019 og hélt FINA level 3 í september.

Hingað til lands til að kenna level 3 fyrir FINA kom Dr Genadijus Sokolovas, en hann er talinn af mörgum einn færasti íþróttalífleðlisfræðingur heims. Auk þess sem hann kenndi Level 3 námskeiðið þá hélt hann tvo aðra fyrirlestra á vegum SSÍ fyrir þjálfara og foreldra.

- Training of Top US Sprinters
- Training of Top US Distance swimmers

Heimsókn þessa merka manns var óumdeilanlega hápunktur ársins 2019 í fræðslumálum.

Ingi Þór Ágústsson var með sérgreinahlutann SSÍ fyrir þjálfara í lok september 2019 í RVK og aftur á Akureyri í janúar 2020. Hvað varðar þjálfaranám hjá SSÍ þá er hafinn undirbúningur á námskeiði með nýju sniði með hjálp Canvas tölvukerfisins og höfum við hug á því að fá FINA til að samþykkja að þeir þjálfarar sem taka sérgreina hluta 1 og 2 hjá SSÍ fái það metið sem FINA level 1 og 2. Frá haustinu 2020 fékk SSÍ þau Inga Þór Einarsson og Kristínu Guðmundsdóttir inn í verkefnahóp til að vinna að þjálfarahandbók og undirbúa nýtt þjálfaranámskeið í tengslum við hana. Þessi vinna hefur gengið hægar en við vonuðumst til en vinna í kringum reglugerðir frá Heilbrigðisráðuneytinu og sóttvarnir hafa litað vinnu allra í íþróttahreyfingunni frá því í mars 2020 fram til dagsins í dag.

SSÍ mun áfram reyna að hafa þá stefnu að allir þeir sem þjálfar sund á Íslandi hafi lokið þjálfaranámskeiði hjá ÍSÍ og sérgreinahluta hjá SSÍ. Jafnframt er stefnt að því að innan tveggja ára verði gerð krafa um að allir þjálfarar hafi lokið slíku námi áður en þeir hefja störf.

Í febrúar 2020 kom Ragnar Guðmundsson til landsins til að halda fund með sundþjálfurum landsins. SSÍ hefur reynt að leggja mikla áherslu fræðslu þjálfara og auka samvinnu milli þjálfara. Lögð var áhersla á að auka þekkingu á hvernig umhverfi/aðstæður sundmanna eru í dag og hvernig hægt er gera það betra til að bæta frammistöðu sundmanna. Á fræðslufundum var lögð á hvernig hægt er að bæta frammistöðu sundmanna, líkamlegan styrk, út frá tæknilegum, félags- og sálfræðilegum þáttum. Fyrirkomulag á mótahaldi getur líka skipt máli.

Þjálfararáðstefna SSÍ fór fram í september 2020 og heppnaðist gríðarlega vel. Markmið ráðstefnunnar var að kynna nýjar áherslur SSÍ í afreksmálum og uppbyggingu, veita fræðandi fyrirlestra tengda þjálfun og síðast en ekki síst að hrista hópinn saman fyrir komandi vetur. Ragnar Guðmundsson íþróttfræðingur frá Deutsche Sporthochschule Köln, Þýskaland í þjálfunarvísindum og sundi (Training science and swimming) hélt erindi um sundgreiningu og uppbyggingu sundtímabilsins, Jóhann Ingi Gunnarsson sálfræðingur fór yfir markmiðssetningu og samskiptafærni, Eyleifur Jóhannesson, yfirmaður landsliðsmála hjá SSÍ fór yfir afreksstarfið á komandi sundári 2020- 2021.

DÓMARANEFND SSÍ 2019-2021

Í dómarnefnd SSÍ árið 2019 – 2021 störfuðu:
Viktória Gísladóttir formaður Björn Valdimarsson
Bryndís Sigurðardóttir Ingibjörg Ýr Pálmadóttir
Sigurður Óli Guðmundsson
Sigurþór Sævarsson
Lárus Lúðvík Hilmarsson
Vilhjálmur Ingimarsson Lést apríl 2021
Hilmar Örn Jónasson fulltrúi stjórnar

Helstu verkefni nefndarinnar:

Á árunum 2019 og 2020 voru haldnir 17 nefndarfundir.

Listi um starfandi dómara er reglulega yfirfarin og uppfærður hjá dómarnefnd. Þegar nemar hafa safnað viðeigandi punkta fjölda eru þeir uppfærðir í almanna dómara og birt á heimasíðu SSÍ.

Dómarnefnd heldur utan um innsendar skýrslur um störf dómara á sundmótum.

Meistaramót og stórmót innanlands.**2019:**

RIG í Laugardalslaug, Reykjavík 25. – 27. janúar.

Gullmót KR í Laugardalslaug, Reykjavík 8. – 10. febrúar.

Ásvallamót SH í Ásvallalaug, Hafnarfirði 16. – 17. mars.



Dómarar á Ásvallamót SH í Hafnarfirði

ÍM 50 í Laugardalslaug, Reykjavík 5. – 7. apríl.

IMOC í Laugardalslaug, Reykjavík 3. – 4. maí.

AMÍ í Vatnaveröld, Reykjanesbæ 21. – 23. Júní

ÍM í víðavatnssundi, Nauthólsvík, Reykjavík 30. júlí



Dómarar sem störfuðu á ÍM í viðavatnssund 2019

Bikarkeppni í Vatnaveröld, Reykjanesbæ 27. – 28. september

ÍM 25 í Laugardalslaug, Reykjavík 8. – 10. nóvember

2020:

RIG í Laugardalslaug, Reykjavík 24. – 26. janúar

Gullmót KR í Laugardalslaug, Reykjavík 14. – 16. febrúar

Ásvallamót SH í Ásvallalaug, Hafnarfirði 14. – 15. Mars

AMÍ í Ásvallalaug, Hafnarfirði 3. – 5. júlí



Dómarar á AMÍ í Hafnarfirði í nýju finu dómarabolunum

ÍM/ÍF 50 í Laugardalslaug, Reykjavík 17. – 19. júlí

IMOC - felt niður vegna COVID

ÍM í viðavatnssundi Nauthólsvík - felt niður vegna COVID

Bikarkeppni - felt niður vegna COVID

ÍM/ÍF 25 - felt niður vegna COVID

Verkefni erlendis:

2019:

Smáþjóðaleikarnir í Svartfjallalandi, 26. maí – 1. júní 2019

Haraldur Hreggviðsson, Sarah Buckley, Sigurþór Sævarsson

EMU í Kazan, Rússlandi, 26. Júní – 1. Júlí 2019

Þórunn Kristín Guðmundsdóttir



Tækninefnd LEN - Þórunn Kristín fulltrúi Íslands

NÆM í Vejle, Danmörku, 13. – 14. júlí 2019

Ingibjörg Ýr Pálmadóttir

EYOF í Baku, Azerbaijan, 20. – 27. júlí 2019

Þórunn Kristín Guðmundsdóttir

EM 25 í Glasgow, Skotland 5. – 8. desember 2019

Björn Valdimarsson, Sigurður Óli Guðmundsson.



Dómarar á EM 25 í Tollcross Arena, Glasgow.

2020:

SUNDDÓMARAR SÓTTU ENGIN ERLEND VERKEFNI ÁRIÐ 2020

Dómaranámskeið:

Haldin voru 9 námskeið 2019 – 2020 fyrir almenna dómar.

Námskeiðin voru haldin í Reykjavík, Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Neskaupstað, Bolungarvík, og Akureyri.

Leiðbeinendur á námskeiðunum voru Sigurður Óli Guðmundsson, Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, Viktoría Gísladóttir, Björn Valdimarsson, Hilmar Örn Jónasson, Sigurþór Sævarsson.

Yfirdómaranámskeið hófst haustið 2019. Ekki var unnt að útskrifa yfirdómaranema haustið 2020 sökum COVID. Leiðbeinendur eru Björn Valdimarsson og Jón Hjaltason á námskei.

Endurmenntun:

Yfirdómarafundur var haldin í september 2019. Björn Valdimarsson og Viktoría Gísladóttir voru leiðbeinendur á fundinum.

Markmið fundarins var að samræma störf yfirdómara á mótum.

Í ljósi aðstæðna í COVID á árinu 2020 var ekki unnt að halda yfirdómarafund.

Alþjóðlegir dómarar SSÍ:

FINA listi # 19 gildir frá 01.01.2017 – 31.12.2020

Viktoría Gísladóttir - yfirdómari

Haraldur Hreggviðsson - yfirdómari

Björn Valdimarsson - yfirdómari

Sarah Buckley - ræsir

Magnús Steinarsson - ræsir

FINA listi # 20 gildir frá 01.01.2019 – 31.12.2022

Ingibjörg Ýr Pálmadóttir – yfirdómari

Sigurður Óli Guðmundsson - yfirdómari

Þorunn Kristín Guðmundsdóttir - yfirdómari

Ásmundur S. Jónsson - ræsir

Sigurþór Sævarsson - ræsir

Almennir dómara SSÍ:

Gaman er að rýna í tölfræðina ábakvið dómara.

2019:

217 dómara voru á lista í árslok skráðir í 24 félögum. 166 virkir dómara, sem hafa safnað allt frá 3 punktum til 205 punkta og tóku þátt í 43 mótum skráðum hjá dómara nefnd á Íslandi og erlendis. Alls gáfu þetta 7008 punkta á árinu.

2020:

227 dómara á lista í árslok skráðir í 24 félögum. 137 virkur dómari, sem hafa safnað allt frá 3 punktum til 141 punkt og tóku þátt í 17 mótum skráðum hjá dómara nefnd á Íslandi. Alls gáfu þetta 4112 punkta á árinu.

Önnur mál:

Vel hefur gengið að manna sundmót á árunum 2019 og 2020.

SSÍ og dómara nefnd unnu að vali á dómara bolum og varð blár litur fyrir valinu. Er því dómara fatnaður blár bolur, svartar buxur og svartir skór. Voru bolirnir fyrst notaðir á AMÍ í Hafnarfirði í júlí 2020.

LANDSLIÐSNEFND SSÍ 2019-2021

Landsliðsnefnd var skipuð frá 2019 – 2020 eftirfarandi :

Magnús Tryggvason formaður

Eðvarð Þór Eðvarðsson

Erla Dögg Haraldsdóttir

Málfríður Sigurhansdóttir

Bjarney Guðbjörnsdóttir

Ágúst Júlíusson

Ingibjörg Helga Arnardóttir fulltrúi stjórnar

SSÍ hóf árið á að bjóða öllum sundmönnum sem fæddir eru 2006 og eldri á sameiginlegan sund dag í Ásvallalaug. Þetta var hluti að hæfileikamótun SSÍ. Við fengum þjálfara til liðs við okkur ásamt afrekssundmönnum og var synt á milli stöðva þar sem mismunandi æfingar voru á hverri stöð.

19.janúar var fyrsti hittingur hjá smáþjóðaleikahópi SSÍ þar kom Hrönn Árnadóttir „sálfræðingur, en hún var með 6 fyrirlestra frá janúar til apríl og var einnig með einstaklingsviðtöl fyrir þá sem það vildu.

Í febrúar kom Ragnar Guðmundsson aftur til landsins og var með mælingar á smáþjóðaleikahópnum. Framtíðar hópur SSÍ fór í FMS mælingar. Hópurinn hittist aftur í mars og apríl þar sem þau fengu fyrirlestra og fóru í hotfitness.

Framtíðarhópurinn hittist aftur í apríl, hjá þeim var æfing og fyrirlestur.

Þeir sem ekki voru valdir í smáþjóðaleikalíðið fóru á sundmót í Prag í lok maí, þangað fóru einnig þeir sem voru að fara að taka þátt í NÆM, EYOF og EMU. Þeir sem tóku ekki þátt í AMÍ og voru orðnir 18 ára og eldri höfðu einnig tækifæri á að fara þangað. Samtals fóru 28 sundmenn til Prag.

SSÍ sendi 19 sundmenn á Smáþjóðaleikana að þessu sinni sem haldnir voru í Svartfjallalandi. Árangur var misgóður en hæst ber árangur Antons, sem setti Íslandsmet og náði HM lagmörkum og var alveg við ÓL lágmark. Sundfólkið náði að vinna sér inn 8 gull, 2 silfurverðlaun og 9 bronsverðlaun.

SSÍ var með 7 keppendur á NÆM í Vejle í júlí og syntu þau öll nokkuð vel og voru flest alveg við sína bestu tíma.

Einn sundmaður fór á EMU í Kazan, en það var Patrik Vilberg Viggóson, reyndar hafði Eva Margrét Falsdóttir og Kristín Helga Hákonardóttir náð lágmarkum en Eva Margrét ákvað að taka þátt í NÆM og Kristín Helga ákvað að fara á EYOF. Árangur Patriks var ágætur.

Tvær stúlkur fóru á EYOF í júlí, Thelma Lind Einarsdóttir og Kristín Helga Hákonardóttir, þá hafði einn annar sundmaður náð lágmarkum en ákvað að fara á NÆM í staðinn. Kristín Helga stóð sig vel og bætti sinn tíma í 200m skriðsundi og 400m skriðsundi.

Afrekssundmenn sem tóku þátt í HM50 í Gwangju í Kóreu í júlí :

Anton Sveinn Mckee :

Anton Sveinn náði ótrúlega góðum árangri á árinu 2019. Hann synti á Smáþjóðaleikunum í Svartfjallalandi í maí þar sem hann vann til þriggja gullverðlauna og setti eitt Íslandsmet, á Heimsmeistaramótinu í 50m laug í Gwangju í Suður Kóreu í júlí náði hann í milliriðla í 200m bringusundi og þar náði hann Ólympíulágmarki og bætti tvö Íslandsmet, í 50m og 100m bringusundi.

Þá var komið að Evrópumeistaramótinu í 25m laug í Glasgow. Anton setti þar 7 Íslandsmet, 1 Norðurlandamet og jafnaði annað, ásamt því setti hann eitt landsmet í boðsundi með karlaboðsundsveit Íslands. Þá náði hann inn í úrslit í öllum þremur einstaklingsgreinum sínum á mótinu og náði best 4. sæti. Árangur Antons gerir hann að fimmta hraðasta sundmanni heims í 200m bringusundi á árinu 2019. Anton Sveinn var sundmaður ársins 2019 annað árið í röð.

Eygló Ósk Gústafsdóttir :

Eygló Ósk Gústafsdóttir úr sunddeild Fjölnis. Hún náði bestum árangri íslenskra kvenna í sundi á árinu 2019, samkvæmt útgefnum viðmiðum SSÍ.

Eygló Ósk Gústafsdóttir tók þátt í Smáþjóðaleikunum sem haldnir voru í Svartfjallalandi og vann þar til þriggja gullverðlauna í 50m, 100m og 200m baksundi. Eygló Ósk náði þar lágmarki á heimsmeistaramótið í 50m laug sem haldið var í Gwangju í suður-Kóreu í júlí. Þar tók hún þátt í 50m og 100m baksundi.

Eygló náði einnig lágmarkum á Norðurlandameistaramótið í Færeyjum og Evrópumeistaramótið í 25m laug sem fram fór í Glasgow nú í desember. Hún ákvað að keppa einungis á EM25, enda voru mótin haldin nánast á sama tíma. Í Glasgow varð Eygló 24. í 100m baksundi, 18. í 200m baksundi og 23. í 50m baksundi. Að auki var hún hluti íslensku boðsundssveitarinnar sem setti landsmet í 4 x 50 metra skriðsundi á EM25.

Snæfríður Sól Jörunnardóttir:

Keppti í fyrsta sinn á HM50 2019. Snæfríður setti íslandsmet í 200m skriðsundi á danska meistarmótinu í nóvember. Hún bætti 11 ára gamalt Íslandsmet í 200m skriðsundi, hún synti á 1:58,42. Snæfríður keppti á EM25 í desember og varð í 25 sæti í 200m skriðsundi alveg við sinn besta tíma.

Kristinn Þórarinsson :

Keppti einnig á HM50 í fyrsta skipti. Kristinn tók einnig þátt í EM25 í desember.

Dadó Fennrir Jasmínuson :

Náði lágmarkum á EM25 í Glasgow, synti hann sínar greinar og tók þátt í boðsundi.

Ingibjörg Kristín Jónsdóttir :

Ingibjörg Kristín tók fram sundbolinn aftur og tryggði sér 3 lágmark á EM25 í desember. Hún synti allar þrjár greinarnar á EM25. Hún tók einnig þátt í boðsundum þar sem sveitin bætti íslandsmet.

Jóhanna Elín Guðmundsdóttir:

Jóhanna Elín synti einnig á EM25 þar sem hún tók þátt í fyrsta sinn á stórmóti. Hún tók einnig þátt í boðsundunum fyrir hönd Íslands.

Haustið 2019:

Starfið fór á fullt skrið hjá SSÍ í haust Ragnar Guðmundsson kom aftur til landsins og gerði mælingar á tveimur afrekshópum hjá okkur. Það mæltist vel fyrir og höfum við mikla trú á því að þjálfarar séu að nota útkomu þessara mælinga til að efla starf sitt á sínu sundfólki. Við settum í gang laugardagshittinga fyrir hópana okkar þar sem við buðum upp á fyrirlestra, mat og hot fitness program til að efla liðleika hjá okkar fólki. Sundfólkið var mjög ánægt með að prufa þetta nýja prógram sem Vaka Rögnvaldsdóttir sá um.

Í október kom Ragnar Guðmundsson aftur til landsins til að kynna með okkur verkefni 360 gráður sem við höfum verið að vinna að síðan í sumar. 360 gráður er hugsað til að aðstoða félögin/ þjálfara og iðkendur:

- samhæfa fræðilega hluti sundþjálfunar: líkamlega, sálfræðilega, matarræði m.m. í langtíma prógram.
- setja upp langtíma skipulag fyrir fræðilegu hluti í samvinnu með SSÍ, landsliðsþjálfara, landsliðssundmenn og félagsþjálfara.
- Þjálfarar að vera í góðu sambandi við landsliðsþjálfara og félagsþjálfara í sambandi við þróun á einstöku sundfólki og vinna fram á að styrkja þá þætti sem einstakur sundmaður hefur þörf fyrir
- fræða og aðstoða þjálfara í að þróa sig í æfingarlegum þáttum sundþjálfunar
- setja upp langtímamarkmið fyrir þróun landsliðssundmann með sundfólkinu og félagsþjálfara

Í kjölfarið á þessu verkefni þá höfum aftur þá vinnu að huga enn betur að fagteyminu okkar og tókum við að prufakeyra næringarfræðing, sálfræðing, nuddara og nálastungur og munum við halda þeirri vinnu áfram næstu mánuði.

Landsliðsverkefni 2019 :
**Veijle í Danmörku dagana.
11.-15 júlí 2019 NÆM**

Daði Björnsson	SH
Ólöf Kristín Ísaksen	Óðinn
Eva Margrét Falsdóttir	ÍRB
Aron Fannar Kristínarson	ÍRB
Veigar Hrafn Sigþórsson	SH
Ingvar Orri Jóhannsson	Fjölnir
Freyja Birkisdóttir	Breiðablik
boðsund strákar	
Aðalbjörg Óladóttir	
Ingibjörg Ýr Pálmadóttir	Dómari
Steindór Gunnarsson	ÍRB

EMU í Kazan 30.júní - 7.júlí

Patrik Viggó Vilbergsson
Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir

Prag 30.maí -3.júní 2019

Arna Þórey Sveinbjörnsd	Þjálfari	Ólöf Kristín Ísaksen	Breiðablik
Bjarney Guðbjörnsdóttir	Þjálfari	Freyja Birkisdóttir	Breiðablik
Hilmar Örn Jónasson	Fararstjóri	Kristófer Atli Andersen	Breiðablik
Guðlaug Björnsdóttir	fararstjóri	Óskar Gauti Lund	Breiðablik
Steingerður Hauksdóttir	SH	Birna Hilmarsdóttir	ÍRB
Daði Björnsson	SH		
Birnir Freyr Hálfánarsson	SH		
Aron Þór Jónsson	SH		
Adele Alexandra Pálsson	SH		
Aþena Jónsdóttir	SH		
Briët Dalla Gunnarsdóttir	SH		
Símon Elías Statkevicius	SH		
Ingvar Orri Jóhannesson	Fjölni		
Svava Björg Lárusdóttir	Ármann		
Heiður Kristín	Ármann		
Ragnheiður Karen Ólafsdóttir	ÍA		
Brynhildur Traustadóttir	ÍA		
Herdís Birna Viggósdóttir	KR		
Tómas Magnússon	KR		
Björgvin Árni Júlíusson	KR		
Þorbjörn Andrason	KR		
Sigurður Ingi Sigurðarson	KR		
Þóra Snorradóttir	Óðinn		
Alexandra Tómasdóttir	Óðinn		
Sigurjóna Ragnheiðard	Óðinn		
Elín Kata Sigurgeirsdóttir	Óðinn		

Smáþjóðaleikar í Svartfjallalandi 26.maí - 1.júní 2019

Anton Sveinn McKee	SH
Brynjólfur Óli Karlsson	Breiðablik
Dado Fenrir Jasminuson	SH
Kolbeinn Hrafnkelsson	SH
Kristinn Þórarinsson	Fjölni
Kristófer Sigurðsson	ÍRB
Patrik Viggó Vilbergsson	Breiðablik
Þröstur Bjarnason	ÍRB
Bryndís Bolladóttir	Breiðablik
Eydís Ósk Kolbeinsdóttir	ÍRB
Eygló Ósk Gústafsdóttir	Fjölni
Jóhanna Elín Guðmundsdóttir	SH
Karen Mist Arneirsdóttir	ÍRB
Katarína Róbertsdóttir	SH
Kristín Helga Hákonardóttir	Breiðablik
María Fanney Kristjánsdóttir	SH
Ragna Sigríður Ragnarsdóttir	Breiðablik
Sunna Svanlaug Vilhjálmsdóttir	SH
Stefanía Sigurþórsdóttir	Breiðablik
Steindór Gunnarsson	Þjálfari
Mladen Tepavcevic	Þjálfari
Hörður J Oddfríðarson	Fréttir
Júlía Þorvaldsdóttir	Liðsstjóri
Unnur Sædis Jónsdóttir	Sjúkraþjálfari

HM50 í Gwangju í Suður Kóreu 21.- 28 júlí

Anton Sveinn McKee	SH
Kristinn Þórarinsson	Fjölni
Eygló Ósk Gústafsdóttir	Fjölni
Snæfríður Sól Jórunnardóttir	AGF
Jacky Pellerin	Þjálfari
Bjarney Guðbjörnsdóttir	Fararstjóri
Unnur Sædis Jónsdóttir	Sjúkraþjálfari

NM í Færeyjum 27.nóv- 2. Des

Brynjólfur Óli Karlsson	Breiðabliki
Ragna Sigríður Ragnarsdóttir	Breiðabliki
Stefanía Sigurþórsdóttir	Breiðabliki
Kristín Helga Hákonardóttir	Breiðabliki
Patrik Viggó Vilbergsson	Breiðabliki
Kristófer Atli Andersen	Breiðabliki
Freyja Birkisdóttir	Breiðabliki
Brynhildur Traustadóttir	ÍA
Sunna Svanlaug Vilhjálmsdóttir	SH
María Fanney Kristjánsdóttir	SH
Hafþór Jón Sigurðsson	SH
Katarína Róbertsdóttir	SH
Steingerður Hauksdóttir	SH
Aron Þór Jónsson	SH

Daði Björnsson	SH
Þorgerður Ósk Jónsdóttir	SH
Jóhanna Gerða Gústafsdóttir	Fjölni
Kristján Gylfi Þórisson	Fjölni
Hólmsteinn Skorri Hallgrímsson	Fjölni
Tómas Magnússon	KR
Karen Míst	ÍRB
Eva Margrét Falsdóttir	ÍRB
Gunnhildur Björg Baldursdóttir	ÍRB
Sigurjóna Magnúsdóttir	Óðinn
Ásdís Eva Ómarsdóttir	Bergen
Steindór Gunnarsson	Þjálfari
Kjell Wormdal	Þjálfari
Anna Gunnlaugsdóttir	Fararstjóri
Ragnheiður Runólfssdóttir	Fararstjóri

Eftir að SSÍ réð yfirmann Landsliðsmála til starfa þá var ákveðið að búa til vinnuhóp í kringum landsliðsmál, hann var settur á laggirnar **haustið 2020**, í þeim hópi eru nú starfandi :

Magnús Tryggvason, Eðvarð Þór Eðvarðsson, Erla Dögg Haraldsdóttir, Eyleifur Jóhannesson og Ingibjörg H Arnardóttir.

Janúar – ágúst 2020

Æfingabúðir

SSÍ hóf árið á að fara í Æfingabúðir til Tenerife að strax að loknu vel heppnuðu RIG í janúar 2020. Sundfólk sem tók þátt í EM25 og NM var boðið að taka þátt í æfingabúðunum. Æfingabúðirnar og ferðin í heild sinni var einstaklega vel heppnuð. Alls tóku 26 sundmenn þátt í æfingabúðunum undir stjórn Steindórs Gunnarssonar og Örnú Þóreyjar Sveinbjörnsdóttur. Vaka Rögnavaaldsdóttir Doktor í Heilsufræðum fór einnig með en hún var með tvo fyrirlestra fyrir sundfólkið, annars vegar um svefn og hins vegar um næringu. Vaka sá einnig um æfingar í hreyfiteygjum. Í æfingabúðunum fór sundfólkið í greiningu í sundtækni í gengum 3D myndbandsupptöku.

Fundur með þjálfurum

Í febrúar kom Ragnar Guðmundsson til landsins til að halda fund með sundþjálfurum landsins. Á árinu lagði SSÍ mikla áherslu fræðslu þjálfara og auka samvinnu milli þjálfara. Lögð var áhersla á að auka þekkingu á hvernig umhverfi/aðstæður sundmanna eru í dag og hvernig hægt er gera það betra til að bæta frammistöðu sundmanna. Á fræðslufundum var lögð á hvernig hægt er að bæta frammistöðu sundmanna, líkamlegan styrk, út frá tæknilegum, félags- og sálfræðilegum þáttum. Fyrirkomulag á mótahaldi getur líka skipt máli.

Fundurinn með Ragnari gekk vel en að mörgu er að taka og munum við halda ótrauð áfram á þessari leið og höfum við boðað til þjálfararáðstefnu í september.

Ragnar gerði mjólkursýrumælingar á Tenerife hópnum í í febrúar og komu þær mælingar vel út. Nú eru þjálfarar að gera sér betur grein fyrir mikilvægi upplýsinga af þessu tagi sem gott tæki við þjálfun sundmanna.

COVID-19 faraldur

Í mars blasti við okkur nýr raunveruleiki og Covid- 19 heimsfaraldur tók yfir.

SSÍ reyndi eftir bestu getu að styðja við hreyfinguna með upplýsingum hvað mætti, mætti ekki og hvatti þjálfara til að senda æfingar til sundfólks sem hægt væri að gera á þurru landi.

Sundlaugar opnuðu aftur **4. maí** og fóru öll félög þá í laugina á ný.

ÍM50 sem halda sem fram átti að fara í apríl var frestað og líka AMÍ sem átti að fara fram í júní.

SSÍ lagði alltaf áherslu á að ofangreind mót yrðu haldin um leið aðstæður leyfðu og að sundmenn væru búnir að vera við æfingar í laug í 8 – 10 vikur. Það gekk eftir og SSÍ hélt AMÍ fyrstu helgina í júlí og ÍM50 þriðju helgina í júlí. Hreyfingin var mjög ánægð með hvernig til tókst því þátttakenda fjöldi var á pari við síðustu ár.

Í febrúar réðum við nýjan yfirmann landsliðsmála, Eyleif Jóhannesson sem hóf störf hjá okkur 1. ágúst. Eyleifur á langan og farsælan feril að baki sem sundþjálfari. Hann fæddur og uppalinn á Akranesi og æfði sund sem ungur maður. Hann hóf feril sinn sem þjálfari hjá KR 1994. Á tímabilinu 1996-2007 var hann yfirþjálfari hjá ýmsum sundfélögum hér á landi við góðan orðstír. Árið 2007 fluttist hann til Álaborgar í Danmörku þar sem hann hefur starfað sem sundþjálfari síðastliðin 13 ár. Þar tók hann við yfirþjálfarastöðu hjá Aalborg Svømmeklub. Eyleifur hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir góðan árangur sundmanna undir hans handleiðslu. Þar ber fyst að nefna afrekskonuna Mie Ö. Nielsen og sundmanninn Viktor Bromer sem hafa á undanförunum árum verið í verðlaunasætum á alþjóðlegum mótum. Árið 2016 var Mie í þriðja sæti á Ólympíuleiknum í Rió 2 með boðsundssveit Danmerkur í 4x100m fjórsundi, þar sem þær stöllur settu líka Evrópumet. Eyleifur hefur jafnframt verið valinn afreksþjálfari og unglingaþjálfari ársins í Danmörku á undanförunum árum.

SSÍ hefur með Eyleifi fengið öflugan liðsauka í þá stefnumótunarvinnu sem nú þegar er hafin. Marmkiðið er að byggja upp markvisst afreksstarf. Jafnframt er lögð áhersla á að fjölga þeim sem æfa sund, efla fræðslu og kynna sundíþróttina hér á landi. Samhliða landsliðsstarfinu mun Eyleifur koma að þeirri vinnu.

Eins og hjá öllum í íþróttahreyfingunni hefur þetta verið erfitt ár þar sem öllum stórmótum hefur verið frestað eða þau hafa ekki verið haldin.

Boðsundskeppni grunnskólana :fór ekki fram að þessu sinni vegna Covid – 19.

NÆM : Ellefu sundmenn voru komnir með lágmörk NÆM sem fram átti að fara í júlí

EMU : Fjórir sundmenn voru komnir með lágmörk á EMU í Budapest.

EM50 : Fjórir sundmenn höfðu náð lágmörkum fyrir EM50 í sumar.

Afrekssundmenn

Anton Sveinn Mckee :

Hann tók þátt í æfingabúðunum í janúar og ákvað að koma hingað heim í lok mars til að æfa hér á landi þar sem ástandið í USA var ekki upp á marga fiska.

Eygló Ósk Gústafsdóttir :

Ákvað í júní mánuði að setja sundbolinn á hilluna.

Snæfríður Sól Jörunnardóttir:

Hún tók ákvörðun að fylgja þjálfara sínum til Álaborgar þar sem hann tók við starfi Eyleifs Jóhannessonar yfirmanni landsliðsmála.

Jóhanna Elín Guðmundsdóttir:

Jóhanna Elín náði lágmörkum á RIG í janúar á EM50 sem fram átti að fara í Búdapest í maí 2020. Hún hélt utan til USA í haust og stundaði æfingar og nám við Southern Methodist University í vetur.

Ingibjörg Kristín Jónsdóttir :

Ingibjörg Kristín náði einnig lágmörkum á EM50 í janúar á RIG.

SSÍ hélt þjálfararáðstefnu á Selfossi í byrjun september sem tókst mjög vel.

Jóhann Ingi Gunnarsson Sálfræðingur var með fræðslu um hugarfar afreksmanna og liðsheild. Ragnar Guðmundsson var með erindi um mælingar og álagsstjórnun. Á ráðstefnunni var einnig farið yfir afreksmál og markmið sundársins.

Búið var að skipuleggja tvær æfingabúðir í september sem fóru ekki fram vegna hertra sóttvarnareglna. Einnig var búið að skipuleggja ferð á mót erlendis sem ekki var hægt að fara á.

Vegna hertra sóttvarnareglna var ekki hægt að stunda hefðbundnar æfingar frá október til desember. SSÍ fékk engu að síður undanþágu fyrir æfingar hjá 11 manna afrekshóp um miðjan nóvember í ca 3 vikur. Sá hópur æfði undir stjórn Eyleifs Jóhannessonar.

SSÍ gerði samning við heilsuræktarstöðina Hreyfingu sem fólust í því að við settum inn myndbönd af æfingum frá Hreyfingu inn á lokaða facebook síðu SSÍ þar sem öllum sundmönnum 13 ára og eldri á landinu var boðið að gerast meðlimir að. Þar settum við einnig inn góð innlegg fyrir andlegu hliðina sem Sálfræðingarnir Jóhann Ingi og Bragi Sæmundsson sáu um.

SSÍ gat ekki haldið Íslandsmeistarmót í 25m laug í nóvember, né bikarkeppni sem fram átti að fara í desember 2020.

Það er óhætt að segja að hertar sóttvarnareglur gerðu okkur lífið erfitt síðustu mánuði ársins 2020.

Eftir miklar vangaveltur hvað varðaði sóttvarnir tókst að lokum að halda RIG2021, mótið gekk vel og voru allir gláðir að fá að keppa aftur. Mótið var haldið með frekar óvenjulegu sniði þar sem mótinu var skipt upp í marga hluta og margar upphitanir. Þjálfarar, sundmenn, dómara og annað starfsfólk á mikinn heiður skilinn hversu vel gekk að framkvæma mótið.

Þar sem ekki var möguleiki að fara í æfingabúðir erlendis í byrjun árs eins og til stóð þá tókst okkur engu að síður að halda æfingabúðir hér innanlands dagana 19.-23 febrúar. Sundfólkið gisti á Grand Hótel og æfði í Laugardalslaug. Þau fóru einnig í styrktar og liðleika mælingar hjá Gauta Grétarsyni og Ragnar Guðmundson tók mælingar á sundfólkinu.

Covid -19 hélt áfram að gera okkur lífið leitt í mars og duttur æfingar niður í nokkra daga, en SSÍ barðist fyrir því að fá undanþágu fyrir amk sundfólkið sem var komið með lágmörk á ÍM50, sem til allrar lukku gekk eftir.

Vegna sóttvarna þá var tekin ákvörðun um að fresta ÍM50 um tvær vikur, mótið fór fram 16. – 18. apríl, en það átti að fara fram 5. – 7 apríl. Vegna frestunar á ÍM50 var tekin ákvörðun að velja hóp einstaklinga til þátttöku á EM50 2021.

Markmiðið með þessari ákvörðun er að gefa sundfólkinu tækifæri á að undirbúa sig betur fyrir EM50, sem ætti að skila sér í betri árangri þar. Á ÍM50 þurfti sundfólkið að staðfesta árangur sinn til að tryggja sér endalega þátttökurétt á EM50 með því að sýna ekki meira en 1.5 % frá lágmörkum og sýna að þau séu á réttri leið til að ná hámarksárangri á EM50 í Búdapest 17. – 23. maí 2021.

Landsliðsverkefni 2020:**Tenerife 29. jan - 5 feb - 2020**

Brynjólfur Óli Karlsson	Breiðablik
Anton Sveinn McKee	SH
Aron Þór Jónsson	SH
Patrik Viggó Vilbergsson	Breiðablik
Kolbeinn Hrafnkelsson	SH
Daði Björnsson	SH
Kristófer Atli Andersen	Breiðablik
Dadó Fenrir Jasminuson	SH
Kristinn Þórarinsson	Fjölnir
Ragna Sigríður Ragnarsdóttir	Breiðablik
Sunna Svanlaug Vilhjálmsdóttir	SH
Brynhildur Traustadóttir	Breiðablik
Ingibjörg Kristín Jónsdóttir	SH
Eva Margrét Falsdóttir	ÍA
Stefanía Sigurþórsdóttir	SH
María Fanney Kristjánsdóttir	ÍRB
Steingerður Hauksdóttir	Breiðablik
Jóhanna Elín Guðmundsdóttir	SH
Gunnhildur Björg Baldursdóttir	SH
Kristín Helga Hákonardóttir	SH
Katarína Róbertsdóttir	ÍRB
Þorgerður Ósk Jónsdóttir	Breiðablik
Karen Mist Arngeirsdóttir	SH
Freyja Birkisdóttir	SH
Sigurjóna Ragnheiðardóttir	Svíþjóð
Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir	Þjálfari
Steindór Gunnarsson	Þjálfari
Guðlaug Björnsdóttir	Fararstjóri
Vaka Rögnvaldsdóttir	Æfingar
Ingibjörg Helga Arnardóttir	Fararstjóri

Verkefni sem voru felld niður en þessir höfðu náð lagmörkum:**EM50 Búdapest**

Ingibjörg Kristín Jónsdóttir	SH
Jóhanna Elín Guðmundsdóttir	SH
Anton Sveinn	SH
Snæfríður Sól Jórunnardóttir	Danmörk

EMU 2020

Aron Þór Jónsson	SH
Patrik Viggó Vilbergsson	Breiðablik
Kristín Helga Hákonardóttir	Breiðablik

NÆM

Daði Björnsson	SH
Eva Margrét Falsdóttir	ÍRB
Alexander Logi Jónsson	ÍRB
Freyja Birkisdóttir	Breiðablik
Fannar Snævar Hauksson	ÍRB
Guðmundur Karl Karlsson	Breiðablik
Birnir Freyr Hálfðæanar	SH
Dagbjörg Hlíf Ólafsdóttir	SH
Guðbjörg Bjartey 'Olafsdóttir	ÍA
Vigdís Tinna Hákonardóttir	Breiðablik
Veigar Hrafn Sigþórsson	SH

Landsliðsverkefni 2021:**Æfingabúðir í Reykjavík 19. – 23 febrúar 2021**

Aron Þór Jónsson	SH
Dagbjörg Hlíf Ólafsdóttir	SH
Daði Björnsson	SH
Eva Margrét Falsdóttir	ÍRB
Freyja Birkisdóttir	ÍRB
Kristín Helga Hákonardóttir	Breiðabliki
Kristinn Þórarinnsson	Fjölni
Steingerður Hauksdóttir	SH
Eyleifur Jóhannesson	
Ragnar Guðmundsson	

Síðasta erlenda verkefnið á þessu kjörtímabili fór fram dagana 17. – 23 maí í Búdapest.**EM50 2021**

Dadó Fenrir Jasmínuson	SH
Jóhanna Elín Guðmundsdóttir	SH
Kristinn Þórarinnsson	Fjölnir
Snæfríður Sól Jörunnardóttir	Álaborg
Steingerður Hauksdóttir	SH
Eyleifur Jóhannesson	Þjálfari
Björn Selvejer Sorensen	Þjálfari
Hörður J Oddfríðarson	Fararstjórn/fjölmíðlar
Unnur Sædís Jónsdóttir	Sjúkraþjálfari

AÐRAR NEFNDIR SSÍ 2019-2021

Aðrar nefndir SSÍ störfuðu ekki með reglubundnum hætti og skiluðu ekki sérstakri skýrslu um störf sín.



64. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNÍ Í LAUGARDAL
1. júní 2021

Þingskjal nr: 2021 - 07

64. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 1. júní 2021

Samþykkir að fresta veitingu heiðursviðurkenninga fram til hausts 2021 á afmælishófi sem haldið verður í tilefni af 70 ára afmæli SSÍ

Greinargerð

Gull- og silfurmerki SSÍ – skal vera ýmist fest í borða í íslensku fánalitunum eða vera barmmerki. Merkið er staðfest einkennismerki SSÍ eins og það er á hverjum tíma í gulli eða silfri – og skal grunnur vera í sama efni. Stjórn SSÍ gerir tillögur til Sundþings ár hvert um veitingu viðurkenninga.

Gullmerki SSÍ má einungis veita íslenskum ríkisborgurum og skal einkum veitt þeim einstaklingum sem um lengri tíma hafa unnið afburða gott starf í þágu sundhreyfingarinnar eða skilað yfirburðaárangri meðal íslenskra sundmanna.

Silfurmerki SSÍ skal veita þeim sem unnið hafa framúrskarandi gott starf að málefnum sundhreyfingar eða hafa komið fram fyrir hönd Íslands á alþjóðlegum vettvangi sundhreyfingar. Einnig skulu sundmenn sem náð hafa viðurkenndum alþjóðlegum árangri hljóta silfurmerkið – og þar með allir þeir sem keppt hafa í sundi á Ólympíuleikum fyrir Íslands hönd.

Þjónustumerki SSÍ má afhenda stjórnarmönnum SSÍ, nefndarmönnum og fulltrúum SSÍ á þingum ÍSÍ og sérsambanda sem SSÍ er aðili að. Stjórn SSÍ er heimilt að veita einstaklingum þjónustumerki fyrir gott starf að sundmálum.



64. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNÍ Í LAUGARDAL
1. júní 2021

Þingskjal nr: 2021 - 08

64. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 1. júní 2021
staðfestir meðfylgjandi fjárhagsáætlun SSÍ fyrir árið 2021-2023 eins og hún birtist á þingskjali 2021-08

REKSTRARÁÆTLUN 2021 - 2023

	Raun 2019	Raun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023
REKSTRARTEKJUR:					
Framlög og styrkir	67.643.976	66.292.741	75.685.486	76.624.999	78.506.488
Tekjur af mótum	2.046.086	1.295.916	2.190.000	2.254.500	2.322.225
Þjónustugjald SSÍ	9.219.950	9.271.890	9.550.047	9.836.548	10.131.645
Námskeið og aðrar tekjur	15.650.763	10.295.500	10.295.500	10.295.500	11.295.500
Rekstrartekjur alls:	94.560.775	87.156.047	97.721.032	99.011.547	102.255.858
REKSTRARGJÖLD:					
Laun og launatengd gjöld	24.436.364	25.307.851	26.573.244	27.901.906	29.297.001
Styrkir til félaga		4.484.200	2.100.000	1.000.000	1.000.000
Áhöld og tæki	2.187.700	4.862.144	3.696.391	3.896.391	4.196.391
Kostnaður v/landslíð/afreksstarf	54.132.208	33.264.773	51.277.648	54.635.238	56.535.708
Kostnaður v/mótahalds	3.751.988	2.093.947	2.360.552	2.495.552	2.632.302
Rekstur skrifstofu	4.732.705	6.532.018	5.032.018	5.032.018	5.032.018
Lögfræðikostnaður		442.238	300.000	300.000	300.000
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	4.610.104	4.292.438	3.442.438	1.535.038	1.635.038
Uppskeruhátið	860.359	1.000.000	1.000.000	1.050.000	1.102.500
Önnur gjöld	160.578	1.008.012	1.008.012	199.302	199.302
Rekstrargjöld alls:	94.872.006	82.287.621	96.790.303	98.045.445	101.930.260
Hagnaður (tap) fyrir fjármagnslíð:	-311.231	4.868.426	930.730	966.102	325.597
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD)					
Vaxtatekjur	190.245	69.954	69.954	69.954	69.954
Gengismunur	14.749	61.521	61.521	61.521	61.521
Vaxtagjöld og verðbætur	37.735	6.854	6.854	6.854	6.854
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) alls:	167.259	124.621	124.621	124.621	124.621
Hagnaður eða (tap) af reglulegri starfsemi:	-143.972	4.993.047	1.055.351	1.090.723	450.218
Hagnaður/tap fyrir önnur gjöld:	-143.972	4.993.047	1.055.351	1.090.723	450.218
Hagnaður/tap ársins:	-143.972	4.993.047	1.055.351	1.090.723	450.218

**64. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNÍ Í LAUGARDAL
1. júní 2021**

Pingskjal nr: 2021 - 09

64. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 1. júní 2021

samþykkir að þjónustugjöld SSÍ fyrir árin 2022 - 2023 verði með eftirfarandi hætti:

1) Gjöld almennra sundiðkenda í félögum

- Einstaklingsgjald sundiðkenda kr. 3.200 og mótagjald sundiðkenda kr. 7.000 verða óbreytt út árið 2021
- Sundþing felur stjórn SSÍ að meta þörf á því að einstaklingsgjald sundiðkenda hækki 1.janúar 2022 og 2023. Ekki má hækka einstaklingsgjald umfram verðlagsbreytingar almennt.
- Sundþing felur stjórn SSÍ að meta þörf á því að mótagjald sundiðkenda hækki 1.janúar 2022 og 2023. Ekki má hækka mótagjald umfram kostnaðarhækkunar.
- Gjöldin eru innheimt 2 sinnum ári í samræmi við lög SSÍ.

2) Gjöld garpa verið innheimt í tengslum við IMOC

- Gjöld garpa verða óbreytt út árið 2021 þ.e. upphafsgjald fyrir eina einstaklingsgrein kr. 3.200, gjald fyrir hverja einstaklingsgrein umfram eina kr. 1.700 (allt að 3 greinar), gjald fyrir hverja einstaklingsgrein umfram þrjár kr. 0, og hafi garpur ekki synt einstaklingsgrein, en syndir í boðsundi skal innheimta af honum kr. 3.200.
- Sundþing felur stjórn SSÍ að meta þörf á hækkunum garpagjalda. Leitast skal við að upphafsgjald fyrir einstaklingsgrein garpa sé það sama og einstaklingsgjald sundiðkenda. Hækkun á einstaklingsgreinum umfram eina skal vera í hlutfalli við hækkun á upphafsgreins.
- Öll gjöldin skulu vera greidd a.m.k. þremur dögum fyrir upphaf IMOC.
- Ekki er heimilt að endurgreiða gjaldið nema um sannanleg veikindi eða slys hafi verið að ræða.

3) Gjöld vegna Víðavatnssunds

- Gjöld vegna Íslandsmóts í Víðavatnssundi verða fyrir árið 2021 (óbreytt frá fyrra ári)
 - 1 km, kr. 1500,00 (kr. 2.500,00 ef skráning á staðnum)
 - 3 km, kr. 2500,00 (kr. 3.500,00 ef skráning á staðnum)
 - 5 km, kr. 2700,00 (kr. 3.700,00 ef skráning á staðnum)
 - 3 km liðakeppni kr. 1.500,00 pr sundmann (kr. 2.500,00 ef skráning er á staðnum)
- Sundþing felur stjórn að ákvarða hækkunar fyrir árin 2022-23 skapist aðstæður til slíks

4) Gjöld vegna annarra Sundíþróttar

- Sundþing felur stjórn SSÍ að ákveða gjöld vegna annarra sundíþróttar skapist aðstæður til slíks.

Greinargerð:

Á Sundþingi 2019 var stjórn falið að ákvarða þjónustugjöld fram að næsta sundþingi 2021 . Það sama á við nú og felum stjórn að ákvarða hækkunar miðað við almennt verðlag til 2023.

**64. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNÍ Í LAUGARDAL
1. júní 2021**

Þingskjal nr: 2021 - 10

64. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 1. júní 2021

Staðfestir meðfylgjandi Stefnu SSÍ og Afreksstefnu SSÍ. Jafnframt felur sundþing stjórn SSÍ að uppfæra og viðhalda bæði Stefnu og Afreksstefnu í samræmi við aðrar samþykktir sundþings, aðstæður hverju sinni og eðlilegum breytingum sem verða á umhverfi sundíþróttá á Íslandi vegna árangurs sem næst. Það liggur fyrir að yfirmaður landsliðsmála Eyleifur Jóhannesson er með tillögur sem tengjast reglugerðum SSÍ og afreksstefnu SSÍ sem kynntar voru á þinginu. Hluti þessara tillagna voru kynntar á þinginu og eru:

- Aldursflokkar og íslensk met
- Aldursflokkameistaramót Íslands
- Sumarmeistaramót Íslands

Sundþing samþykkir að þessari vinnu verði haldið áfram og felur stjórn SSÍ að samþykkja endanlega útgáfu þessara tillagna, enda munu þær vinnast með lykilmálum innan sundhreyfingarinnar og fá ítarlega kynningu fyrir stjórn SSÍ, þjálfurum- og formönnum félaga innan SSÍ.

Greinargerð:

Stefna og Afreksstefna SSÍ hafa verið til umfjöllunar á öllum þingum SSÍ frá árinu 2000. Skjalið hefur tekið miklum breytingum í árána rás, einfaldast og inn hafa komið áherslur tengdar öðrum sundíþróttum en keppnissundi.

Í aðdraganda 64. Sundþings var hreyfingunni gefinn kostur á að senda inn athugasemdir og tillögur um hvað gæti farið betur í Stefnu SSÍ. Yfirmaður landsliðsmála er með þessi mál í stöðugri endurskoðun í takt við breytingar á sundíþróttinni á heimsvísu. Það má búast við því að afreksstefnan taki miklum breytingum á næstu misserum í takt við breytta tíma en þær breytingar verða allar gerðar í nánu samráði við sundhreyfinguna og séð til þess að öll sjónarmið fái að koma fram. Afreksstefnan er lifandi skjal og getur tekið breytingum enda er hún metnaðarfull og uppfyllir hún skilyrði ÍSÍ og Afrekssjóðs ÍSÍ um slík mál.

Afrekssjóður ÍSÍ er okkur mjög mikilvægur, þar sem hann hefur verið grunnurinn að því að við höfum getað haldið utan um afreksstarfið. Eftir miklar breytingar á Afrekssjóði, sem eru yfirstandandi kom í ljós hvað við vorum heppin í sundhreyfingunni að eiga þróað Afreksstefnu sem nýttist okkur annars vegar vel við gerð umsókna í sjóðinn og ekki síður til að vinna úr þeim fjármunum sem við fengum. SSÍ er í hópi A sambanda og um leið gerðar ákveðnar kröfur um umgjörð í kringum afreksstarfið. En um leið og við þurfum áfram að halda vel utan um afreksstjarfið, þá liggur fyrir að við þurfum að styðja við og taka frumkvæði í uppbyggingu sundfélaga og deilda úti um land, við þurfum að efla starf okkar meðal skólabarna, það þarf að undirbyggja aldurshópa betur til þess að úr verði afreksfólk og okkur er nauðsyn á að koma fræðslu út til aðstandenda sundfólksins okkar, hvort sem við erum að tala um foreldra, stjórnarfolk félaga, dómara eða þjálfara. Við þurfum að standa undir nafni og hugsa vel um aðrar sundíþróttir s.s. garpasund, víðavatnssund og sundknattleik, þetta eru að hluta til „fullorðinsíþróttir“ og munu skila okkur góðu umtali, sjálfbæðni og jafnvel fjármunum þó á óbeinan hátt sé.

**64. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNINNI Í LAUGARDAL
1. júní 2021**

Þingskjal nr: 2021 - 11

64. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 1. júní 2021

Staðfestir tillögu að skipun vinnuhóps til að fara yfir lykilverkefni sem kynnt voru á sundþingi. Skipuna þessa vinnuhóps verður fram að næsta sundþingi árið 2023. Þessi lykilverkefni eru:

1. Mannvirki til keppni
 - Gerð skýrslu sem SSÍ getur afhent sveitafélögum um hvaða skilyrði sundmannvirki þurfa að hafa til sundkennslu og keppnishalds til að uppfylla alþjólega staðla.
2. Þjóðarleikvangur
 - Kanna hvað þarf til að fá viðurkenndan þjóðarleikvang í keppnissundi þar sem sundíþróttin fær forgang umfram almenning og sé ekki háð opnunartímum mannvirkisins.
3. Fjölgun iðkenda
 - Fjöldi iðkenda í sundíþróttinni hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár í kringum 4 þúsund manns samkvæmt tölum frá ÍSÍ. Tekjur íþróttasambanda og héraða fara meðal annars eftir iðkendafjölda. Sund er ein vinsælasta íþrótt landsis og heimsóknir í sundlaugar landsins telja í milljónum á ári. Verkefnið er að finna út hvort að það séu til leiðir til að skrá þá sem kaupa kort í sundlaugum landsis og teljast þar sem virkir iðkendur, sem félagsmenn í SSÍ.

Skipaður skal sérstakur vinnuhópur af stjórn sem skilar af sér skýrslu um framgang þessara verkefna á minnst 6 mánaða fresti. Komi til þess að hóparnir þurfi að leita upplýsinga eða kaupa þónustu skal það lagt undir stjórn á hverjum tíma

Greinargerð:

Það er ljóst að sveitarfélög um land allt hafa gefið það út að á næstu árum munu þau eyða þúsundum milljóna í uppbyggingu og viðhald á sundmannvirkjum. SSÍ hefur fylgst vel með þessari þróun og vill með skipun þessa hóps tryggja það að innan SSÍ verði til skýrsla með grunn leiðbeiningum fyrir arkitekta og hönnuði mannvirkja hvaða stöðlum þurfi að fylgja til kennsla og keppnissund geti farið fram í mannvirkjunum samkvæmt alþjóðlegum stöðlum. Reynslan hefur leitt það í ljós að oftar en ekki koma sérfræðingar í sundíþróttinni of seint af borðinu í svona málum og getur það reynst mjög erfitt og kostnaðarsamt að breyta hlutum eftirá.

Í ljósi reynslunnar frá Covid 19 tímum þá koma í ljós að sundkeppni nýtur ekki forgangs í þeim mannvirkjum sem er keppt. Sem dæmi þá fékkst ekki í gegn að loka Laugardalslaug á meðan RIG 2021 fór fram þurfti keppni á mótinu að lúta ströngum skilyrðum sem hefði verið hægt að koma í veg fyrir ef mannvirkið hefði verið lokað almenningi á meðan keppni fór fram.

Við teljum okkur því vera ein fjölmennasta íþrótt landsins án þess að fá það viðurkennt í opinberum tölum. Við höfum horft til Golfíþróttarinnar hvað þetta varðar. Skoða þarf með aðkomu sveitarfélaganna hvort að hægt sé að koma þeim sem kaupa árskort í sundlaugar inn í SSÍ sem iðkendum þannig að það endurspeglar í opinberum tölum um iðkendur og gefi SSÍ þar með aukið vægi sem sérsamband innan ÍSÍ.

64. þing Sundsambands Íslands
 ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNÍ Í LAUGARDAL
 1. júní 2021

Þingskjal nr: 2021 - 12

64. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 1. júní 2021

Samþykkir eftirfarandi tillögur um breytingar á lögum SSÍ. (*Breytingar eru í bláu*)

Jafnframt verða allar breytingar í reglugerðum tengd þessari lagabreytingu tekin út úr reglugerðum.

12. grein er

Stjórn SSÍ skipar formenn nefnda og fulltrúa stjórnar í nefndir á fyrsta fundi sínum eftir sundþing og staðfestir skipan í starfsnefndir sem starfa í umboði stjórnar SSÍ í samræmi við lög og aðrar samþykktir Sundsambands Íslands. Starfsmenn SSÍ eða stjórnarmenn skulu ekki gegna formennsku í starfsnefndum sambandsins nema sérstaklega standi á.

Aga og siðanefnd minnst 5 einstaklingar

Dómaranefnd minnst 5 einstaklingar

Fræðslunefnd minnst 3 einstaklingar

Íþróttamannanefnd minnst 5 einstaklingar (í samræmi við kosningu sundfólks)

Kjörnefnd minnst 3 einstaklingar

Landsliðsnefnd minnst 5 einstaklingar

Móta- og tækninefnd minnst 3 einstaklingar

Þjálfaranefnd minnst 3 einstaklingar

Aðrar nefndir sem stjórn SSÍ telur nauðsynlegt að taki til starfa.

Stjórn skipar nýja fulltrúa í nefndir í stað þeirra sem forfallast eða hætta störfum á starfstímabili. Hlutverk, starfssvið og umboð starfsnefnda skal skilgreint með sérstakri samþykkt stjórnar SSÍ á hverjum tíma.

Íþróttamannanefnd SSÍ er skipuð 5 einstaklingum úr afrekshópum félaga innan SSÍ. Stjórn SSÍ stendur fyrir kosningu í Íþróttamannanefndina innan mánaðar frá því að sundþingi lýkur. Íþróttamannanefnd SSÍ getur lagt mál fyrir stjórn SSÍ og fulltrúi stjórnar SSÍ situr fundi nefndarinnar. Nefndin getur óskað eftir fundum með stjórn SSÍ eftir þörfum.

Sundsamband Íslands er aðili að dómstólaskipan ÍSÍ án þess að gildandi séu sérákvæði.

12. grein verður:

Stjórn SSÍ skipar formenn nefnda og fulltrúa stjórnar í nefndir á fyrsta fundi sínum eftir sundþing og staðfestir skipan í starfsnefndir sem starfa í umboði stjórnar SSÍ í samræmi við lög og aðrar samþykktir Sundsambands Íslands. Starfsmenn SSÍ eða stjórnarmenn skulu ekki gegna formennsku í starfsnefndum sambandsins nema sérstaklega standi á.

Stjórnar- og starfsólk SSÍ ásamt stjórnarfólki aðildarfélaga innan SSÍ skal ekki eiga sæti í aga- og siðanefnd SSÍ.

Aga og siðanefnd minnst 5 einstaklingar

Dómaranefnd minnst 5 einstaklingar

~~Fræðslunefnd minnst 3 einstaklingar~~

~~Íþróttamannanefnd minnst 5 einstaklingar (í samræmi við kosningu sundfólks)~~

Kjörnefnd minnst 3 einstaklingar

~~Landsliðsnefnd minnst 5 einstaklingar~~

~~Móta- og tækninefnd minnst 3 einstaklingar~~

~~Þjálfaranefnd minnst 3 einstaklingar~~

Aðrar nefndir sem stjórn SSÍ telur nauðsynlegt að taki til starfa.

Stjórn skipar nýja fulltrúa í nefndir í stað þeirra sem forfallast eða hætta störfum á starfstímabili. Hlutverk, starfssvið og umboð starfsnefnda skal skilgreint með sérstakri samþykkt stjórnar SSÍ á hverjum tíma.

~~Íþróttamannanefnd SSÍ er skipuð 5 einstaklingum úr afrekshópum félaga innan SSÍ. Stjórn SSÍ stendur fyrir kosningu í Íþróttamannanefndina innan mánaðar frá því að sundþingi lýkur. Íþróttamannanefnd SSÍ getur lagt mál fyrir stjórn SSÍ og fulltrúi stjórnar SSÍ situr fundi nefndarinnar. Nefndin getur óskað eftir fundum með stjórn SSÍ eftir þörfum.~~

~~Sundsamband Íslands er aðili að dómstólaskipan ÍSÍ án þess að gildandi séu sérákvæði.~~

Greinargerð

Í 12. grein er lagt til að fækka nefndum. Með nýrri stöðu yfirmanns landsliðsmála gefst SSÍ ráðrúm til þess að koma hluti af starfi nefndanna inn í starfslýsingu yfirmanns landsliðsmála. Þetta á einkum við málefni tengd landsliðum og fræðslu- og kynningarmálum. Þá hafa aðrar nefndir sem lagt er til að lagðar verði niður verið óvirkar svo árum skiptir. Þrátt fyrir þessar breytingar hefur stjórn heimild samkvæmt 12. grein til að endurvekja þessar nefndir ef þurfa þykir.

64. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNÍ Í LAUGARDAL

1. júní 2021

Þingskjal nr: 2021 – 12b

64. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 1. júní 2021

Samþykkir eftirfarandi tillögur um breytingar á lögum SSÍ. (*Breytingar eru í rauðu og bláu*)

Jafnframt verða allar breytingar í reglugerðum tengd þessari lagabreytingu tekin út úr reglugerðum.

12. grein er

Stjórn SSÍ skipar formenn nefnda og fulltrúa stjórnar í nefndir á fyrsta fundi sínum eftir sundþing og staðfestir skipan í starfsnefndir sem starfa í umboði stjórnar SSÍ í samræmi við lög og aðrar samþykktir Sundsambands Íslands. Starfsmenn SSÍ eða stjórnarmenn skulu ekki gegna formennsku í starfsnefndum sambandsins nema sérstaklega standi á.

Aga og siðanefnd minnst 5 einstaklingar

Dómaranefnd minnst 5 einstaklingar

Fræðslunefnd minnst 3 einstaklingar

Íþróttamannanefnd minnst 5 einstaklingar (í

samræmi við kosningu sundfólks)

Kjörnefnd minnst 3 einstaklingar

Landsliðsnefnd minnst 5 einstaklingar

Móta- og tækninefnd minnst 3 einstaklingar

Þjálfaranefnd minnst 3 einstaklingar

Aðrar nefndir sem stjórn SSÍ telur nauðsynlegt að

taki til starfa.

Stjórn skipar nýja fulltrúa í nefndir í stað þeirra sem forfallast eða hætta störfum á starfstímabili. Hlutverk, starfssvið og umboð starfsnefnda skal skilgreint með sérstakri samþykkt stjórnar SSÍ á hverjum tíma.

Íþróttamannanefnd SSÍ er skipuð 5 einstaklingum úr afrekshópum félaga innan SSÍ. Stjórn SSÍ stendur fyrir kosningu í Íþróttamannanefndina innan mánaðar frá því að sundþingi lýkur. Íþróttamannanefnd SSÍ getur lagt mál fyrir stjórn SSÍ og fulltrúi stjórnar SSÍ situr fundi nefndarinnar. Nefndin getur óskað eftir fundum með stjórn SSÍ eftir þörfum.

Sundsamband Íslands er aðili að dómstólaskipan ÍSÍ án þess að gildandi séu sérákvæði.

12. grein verður:

Sundsamband Íslands er aðili að dómstólaskipan ÍSÍ án þess að gildandi séu sérákvæði.

SSÍ skal starfrækja Aga- og siðanefnd. Ekki skal skipa stjórnar- eða starfsfólk SSÍ eða aðildarfélaga í nefndina.. Heimilt er að skipa fagaðila utan hreyfingar í nefndina.

Dómarnefnd og kjörnefnd skulu starfræktar innan SSÍ Stjórn SSÍ skipar aðrar nefndir sem nauðsyn krefur hverju sinni og setur þeim erindisbréf.

Greinargerð

Í 12. grein er lagt til að fækka nefndum. Með nýrri stöðu yfirmanns landsliðsmála gefst SSÍ ráðrúm til þess að koma hluti af starfi nefndanna inn í starfslýsingu yfirmanns landsliðsmála. Þetta á einkum við málefni tengd landsliðum og fræðslu- og kynningarmálum. Þá hafa aðrar nefndir sem lagt er til að lagðar verði niður verið óvirkar svo árum skiptir. Þrátt fyrir þessar breytingar hefur stjórn heimild samkvæmt 12. grein til að endurvekja þessar nefndir ef þurfa þykir.

Nefndin leggur ríka áherslu á að þær nefndir sem skipaðar eru á starfstíma stjórnar fái erindisbréf þar sem komi fram hlutverk þeirra, starfstími og hver afurð vinnunnar á að vera.

Nefndin leggur einnig áherslu á að endurskoðun reglugerðar um Aga- og siðanefnd verði lokið hið fyrsta og verði kynnt á formannafundi.

Dómaranefnd og kjörnefnd hafa verið starfandi með virkum hætti og ekki er gert ráð fyrir breytingum á þeim og gert er ráð fyrir að þær starfi áfram hér eftir sem hingað.



64. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL
1. júní 2021

Þingskjal nr: 2021 - 13

64. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 1. júní 2021

Staðfestir Almenn ákvæði SSÍ og reglugerðir SSÍ, með þeim breytingum sem gerðar hafa verið frá Sundþingi 2019. Jafnframt felur þingið stjórn SSÍ, að uppfæra og viðhalda reglugerðum SSÍ eftir þörfum, á starfstíma sínum.

Greinargerð

Í Almennum ákvæðum voru engar efnisbreytingar gerðar enda lágu engar tillögur fyrir þinginu.

Gert er ráð fyrir að endanlegar tillögur sem kynntar voru á þinginu merkt þingskjal 10 verði settar inn í reglugerðir þegar að þær hafa verið kynntar fyrir hreyfingunni og lagðar undir stjórn til samþykktar.



64. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNÍ Í LAUGARDAL
1. júní 2021

Þingskjal nr: 2021 – 13b

64. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 1. júní 2021

Staðfestir Almenn ákvæði SSÍ og reglugerðir SSÍ, með þeim breytingum sem gerðar hafa verið frá Sundþingi 2019. Jafnframt felur þingið stjórn SSÍ, að uppfæra og viðhalda reglugerðum SSÍ eftir þörfum, á starfstíma sínum.

Greinargerð

Í **Almennum ákvæðum** voru engar efnisbreytingar gerðar enda lágu engar tillögur fyrir þinginu. Gert er ráð fyrir að endanlegar tillögur sem kynntar voru á þinginu merkt þingskjal 10 verði settar inn í reglugerðir þegar að þær hafa verið kynntar fyrir hreyfingunni og lagðar undir stjórn til samþykktar. Í nefndinni komu fram þau viðhorf að breytingar á AMÍ og nýtt mót SMÍ væru það veigamiklar breytingar að rétt væri að sundhreyfingin stæði öll að baki þeim. Nefndin leggur áherslu á að þessar breytingar verði kynntar félögum og þjálfurum og unnar með þeim áður en niðurstaðan liggur fyrir þó ekki síðar en fyrir lok október 2021.



64. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL
1. júní 2020

Þingskjal nr: 2021 - 14

64. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 1. júní 2021

Tillögur kjörnefndar

Formaður til tveggja ára (2023)
Björn Sigurðsson ÍBH

4 meðstjórnendur til fjögurra ára (2025)
Hörður J. Oddfríðarson ÍBR
Viktória Gísladóttir UMSK
Leifur Guðni Á
Hilmar Örn Jónasson ÍRB

2 félagslega skoðunarmenn reikninga til tveggja ára (2023)
Lóa Birna Birgisdóttir ÍBR
Guðmundur Stefán Björnsson SH

Greinargerð

Það hefur Núverandi stjórn gefur öllu kost á sér til áframhaldandi setu og engin mótframboð bárust. Ein stjórnarmaður hefur hætt störfum á tímabilinu en hann átti kjörtíma til 2021. Þingið þarf að kjósa í embætti formanns auk fjögurra meðstjórnanda til 2025. Áfram í stjórn sitja sitja Elsa María Guðmundsdóttir ÍBA, Júlía Þorvaldsdóttir ÍBR, Bjarney Guðbjörnsdóttir ÁA, Oddur Örnólfsson ÍBR með kjörtíma til 2023.

SUNDSAMBAND ÍSLANDS

AFREKSSTEFNA SSÍ



FORMÁLI

Að stunda sundíþróttir til keppni er mjög agaður lífstíll sem krefst mikillar sjálfstjórnar, andlegrar og líkamlegrar uppbyggingar og síðast en ekki síst ákvörðunar um að leggja sig fram og ná árangri. Afreksstefnan er sett fram sem sérstakt þingskjal á Sundþingi, en á sér samt sem áður stoð í heildarstefnu SSÍ.

Með kveðju
Hörður J. Oddfríðarson
formaður SSÍ

Afreksstefna SSÍ

Sameiginlegt markmið sundhreyfingarinnar er að Íslendingar eigi hverju sinni afreksfólk í sundi sem skipar sér á bekk með þeim bestu í sundheiminum. Markmiðið er tryggja möguleika afrekssundfólks framtíðarinnar til að ná settu marki, stuðla að bættum aðstæðum sundfólks og auka íslenska þjálfunarkunnáttu. Í því felst að efla hæfni og færni allra þeirra sem koma að afreksstarfi sundhreyfingarinnar í nútíð, en ekki síður þeirra sem vinna fyrst og fremst við uppbyggingu framtíðar afreksfólks í sundi.

Til þess að ná markmiðum sínum setur sundhreyfingin sér tímabundnar og markvissar áætlanir um frammistöðu á stórmótum. Sundsamband Íslands mótar tímasett markmið og kynnir þau fyrir sundhreyfingunni og afrekssviði ÍSÍ. SSÍ stefnir til langframa að því að styrkja getu einstaklinga og félaga til að vinna að langtímamarkmiðum í afrekssundi. Ásamt því ber að meta keppnisárangur sem skref til aukinna afreka. Leggja þarf mikla áherslu á að efla þekkingu þjálfara í sundhreyfingunni á öllum sviðum þjálfunar og uppbyggingar afreka í sundi.

Landslið Íslands í sundi – uppbygging og áherslur

Sundsamband Íslands setur landsliðshópum markmið og viðmið. Gera þarf kröfur á sundfólkið um að setja sér markmið og áætlun um hvernig hægt er að ná þeim.

Landsliðsþjálfari/Verkefnastjóri og landsliðsnefnd SSÍ aðstoða sundfólkið og félagsþjálfarana í þessari vinnu. Þá þarf einnig að kynna sundfólkinu áætlanir SSÍ og verkefnastöðu hverju sinni þannig að sundfólkið fái nægan tíma til að undirbúa sig.

Jákvæð hvatning og samstarf sambands, landsliðsþjálfara og sundfólksins er lykill að velgengni á alþjóðlegum vettvangi í sundi.

Markmið landsliða Íslands í sundi

- Að komast í undanúrslit og úrslit á alþjóðlegum mótum með það fyrir augum að vinna til verðlauna
- Að stuðla að batnandi árangri hvers einstaklings fyrir sig á alþjóðlegum mótum og innan móta
- Að stuðla að jákvæðu sambandi og innbyrðis stuðningi innan landsliða Íslands á hverjum tíma
- Áherslur landsliðsþjálfara, sundfólks og þjálfara sundfólksins samræmd með reglubundnum hætti
- Reglubundin líkamleg uppbygging með sjúkrapþjálfara
- Æfingabúðir í aðdraganda verkefna landsliða þar sem liðið vinnur með landsliðsþjálfara, sjúkrapþjálfara og fararstjóra
- Undirbúningur fyrir sérhvert verkefni sé markviss og til þess fallinn að
 - Skilgreina markmið verkefnisins á skýran hátt
 - Sundfólkið missi ekki sjónar á markmiðunum
 - Liðsmenn nái að kynnast og auka metnað liðsmanna fyrir verkefninu
 - Gæta að því að sundfólkið sé undirbúið að synda hratt á réttum tíma, sé tæknilega vel á sig komið (snúningar oþh) og geti unnið með hópnum (boðsund og hvatning)

Unglingalandslið Íslands – uppbygging og áherslur

Lögð verður áhersla á að sérhver sundmaður sem kemst í unglíngalandslið Íslands í sundi fái skilmerkilega og jákvæða kynningu á því hvað þátttaka í verkefnum unglíngalandsliðsins felur í sér. Þetta felur m.a. annars í sér kynningu á tröppugangi/röðun verkefna miðað við aldur og kynning á árangursmarkmiðum.

Markmið unglíngalandsliðs

- Stuðla að markvissri uppbyggingu sundmanns frá unglíngalandsliðsverkefnum til stærri verkefna.
- Nauðsynlegt er að liðsmenn í sérhverju verkefni hittist ásamt þjálfara / fararstjóra í það minnsta tvisvar sinnum fyrir sérhvert verkefni.
- Undirbúningur fyrir sérhvert verkefni sé markviss og til þess fallinn að
 - Kynna þátttöku í unglíngalandsliðum – rauði þráðurinn
 - Liðsmenn ná að kynnast
 - Tíunda markmið með þátttöku í tilteknu verkefni
 - Auka metnað liðsmanna fyrir verkefninu
 - Taka 1 – 2 sundæfingar með áherslu á sérhæfða þætti (hraði – snúningar – boðsundsskiptingar og fleira)

Almennt starf í kringum unglíngalandslið

Lágmörk fyrir verkefni, val á þjálfurum og dagsetningar fyrir undirbúning/æfingabúðir eiga að liggja fyrir 15. ágúst ár hvert. Lágmörk fyrir verkefni á tímabilinu ágúst til desember eins og NMU, eiga að liggja fyrir 1. febrúar ár hvert.

Mikilvægt að þjálfarar sem koma að verkefnum unglíngalandsliðs vinni saman og séu meðvitaðir um hvaða sundmenn koma til greina í ákveðin verkefni. Samstarf þjálfara á að vera til þess fallið að stuðla að framgangi sundmannsins í áframhaldandi verkefnum.

Landsliðsþjálfari hefur yfirumsjón með heildarverkefninu, en hann útnefnir einnig einn þjálfara til að halda utan um unglíngalandsliðið.

Mælanleg markmið til 2028

Með góðu móti er hægt er að mæla hversu margir íslenskir sundmenn eru meðal 100 bestu í heiminum, hversu margir meðal 50 bestu, 30 bestu, 20 bestu og 10 bestu. Einnig er hægt að nota Evrópulista til hins sama. Slík viðmið eiga fyrst og fremst að vera úr löngu brautinni en þó er rétt að halda slíkt bókhald úr stuttu brautinni einnig, bæði til samanburðar en ekki síður til að hvetja sundfólkið. Þá er auðvelt að mæla hverjir og hversu margir komast í úrslit á mótum erlendis og á verðlaunapall td á EM og HM. Frekari mælanleg markmið gætu verið fjöldi sundmanna með lágmörk á ÓL og hversu margir ná í úrslit á ÓL. **Þá má ekki gleyma því að lágmarksárangur til þátttöku á ÓL ætti að vera betri en á HM og EM.**

Mælanleg einstaklingsmarkmið eru til að mynda bæting á besta tíma á alþjóðlegum stórmótum eða í minnsta kosti bæting á besta tíma yfirstandandi tímabils. Við Íslendingar erum umtöluð fyrir agað mótahald og höfum gott orð á okkur þegar kemur að alþjóðlegum mótum hér heima. Því er rétt að nota aðeins tíma sem nást á viðurkenndum alþjóðlegum mótum þegar þessi markmið eru gerð upp, hvort sem er alþjóðlegum mótum hér heima, erlendis eða á HM, EM og ÓL.

SSÍ sér til þess að afrekaskrá sé viðhaldið og uppfærð á reglubundinn hátt. Samningur hefur verið gerður við Swimrankings þar sem gott aðgengi er á upplýsingum aftur í tímann sem skiptir

máli við skipulagningu á afreksstarfi. Það hefur einnig hvetjandi áhrif fyrir sundfólkið að fylgjast með hvernig það raðast á alþjóðlega lista með tíma sína.

Góð samskipti við fjölmiðla skipta einnig máli því það er til lítils að setja markmið ef þau vekja ekki áhuga þeirra sem eiga að fylgjast með. Þess vegna er mikilvægt að tengja saman mótadagskrá SSÍ og markmiðssetningu SSÍ og sundfólksins við mögulega fjölmiðlaumfjöllun.

Skilgreining afreka í sundi

Afreksmaður í sundi er hver sá sundmaður sem stenst ákveðin viðmið við heimsafrekaskrá í sundi. Afreksefni telst það sundfólk sem ekki hafa náð jafn langt og afreksfólkið en talið að með markvissri og mikilli þjálfun geta skipað sér á bekk með þeim bestu.

SSÍ axlar ábyrgðina á því að halda úti afreksstefnu í sundi en þó er öllum ljóst að sundhreyfingin verður að standa sameiginlega undir þeirri ábyrgð ásamt SSÍ. Félög og einstaklingar þurfa að hafa ríkan metnað til að ná langt, vera tilbúin að leggja áætlanir sínar fram í upphafi og axla þá ábyrgð sem fylgir því að framkvæma slíkar áætlanir og gera þær upp í lokin.

Ástundun er forsenda afreka – ástundun er forsenda þátttöku

Öll vinna að því að ná settu marki á að vera innan siðferðisgilda íþróttá. Það ber að stefna að því að ástundun afrekssundfólks sé hluti af lífsmunstri og þau ár sem það helgar íþróttum krafta sína komi það ekki niður á þroska þess og undirbúningi að takast á við lífið að íþróttáferli loknum.

Ástundun ásamt skýrum markmiðum er forsenda fyrir því að sundfólk hafi tækifæri til þátttöku í landsliðsverkefnum og er forsenda fyrir því að sundfólk geti unnið til afreka og skipað sér á bekk með þeim bestu.

Markviss ástundun og stöðugleiki í umhverfi sundfólksins ásamt viðunandi starfsumhverfi og faglegum vinnubrögðum þeirra sem aðstoða sundfólkið á hverjum tíma er ávísun á góða uppskeru og árangur í framtíðinni.

Skýr ábyrgð til stuðnings afreksstarfinu – og annarri uppbyggingu

Sundsamband Íslands setur sér meðfylgjandi markmið til að bæta aðstöðu sundfólks og aðstoðarfólks. Með því tekur SSÍ frumkvæði og ábyrgð í uppbyggingu afrekslandsliðs í sundi.

a) Sundíþróttamiðstöð Íslands verði sett á laggirnar.

- Markmiðið með því er að sund eigi fastan samastað við bestu aðstæður. Þar fer fram afreksþjálfun og æfingabúðir og boðið upp á fræðsludagskrá fyrir þjálfara, sundfólk og aðra sem koma verki.

b) ~~Íþróttafulltrúi SSÍ verði ráðinn í 100% stöðu.~~

- ~~Að hafa umsjón með landsliðsverkefnum SSÍ og gera tillögur um viðmið og lágmörk í samráði við landsliðsnefnd~~
 - ~~i. setur markmið, ákveður mótadagskrá SSÍ og setur viðmiðunarreglur fyrir félög í samráði við landsliðsnefnd.~~
 - ~~ii. aðstoðar og miðlar þekkingu sinni og reynslu til annarra félagsþjálfara.~~
- ~~Að vinna að uppbyggingu félaga út um allt land~~
- ~~Að vinna að uppbyggingu sundfólks í öllum aldurshópum~~
- ~~Að hafa umsjón með fræðslumálum innan sundhreyfingarinnar og koma reglu á þau~~
- ~~Að vinna að uppbyggingu annarra sundíþróttá á Íslandi~~
- ~~Að vinna að fjáröflunarverkefnum SSÍ í samráði við framkvæmdastjóra~~

c) Hlutverk og verkefni Landsliðsnefndar er vel skilgreint

- d) Stoðþjónusta, svo sem fræðsludagskrá og fagteymi verður aðgengilegt fyrir afrekssundfólk.
- e) Landslið kölluð til æfingabúða í aðdraganda að alþjóðlegum verkefnum.
- f) Sett verður upp sérstök sumarþjálfun landsliðsfólks í samráði við landsliðsþjálfara.
- g) Stuðlað verður að hvetjandi umhverfi afrekfólks og afreksefna í sundi
- h) Kallað verður reglulega eftir áætlunum og markmiðum sundfólks og þau endurskoðuð amk einu sinni á ári.
- i) Þjálfarar og aðrir sem koma að uppbyggingu afrekssundfólks kallaðir til fræðslu og samráðs
- j) Sett verða skýr mælanleg markmið um fjölda og stöðu sundfólks á heimslista.



LÖG

OG

REGLUGERÐIR

SSI

EFTIR SUNÐÞING 2021

Efnisyfirlit

Contents

Efnisyfirlit	2
I. KAFLI – Lög Sundsambands Íslands	5
II. KAFLI – Almenn ákvæði Sundsambands Íslands	10
1. grein - Keppnistímabil	10
2. grein – Sundíþróttamót.....	10
3. grein – Umsóknir, tilkynningar og úthlutun móta.....	11
4. grein - Skyldur mótshaldara og framkvæmdaaðila	12
5. grein - Skyldur þátttökuliða á SSÍ-mótum og útnefning starfsmanna	13
6. grein - Skráningarfrestur, þátttökutilkynningar, skráningartímar og tímastaðlar	14
7. grein – Þjónustugjöld og þátttökuréttur, félagsaðild og félagaskipti	15
8. grein – Mótmæli og kærur, Yfirdómnefnd móts	17
9. grein – Virðing og tillitssemi	18
10. grein - Verðlaunagripir	18
11. grein – Lyfjamisnotkun/lyfjæftirlit.....	19
III. KAFLI – Starfsnefndir og vinnuhópar SSÍ	20
Megintilgangur og hlutverk starfsnefnda SSÍ	21
Erindisbréf nefnda.....	21
IV. KAFLI – Aga- og siðareglur og önnur viðmið	22
Markmið:.....	22
Gildissvið:	22
Hlutverk Aga- og siðanefndar:	22
Úrræði sem Aga- og siðanefnd getur beitt eru eftirfarandi:	23
Aga- og siðareglur SSÍ:.....	23
SSÍ er aðili að ÍSÍ, NSF, LEN og FINA.....	24
Almennar ferðareglur SSÍ	24
Fyrirmyndarhlutverk sundfólks og þeirra sem starfa í verkefnum SSÍ	24



Reglur ÍSÍ um keppnisferðir	25
V. KAFLI – Reglugerð um Íslensk met	26
VI. KAFLI – Reglugerð um Heiðursviðurkenningar SSÍ	28
VII. KAFLI – Reglugerð um framkvæmd sundmóta.....	29
Júní 2021VIII. KAFLI – Dómgæsla og viðhald réttinda	29
a) Dómari og dómaranemi:	30
b) Yfirdómari og viðhald yfirdómararéttinda	32
c) Alþjóðlegir dómararar	32
IX. KAFLI – Reglugerðir um Íslandsmót	33
a) Opna Íslandsmeistaramótið í 50 m laug.....	33
b) Opna Íslandsmeistaramótið í 25 m laug	35
Júní 2021c) Opna Íslandsmeistaramótið í Garpasundi.....	36
Júní 2021d) Opna Íslandsmeistaramótið í Sundknattleik.....	38
e) Opna Íslandsmótið í Víðavatnssundi.....	40
Júní 2021	40
XI. KAFLI - Reglugerðir um Aldursflokkamót	41
a) Aldursflokkameistaramót Íslands í sundi	41
XII. KAFLI – Reglugerðir um Bikarkeppni	43
a) Bikarkeppni SSÍ í sundi	43
Júní 2021XII. KAFLI – Aðrar reglugerðir SSÍ	44
a) Reglugerð um víðavatnssund.	45
b) Reglugerð um kosningar í Íþróttamannanefnd SSÍ.	47
XIII. KAFLI – Reglugerðir um Bikara og sérstaka sjóði.....	48
a) Reglugerð fyrir SIGURÐARBÍKARINN	48
Júní 2021b) Reglugerð fyrir PÉTURSBÍKARINN	48
c) Reglugerð fyrir KOLBRÚNARBÍKARINN	50
d)Reglugerð fyrir ÁSGEIRSBÍKARINN	51
Júní 2021e)Reglugerð fyrir ÓLAFSBÍKARINN	51



XIV. KAFLI – Erindisbréf nefnda.....	53
a) Aga- og siðanefnd.....	53
b) Dómaranefnd	55
c) Kjörnefnd	56
XV. KAFLI – Verðskrá SSÍ.....	57

I. KAFLI – Lög Sundsambands Íslands

1. grein

Heiti sambandsins er Sundíþróttasamband Íslands. Heiti sambandsins er skammstafað SSÍ, en einnig má nota heitið Sundsamband Íslands um sambandið.

SSÍ er æðsti aðili sundíþróttahreyfingarinnar innan vébanda Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, ÍSÍ, og fer með sérgreinamálefni sundíþróttar á Íslandi. SSÍ er ólympískt samband og er aðili að NSF – Norræna sundsambandinu, LEN – Evrópska sundíþróttasambandinu og FINA – Alþjóðasundíþróttasambandinu.

2. grein

SSÍ er samband félaga, sundráða, héraðssambanda og íþróttabandalaga. Öll félög innan ÍSÍ sem iðka og keppa í sundíþróttum samkvæmt skilgreiningu FINA geta átt aðild að SSÍ, enda eru lög þeirra í samræmi við lög SSÍ og ÍSÍ.

3. grein

Tilgangur og markmið SSÍ er í meginatriðum:

- a) Að hafa yfirstjórn allra sérgreinamálefna sundíþróttar á Íslandi.
- b) Að vinna að stofnun og starfssemi sundráða og efla á allan hátt sundíþróttir á Íslandi.
- c) Að setja og fylgja eftir nauðsynlegum reglum, uppfræða og löggilda dómara, staðsetja og framkvæma mót SSÍ og staðfesta íslensk met.
- d) Að efla, samræma og skipuleggja málefni og verkefni landsliða og undirbúningshópa landsliða.
- e) Að vinna að uppbyggingu á sundíþróttastöðu um landið.
- f) Að fylgja eftir að sundkennsla á Íslandi sé eins og best verður á kosið á hverjum tíma.
- g) Að vera fulltrúi íslensku sundhreyfingarinnar gagnvart erlendum aðilum og gæta þess að gildandi reglur um sundíþróttir á Íslandi séu í samræmi við alþjóðlegar reglur.

SSÍ leitar atbeina ÍSÍ gagnvart alþjóðlegum samskiptum eftir því sem það á við.

4. grein

Sundsambandi Íslands er stjórnað af:

- a) Sundþingi.
- b) Stjórn SSÍ milli sundþinga.

Reikningsár SSÍ er almanaksárið.

5. grein

Sundþing fer með æðsta vald í málum SSÍ. Sundþing sitja fulltrúar héraðssambanda og íþróttabandalaga ásamt fulltrúum félaga sem eiga aðild að SSÍ. Hvert héraðssamband/íþróttabandalag má senda einn fulltrúa á sundþing. Hvert félag sem á skráða iðkendur við næstu áramót fyrir sundþing, á rétt á tveimur fulltrúum fyrir allt að 30 virka iðkendur í sundíþróttum og einum fulltrúa fyrir hverja 30 iðkendur í sundíþróttum eða brot úr þeirri tölu eftir það. Að auki mega félög sem eiga skráða keppendur í sundíþróttum senda 1 fulltrúa til viðbótar á sundþing fyrir hverja 50 keppendur eða brot úr þeirri tölu eftir það. Sundþing skal haldið annað hvert ár, á oddatöluári, jafnan í febrúar eða mars. Stjórn SSÍ boðar og staðfestir staðsetningu og fyrirkomulag sundþings með minnst 6 vikna fyrirvara. Málefni og tillögur, sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu kynnt stjórn SSÍ minnst mánuði fyrir þing. Þá kynnir stjórn SSÍ sambandsaðilum dagskrá og málefni þingsins í síðasta lagi hálfum mánuði fyrir þingið. Sundþing er lögmeitt, ef löglega hefur verið til þess boðað. Rafræn boðun er lögmeitt ásamt tilkynningu á heimasíðu SSÍ.

Ekki er heimilt að stofna til keppni í sundíþróttum þá daga sem sundþing fer fram og þá er óheimilt er að halda sundþing á sömu dögum og íþróttaping eða formannafundur ÍSÍ fara fram. Þau ár sem sundþing er ekki haldið boðar stjórn til formannafundar í febrúar.

6. grein

Á sundþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt:

- a) Stjórn SSÍ
- b) Forseti og framkvæmdastjórn ÍSÍ
- c) Framkvæmdarstjóri ÍSÍ
- d) Fulltrúi menntamálaráðherra (íþróttafulltrúi ríkisins)
- e) Tveir fulltrúar samtaka sundþjálfara (ÍSS)
- f) Einn fulltrúi Sunddómarafélags Íslands (SDÍ)
- g) Einn fulltrúi samtaka íþróttakennara
- h) Formenn sérráða innan SSÍ
- i) Að auki getur stjórn SSÍ boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún sér ástæðu til.

Aðeins sá sem er í sundfélagi innan héraðssambands/íþróttabandalags er kjörgengur fulltrúi þess á sundþing. Hver fulltrúi hefur aðeins eitt atkvæði. Þó getur meirihluti þingfulltrúa heimilað að fulltrúi fari með, ef sérstakar aðstæður krefjast, fleiri en eitt atkvæði þess héraðssambands/íþróttabandalags sem hann er fulltrúi fyrir. Umboð, sem jafnframt er beiðni til þingsins um að fulltrúi megi fara með fleiri en eitt atkvæði, verður að vera skriflegt og vera frá stjórn hlutaðeigandi héraðssambands/íþróttabandalags. Umboð má senda með rafrænu formi til bráðabrigða en skal staðfest með frumriti hið fyrsta. Sérstakar ástæður geta verið ef þing tefst úr hófi miðað við auglýsta dagskrá eða samgöngur raskast verulega.

Á þinginu ræður einfaldur meirihluti, nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða til þess að þær teljist samþykktar.

7. grein

Dagskrá sundþings er:

1. Þingsetning – ávörp gesta
2. Kjör kjörbréfanefndar
3. Kjörnir þingforseti/ar og þingritari/ar
4. Tillaga um heiðursviðurkenningar SSÍ afgreidd
5. Niðurstaða kjörbréfanefndar kynnt
6. Kosning starfsnefnda þingsins
 - a) Fjárhagsnefnd
 - b) Laga- og leikreglnanefnd
 - c) Allsherjarnefnd
 - d) Aðrar nefndir, ef þörf krefur
7. Skýrsla stjórnar
8. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram
9. Umræður um skýrslu stjórnar, starfsnefnda og reikninga
10. Afgreiðsla reikninga
11. Tillögur sem lagðar eru fyrir þingið samkvæmt fundarboði - kynntar og vísað til nefnda
12. Tillaga stjórnar um fjárhæð og fyrirkomulag þjónustugjalda
13. Nefndastörf
14. Fjárhagsáætlun
 - a) næstu tveggja reikningsára lagðar fyrir
 - b) yfirstandandi árs staðfest
15. Afgreiðsla lagabreytingatillagna
16. Afgreiðsla annarra tillagna frá starfsnefndum

17. Kosningar

- a) Kosning formanns til tveggja ára
- b) Kosning fjögurra stjórnarmanna
- c) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga til næsta sundþings

18. Önnur mál**19. Þingslit**

Stjórn SSÍ skal láta koma fram í auglýstri dagskrá hvenær kosning til stjórnar hefst.

8. grein

Allar kosningar eru framkvæmdar í heyranda hljóði nema annars sé óskað. Falli atkvæði jöfn í stjórnarkjöri skal kosning endurtekin. Ef atkvæði eru ennþá jöfn skal hlutkesti ráða.

Þingið getur með 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa leyft að taka mál til afgreiðslu sem fram hefur komið eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum. Skýrslu stjórnar og starfsnefnda auk þinggerðar sundþings, skal senda framkvæmdarstjórn ÍSÍ og birta sambandsaðilum SSÍ innan eins mánaðar frá þingslitum. SSÍ skal varðveita lokaútgáfu þinggerðar í prentuðu formi.

9. grein

Aukasundþing má halda, ef nauðsyn krefur að mati stjórnar SSÍ eða fimm sambandsaðilar óska þess. Boða má til aukasundþings með þriggja vikna fyrirvara. Boðun skal fylgja dagskrá. Fulltrúar á aukasundþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má sambandsaðili tilnefna nýjan fulltrúa í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt.

Á aukþingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin af einhverjum orsökum orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt sundþing.

10. grein

Stjórn SSÍ skal skipuð átta einstaklingum auk formanns. Kosningu skal haga þannig að formaður er kjörinn í beinni kosningu til tveggja ára á hverju sundþingi. Einnig eru kosnir 4 einstaklingar til fjögurra ára. Tveimur árum síðar eru kosnir 4 einstaklingar til fjögurra ára. Framboðsfresti til stjórnar lýkur 4 vikum fyrir sundþing. Hafi ekki borist nægjanlega mörg framboð hefur kjörnefnd heimild til að framlengja frestinn um tvær vikur. Hafi þá ekki borist nægjanlega mörg framboð hefur kjörnefnd eina viku til að fá frambjóðendur í þær stöður sem lausar eru.

Stjórn skiptir með sér öðrum verkum en hlutverki formanns. Stjórn hefur umboð til að ráða launaða starfsmenn til SSÍ í samræmi við fjárhagsáætlun á hverjum tíma. Stjórn SSÍ heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.

Stjórn skipar þriggja manna framkvæmdaráð úr sínum hópi. Framkvæmdaráð vinnur með framkvæmdastjóra SSÍ að úrlausn mála milli stjórnarfunda.

Formaður boðar til funda. Stjórn SSÍ getur sett á fót vinnuhópa til að fjalla um afmörkuð mál í umboði hennar. Starfsár SSÍ er milli sundþinga en reikningsárið fylgir almanaksárinu. Meirihluti stjórnar þarf að taka þátt í afgreiðslu máls til að afgreiðslan teljist fullgild.

Falli stjórnarmaður frá eða hættir störfum á milli sundþinga, má stjórn SSÍ auglýsa meðal nefndarfólks SSÍ eftir staðgengli, til starfa í hans stað. Einstaklingar sem þannig eru kallaðir til geta ekki ráðið úrslitum um afgreiðslu mála innan stjórnar SSÍ.

11. grein

Stjórn SSÍ fer með öll málefni sundhreyfingarinnar á Íslandi milli sundþinga. Aðalverkefni stjórnar SSÍ eru að:

1. Fylgjast með að leikreglur og reglugerðir fyrir sundíþróttir séu jafnan í samræmi við alþjóðareglur
2. Annast skýrslugerð í samræmi við lög ÍSÍ
3. Skera úr ágreiningi um sundmál og setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði
4. Annast fjármál SSÍ
5. Staðfesta íslensk met í sundíþróttum
6. Löggilda dómara í sundíþróttum
7. Halda skrá um menntun og endurmenntun starfandi þjálfara á Íslandi. Standa fyrir og styðja námskeið og fræðslu fyrir þjálfara
8. Framfylgja Stefnu SSÍ og Afreksstefnu SSÍ
9. Beita sér fyrir að námsskrá um sundkennslu sé haldin og að sundkennsla á Íslandi uppfylli eðlilegar kröfur

Stjórn SSÍ er heimilt að stofna til samstarfs með öðrum sérsamböndum, héraðssamböndum/íþróttabandalögum, háskólasamfélaginu, sveitarfélögum, ríkisvaldinu og öðrum til að ná ofangreindum markmiðum.

12. grein

Sundsamband Íslands er aðili að dómstólaskipan ÍSÍ án þess að gildandi séu sérákvæði. SSÍ skal starfrækja Aga- og siðanefnd. Ekki skal skipa stjórnar- eða starfsfólk SSÍ eða aðildarfélagi í nefndina. Heimilt er að skipa fagaðila utan hreyfingar í nefndina. Dómarnefnd og kjörnefnd skulu starfrækta innan SSÍ. Stjórn SSÍ skipar aðrar nefndir sem nauðsyn krefur hverju sinni og setur þeim erindisbréf.

13. grein

Aðilar að SSÍ eru héraðssambönd, íþróttabandalög og íþróttafélög með sundíþróttir innan sinna vébanda. Aðildarfélag skulu senda stjórn SSÍ afrit af lögum sínum. Þau skulu senda SSÍ skýrslur um mót sem haldin eru á þeirra vegum í samræmi við reglur í Almennum ákvæðum SSÍ. Aðildarsambönd og -félög senda SSÍ ársskýrslur sínar. Jafnframt ber þeim að standa skil á skráningum í sameiginlegt skráningarkerfi íþróttar- og unmenahreyfingarinnar í samræmi við reglur ÍSÍ þar um. Vanræki sambandsaðili ítrekað skýrslu- eða skráningarskil varðar það réttindamissi og brottrekstri. Þó skal ávallt aðvara viðkomandi sambandsaðila áður en gripið er til brottrekstrar.

14. grein

SSÍ skal í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd/íþróttabandalög vinna að stofnun nýrra sérráða og áframhaldandi starfssemi sérráða sem þegar eru starfandi.

15. grein

Í ársskýrslu sinni til sundþings skal stjórn SSÍ jafnan gera grein fyrir notkun styrktarfjár þess er hún hefur haft til umráða.

16. grein

Stjórn SSÍ hefur frjálstan aðgang að öllum sundmótum og sýningum sem fara fram innan vébanda SSÍ. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða og héraðssambanda /íþróttabandalaga sem eru aðilar að SSÍ.

17. grein

Tilkynningar um íslensk met og önnur afrek í sundíþróttum skal senda stjórn SSÍ til staðfestingar, ásamt skýrslu um og staðfestum gögnum móts. Íslandsmet skulu skráð í samræmi við ákvæði reglugerðar um íslensk met í sundi. Öll staðfest met skulu tilkynnt framkvæmdarstjórn ÍSÍ.

18. grein

Tillögu um að leggja SSÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmætu sundþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsfélögum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulega þings. Með fulltrúakjöri sínu til þess þings taka aðilar afstöðu til tillögunnar. Verði tillagan þá samþykkt á ný, er það fullgild ákvörðun um að SSÍ skuli lagt niður. Ákveður það þing síðan hvernig ráðstafa skuli eigum SSÍ, en þeim má aðeins verja til að efla sundíþróttir á Íslandi.

19. grein

Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdarstjórn ÍSÍ hefur staðfest þau.

Júní 2021

II. KAFLI – Almenn ákvæði Sundsambands Íslands

1. grein - Keppnistímabil

Keppnistímabil SSÍ er frá 16. ágúst til 15. ágúst.

2. grein – Sundíþróttamót

2.1

Opin sundmót eru þau sundmót sem öllum félögum innan ÍSÍ er heimil þátttaka í. Þau geta einnig verið opin gestum erlendis frá. Í opnum sundmótum er keppt í opnum (elsta) flokki. Opin sundmót skulu fara fram samkvæmt sundreglum SSÍ og FINA, m.a um sundkeppnina, sundaðferðir, tímatöku og hlutverk starfsmanna.

2.1.1

Tímalágmörk á opnum mótum eru heimil. Mótshaldari setur slík tímalágmörk fyrir mót á sínum vegum. Tímalágmörk skal auglýsa fyrir mót, ásamt öðrum atriðum sem máli skiptia. Umreiknaður tími skal byggður á tímastöðlum SSÍ. Umreiknaður tími úr öðrum brautarlengdum en mótið er, skal merktur sérstaklega í keppniskrá.

2.2

Aldursflokkamót eru sundmót þar sem keppt er í aldursflokkum sem skilgreindir eru af SSÍ.

2.3

Héraðsmeistaramót eru haldin af einu eða fleiri héraðssamböndum eða sundráðum. Skulu þau fara fram samkvæmt sundreglum SSÍ.

2.4

Innanfélagsmót eru þau sundmót, þar sem þátttaka er takmörkuð við ákveðið félag og gesti þess. Farið skal eftir sundreglum SSÍ.

2.5

Sundmót SSÍ (SSÍ mót) eru þau sundmót sem SSÍ stendur fyrir ýmist í samstarfi við félag eða ekki. Sundmót SSÍ eru alla jafnan opin

2.5.1 Sundmót SSÍ eru:

- a. Opna - Íslandsmeistaramótið í 50 m laug
- b. Opna - Íslandsmeistaramótið í 25 m laug
- c. Aldursflokkamót Íslands, haldið í 25 m laug
- d. Bikarkeppni SSÍ, haldin í 25 m eða 50 m laug
- e. **Sumarmót SSÍ, haldið er í 50 metra laug**
- f. Opna Íslandsmeistaramótið í garpasundi, haldið í 25 m laug
- g. Opna - Íslandsmótið í sundknattleik
- h. Opna - Íslandsmótið í dýfingum
- i. Opna - Íslandsmótið í sundfimi
- j. Opna - Íslandsmótið í víðavatnssundi

2.6

Óheimilt er að stofna til annarrar keppni í sundíþróttum á vegum sambandsaðila þá daga sem ofangreind mót fara fram. Stjórn SSÍ er heimilt að breyta nafni móts þannig að það tengist nafni eða vörumerki styrktaraðila þegar styrktaraðili tekur að sér að styrkja tiltekið mót. Heiti móts skal ávallt innihalda nafn/auðkenni Sundsambands Íslands.

2.7

Sundmót SSÍ eru ekki á dagskrá á sama tíma og meistaramót LEN og FINA.

2.7.1

Dagsetningu SSÍ-móta getur stjórn SSÍ breytt, þegar áætlun um meistaramót LEN og FINA liggur fyrir svo og ef breyting verður á forsendum mótahaldsins.

2.8 – Keppni milli karla og kvenna

Á mótum SSÍ og aðildarfélaganna þess, má ekki stofna til keppni milli karla og kvenna nema í blönduðum boðsundum. Stjórn SSÍ getur veitt undanþágu frá þessari reglu.

3. grein – Umsóknir, tilkynningar og úthlutun móta

3.1 – Umsókn um mót

Hvert aðildarfélag sambandsaðila skal hafa rétt á að halda sundmót SSÍ með fullri fjárhagslegri ábyrgð. Réttindi til þátttöku á mótum SSÍ, hafa öll sundfélög sem eiga lögmæta aðild að ÍSÍ.

3.1.1

Umsóknir um að halda mót á vegum SSÍ skulu berast skriflega til SSÍ fyrir 1. maí fyrir næsta sundtímabil. Ákvörðun stjórnar um staðsetningu liggur fyrir þegar atburðadagatal SSÍ fyrir komandi tímabil er kynnt.

3.1.2

Í umsókn um SSÍ mót, kemur fram hvaða verkefni er sótt um, hver sækir um og skipuleggur, hvaða laug verður notuð og uppsetning laugar, aðstaða til gistingar og næringar og svo fyrri reynsla félags af mótahaldi.

3.2 – Úthlutun SSÍ móta

Ef tvö eða fleiri aðildarfélög SSÍ sækja um að halda sama mót á vegum SSÍ skal stjórn SSÍ ráða staðsetningu þess og er niðurstaða hennar endanleg. Framkvæmdaaðili og SSÍ skulu gera með sér skriflegan samning um framkvæmd mótsins og skiptingu tekna og kostnaðar, minnst þremur mánuðum áður en viðkomandi mót hefst.

3.3 – Umsókn um opið mót á atburðadagatal SSÍ

Umsóknir um opin sundmót eru sendar skriflega til SSÍ fyrir 1. maí fyrir næsta sundtímabil. Heimilt er að efna til opinnar sundíþróttakeppni með minni fyrirvara, en þá verður umsókn um mótið að berast til SSÍ með minnst 1 mánaðar fyrirvara.

3.4 – Umsókn um innanfélagsmót

Í umsókn um innanfélagsmót er tekið fram hvar og hvenær mótið á að halda og í hvaða greinum verði keppt. Tilkynning um mótið skal berast skrifstofu SSÍ skriflega með minnst viku fyrirvara og skal SSÍ skrá umsóknir (tilkynningar). Ekki er mögulegt að ná lágmarkum á opin SSÍ mót eða í landsliðsverkefni á slíkum mótum.

3.5 – Um hlutgengi

Félög eða félagsmenn innan vébanda ÍSÍ mega ekki taka þátt í opinni keppni eða móti sem ekki hefur hlotið samþykki viðkomandi aðila. Þó er hér undanskilin skólakeppni og keppni milli vinnuflokka.

3.6 – Tilkynningar og auglýsingar um mót

Í tilkynningum og auglýsingum um sundmót, skal tekið fram hvar og hvenær mótið fer fram og jafnframt skýrt kveðið á um skráningarfrest, í hvaða greinum verði keppt, röð greina, og ef keppt er um sérstaka verðlauna- eða farandgrip.

Sérstaklega skal kynna ef keppni fer fram í aldursflokkum, garpaflokkum eða fötlunarflokkum. Taka á fram í auglýsingum um sundmót hvort greiða skal skráningargjald og hve hátt það er.

3.7 – Skráningar- og stungugjöld

Heimilt er að krefjast skráningar- og stungugjalda á öðrum sundmótum en meistaramótum á vegum SSÍ. Meistaramót SSÍ eru Íslandsmeistaramót í 25 og 50m laug, Aldursflokkamót Íslands og Bikarkeppni SSÍ.

SSÍ hefur heimild til að innheimta seinskráningargjöld á meistaramótum þess og skal það skilgreint og auglýst í verðskrá SSÍ.

Framkvæmdaaðilar annarra móta en SSÍ móta hafa frjálssar hendur um ákvörðun slíkra gjalda.

4. grein - Skyldur mótshaldara og framkvæmdaaðila

4.1

SSÍ er alltaf mótshaldari á eigin mótum. SSÍ er heimilt að fá aðildarfélag til að framkvæma mótshaldið fyrir sína hönd. Aðildarfélag sem tekið hefur að sér framkvæmd móts, er þá framkvæmdaraðili móts.

4.1.1

Aðildarfélag sem tekið hefur að sér framkvæmd móts á vegum SSÍ en dregur sig tilbaka innan við þriggja mánaða frá móti skal greiða sekt til SSÍ að fjárhæð sem svarar til 1.750 EUR. SSÍ skal síðan greiða fjárhæð sem svarar til 1.250 EUR til þess félags sem hleypur í skarðið. Ef mótshaldari dregur sig til tilbaka frá AMÍ innan þriggja mánaða frá móti skal hann greiða sekt sem svarar til 2.625 EUR til SSÍ. SSÍ skal síðan greiða fjárhæð sem svarar til 2.000 EUR til þess félags sem hleypur í skarðið.

4.2

SSÍ gefur út og kynnir atburðadagatal minnst einum mánuði fyrir upphaf keppnistímabils.

4.2.1

Stjórn SSÍ ákveður tímasetningu SSÍ móta næsta sundtímabil. Við sérstakar aðstæður hefur stjórn SSÍ heimild til að bregðast við breyttum forsendum og flytja til dagsetningar móta eða fella niður tiltekin mót, en allar slíkar ákvarðanir skulu háðar samráði við forráðamenn sundfélaga og kynntar með mesta mögulegum fyrirvara.

4.2.2

Í atburðadagatali koma fram tímasetningar SSÍ móta, æfinga og keppnisverkefna undirbúningshópa og landsliða, innanlands og utan, dagsetningar Sundþings og áætlanir um formannafundi SSÍ, auk þess sem stefnt skal að því að öll opin sundmót á vegum sundfélaga og sambandsaðila séu tímasett og kynnt sundsamfélaginu á sama tíma.

4.2.3

Þau sundfélög og sambandsaðilar sem óska eftir því að kynna eigin sundmót og atburði á atburðadagatali SSÍ skulu senda stjórn umsókn um slíkt fyrir 1. maí.

4.2.4

Stjórn SSÍ ber að leita samráðs við sundfélög á landinu um heildarskipulag og hafa forgöngu um nauðsynlegar tilhliðranir varðandi dagsetningar sundmóta og tímasetningu annarra atburða. Náist ekki samkomulag milli aðila skal stjórn SSÍ skera úr um dagsetningar sundmóta og einstakra atburða.

4.2.5

Aðilar sem fengið hafa kynningu á sínum verkefnum á atburðadagatali SSÍ hverju sinni skulu leita heimildar stjórnar SSÍ til frávika, með minnst eins mánaðar fyrirvara.

4.2.6

Láti sambandsaðili undir höfuð leggjast að leita slíks samþykkis eða felli aðili niður sundmót sem sett hefur verið á atburðadagatal SSÍ, hefur stjórn heimild til að úrskurða viðkomandi aðila til greiðslu sektar allt að fjárhæð sem samsvarar 700 EUR. Aðilar sæta ekki sektarviðurlögum ef sannað er að óviðráðanlegar ástæður hafi ótvírætt hamlað því að staðið væri við auglýst áform.

4.3

SSÍ sendir út tilkynningu til aðildarfélaganna minnst einum mánuði fyrir mót vegna SSÍ móta.

4.3.1

Í tilkynningunni koma fram upplýsingar um laugarstærð, tækjabúnað, skipulag móts og dagskrá, skráningargjöld og skráningarfrest.

4.3.2

Fulltrúi SSÍ á að vera viðstaddur lokaundirbúning keppnissvæðis og mælingu á laug fyrir SSÍ mót.

4.3.3

Framkvæmdaaðili er algjörlega fjárhagslega ábyrgur fyrir mótinu.

4.3.4

Framkvæmdaaðili í samvinnu við mótshaldara sér til þess að löglegur fjöldi starfsmanna sé til staðar meðan á móti stendur.

4.3.5

Framkvæmdaaðila SSÍ móta er skylt að halda mótið í samræmi við áður ákveðna dagskrá samþykka af stjórn SSÍ.

4.4

Á sundmótum er unnið í samræmi við reglugerð um framkvæmd sundmóta.

4.5

Á tækni- og dómarafundum er kynnt meðferð ágreiningsmála, kæruleiðir og áfrýjun úrskurða og þar með lögsaga dómstóla ÍSÍ.

4.6

Framkvæmdaaðilar félagsmóta og SSÍ móta skulu senda SSÍ mótaskýrslu og útprentun úr tímatökutækjum. Einnig skulu úrslit mótsins berast til SSÍ á tölvutæku formi. Skýrsla um sundmót skal undirrituð af mótsstjóra og yfirdómara. Til þess að úrslit teljist gild þurfa framangreind gögn að hafa borist SSÍ innan sjö daga frá lokum móts og skulu staðfest úrslit birtast innan sama tíma.

5. grein - Skyldur þátttökuliða á SSÍ-mótum og útnefning starfsmanna

5.1

Aðildarfélög skulu sjálf bera allan kostnað vegna ferða til og frá mótsstað, svo og kostnað vegna fæðis og gistingar.

5.2

Félög skulu útvega starfsfólk í hlutfalli við fjölda skráninga miðað við stærð laugar. Framkvæmdaaðili skal gera grein fyrir starfsmannaþörf um leið og mót er auglýst.

5.2.1 – Almenn viðmið um fjölda starfsmanna á mótum

Sú almenna regla skal gilda að félög skili að lágmarki einum starfsmanni fyrir hverjar 10 skráningar og þau félög sem starfa innan 120 km fjarlægðar frá mótsstað skulu skila tvöföldum fjölda starfsmanna á við þau félög sem lengra eiga að.

5.2.1.1

SSÍ heldur námskeið fyrir dómara, gefur út og staðfestir reglur um réttindi þeirra.

5.2.1.2

Dómaranefnd SSÍ fylgist með og heldur skrá yfir störf dómara, gerir tillögur um/velur dómara til starfa á mótum SSÍ og í alþjóðleg verkefni og sendir stjórn SSÍ til staðfestingar eftir því sem við á.

5.2.1.3

Skrá um dómara / yfirdómara er aðgengileg á heimasíðu SSÍ.

5.2.1.4

Dómarar á sundmótum SSÍ klæðast fatnaði sem auðkennir þá.

5.2.2 – Viðurlög

Stjórn SSÍ hefur heimild til að beita félögum viðurlögum t.d. fésektum og/eða vísa þeim frá keppni láti þau undir höfuð leggjast að skila tilskyldum fjölda starfsmanna. Skal stjórn SSÍ beita félög viðurlögum ef um ítrekuð brot á þessari reglu er að ræða.

6. grein - Skráningarfrestur, þáttökutilkynningar, skráningartímar og tímastaðlar

6.1 – Skráningarfrestur og þáttökutilkynningar

Einstaklings- og/eða liðaskráning vegna allra SSÍ móta skal hafa borist skrifstofu SSÍ fullum 16 dögum fyrir mótsbyrjun.

6.1.1

Vegna SSÍ móta leggur SSÍ til mótaskrá á tölvutæku formi og skal skráningum skilað á því sama formi. Þeir sem ekki hafa aðgang að því forriti sem SSÍ notar hverju sinni skulu senda skráningarnar inn á þar til gerðum skráningarformum sem eru gefin út af SSÍ og skulu skráningar þá hafa borist skrifstofu SSÍ fullum 17 dögum fyrir mótsbyrjun. Önnur skráningarblöð eða form eru ekki tekin gild sem skráning á SSÍ mót. Sé skráningum skilað síðar skal félag borga seinskráningagjald, samkvæmt verðskrá SSÍ.

6.1.2

Öllum skráningum skal skilað inn með með rafrænum hætti. Í öllum tilfellum skal koma fram fullt nafn, kennitala, og löglegur tími keppenda á yfirstandandi keppnisári. Í þeim tilfellum þar sem lágmörk gilda m/v aldur og/eða aldursflokkaskiptingu ber að miða við fæðingarár viðkomandi keppenda.

6.1.3

Dagsetning á skráðum árangri og staðsetning eða mótsheiti skal koma fram á skráningarformi.

6.1.4

Fötludu sundfólki er heimil þátttaka á Íslandsmeistaramótum og öðrum mótum sem haldin eru innan vébanda SSÍ.

6.1.4.1

Gilda sömu reglur um skráningar og þáttökutilkynningar þeirra og um annað sundfólk en að auki ber fötludum að skila með skráningum, númeri fötlunarflokks. Gilda þá sérreglur um fötlunarflokkinn eftir atvikum fyrir þann sundmann í greininni.

6.1.4.2

SSÍ skal skrá viðkomandi keppanda undir merkjum félags hans. Mótstjórn upplýsir yfirdómara um sundmanninn og fötlunarflokk hans áður en mótshluti hefst. Upplýsa á yfirdómara áður en sund hefst ef aðstoðarmanns er þörf.

6.1.4.3

Heimilt er að skrá fatlað sundfólk í sérstakan riðil og skal sá riðill þá fara fram á undan öðrum riðlum, að öðrum kosti raðast sundfólk í riðla eftir tímum.

6.1.4.4

Heimilt er að veita sérstök verðlaun í flokki fatlaðra.

6.1.5

Hafi keppandi verið rangt skráður skal sá keppandi ávallt raðast í riðil miðað við að hann eigi ekki gildan tíma í greininni og félagi hans skal gert að greiða sekt samkvæmt verðskrá SSÍ.

6.1.5

Röð keppenda í boðsundssveitum skal tilkynna skriflega í síðasta lagi hálf tíma fyrir viðkomandi keppnishluta - til að sveitin öðlist keppnisrétt.

6.1.6

Mótshaldarar annarra móta en SSÍ móta hafa heimild til að setja aðrar reglur um skráningarfresti og skráningarform. Það skal þá koma fram í tilkynningu um mótið hvernig þessum málum er háttað.

6.2 – Skráningartímar

Við skráningu á sundmót skal ávallt nota tíma frá móti sem haldið er samkvæmt lögum og reglum SSÍ/FINA enda hafi mótið verið skráð og úrslitum skilað til SSÍ.

6.2.1

Tími telst almennt gildur innan tólf mánaða tímabils eða milli samsvarandi móta.

6.2.2.

Tíma á að skrá í samræmi við þá brautarlengd sem mót fer fram í. Tímum úr brautum af annarri lengd skal breyta samkvæmt tímastaðli SSÍ og merkja sérstaklega í skráningu.

6.2.3

Ef tími keppanda er rangt skráður skal sá keppandi raðast í riðil miðað við að hann eigi ekki gildan tíma í greininni eða missa þátttökurétt ef um tímalágmörk á viðkomandi mót er að ræða. Jafnframt er félagi hans gert að greiða sekt að fjárhæð sem samsvarar 20 EUR.

6.2.4

Íslenskt sundfólk sem stundar æfingar í sundi, en býr erlendis og sannanlega getur ekki náð lágmarkstímum á Íslandsmeistaramót í rétttri eða umreiknaðri brautarlengd samkvæmt Almennum ákvæðum SSÍ, getur sótt um heimild til keppni á Íslandsmeistaramóti, til skrifstofu SSÍ með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Þessir einstaklingar eru þá skráðir án tíma (NT) í viðkomandi greinum.

6.2.5

Á SSÍ mótum skulu allar boðsundssveitir skráðar tímalausar (00:00,00) í undanrásum eða þegar keppt er beint til úrslita. Röðun á brautir ræðst þá af handahófi. Árangur boðsundssveita ræður að öðru leyti röðun þeirra á brautir.

6.3 – Tímastaðlar

Stjórn SSÍ gefur út reiknireglu til að meta árangur milli eftirtalinna brautarlengda: 12,5 metra, 16 2/3 metra, 25 metra og 50 metra.

6.3.1

Reiknireglur þessar skulu uppfærðar eftir þörfum þegar stjórn SSÍ gefur út lágmark og viðmið verkefna næsta sundárs á eftir.

6.3.2

Umreiknaður tími skal merktur sérstaklega í skráningu á mót. Umreiknaður tími getur aldrei orðið betri en Íslandsmet í greininni í viðkomandi brautarlengd og skal í þeim tilfellum skrá umreiknaðan tíma amk 1/100 yfir gildandi meti.

7. grein – Þjónustugjöld og þátttökuréttur, félagsaðild og félagaskipti

7.1 - Þjónustugjöld

SSÍ innheimtir þjónustugjöld af sundfélögum /deildum sem eiga aðild að íþróttabandalagi eða héraðssambandi innan ÍSÍ.

7.1.1

Þjónustugjöld eru ákveðin á Sundþingi og innheimtast í tvennu lagi m/v 1. maí og 1. desember ár hvert.

7.1.2

Verði misbrestur á greiðslum skal stjórn SSÍ beita viðkomandi félag útilokun frá verkefnum SSÍ. Eindagi félaga/deilda til greiðslu þjónustugjalda er mest þrjú mánuðir frá útgáfudegi greiðsluseðils, þar til stjórn SSÍ skal beita viðurlögum – hafi ekki verið samið um skuldalúkningu.

7.2 – Félagsaðild og félagaskipti

Allir keppendur í sundíþróttum skulu skráðir hjá SSÍ undir fullu nafni mv þjóðskrá og kennitölu.

7.2.1

Keppendur í keppnissundi, garpasundi og sundknattleik geta skipt um félag hvenær sem er á keppnistímabilinu. Keppnisrétt öðlast viðkomandi með sínu nýja félagi þó ekki fyrr en 30 dögum eftir að tilkynning um félagaskipti hefur borist skrifstofu SSÍ.

7.2.2

Keppendur í garpasundi og keppendur 20 ára og eldri í sundknattleik greiða kr. 2500 fyrir félagaskipti og keppendur í sundknattleik 19 ára og yngri greiða kr. 1500 fyrir sömu þjónustu. Keppandi í keppnissundi sem greiðir þjónustugjald til SSÍ greiðir ekki sérstakt gjald vegna félagaskipta.

7.2.3

Tilkynna þarf öll félagaskipti skriflega til skrifstofu SSÍ. Tilkynning um félagaskipti þurfa að berast skrifstofu SSÍ á þar til gerðu eyðublaði/formi ásamt greiðslu þegar það á við. Póststimpill ábyrgðarbréfs, kvittun stjórnarmanns eða starfsmanns gildir sem dagsetning tilkynningar um félagaskipti.

7.2.4

Stjórn SSÍ skal á næsta fundi staðfesta félagaskipti og færa til bókar. Sundmaður í keppnisflokki eða garpaflokki getur keppt undir merkjum annars félags í öðrum sundíþróttagreinum.

7.3 – Keppnisréttur erlendra ríkisborgara

Á Íslandsmótum í sundi geta íslenskir ríkisborgarar einir orðið Íslandsmeistarar og sett íslensk met.

7.3.1

Erlendu sundfólki er heimil keppni í einstaklingsgreinum og boðsundssveitum á Íslandsmótum til verðlauna. Boðsundsveit með erlendan ríkisborgara innanborðs getur aldrei hlotið Íslandsmeistaratitil né sett íslenskt met.

7.3.2

Ekki skal setja takmörk á fjölda erlendra ríkisborgara í liðakeppni í sundi, að því tilskyldu að viðkomandi hafi búið á Íslandi í 30 daga hið minnsta.

7.3.3

Íslenskir ríkisborgarar búsettir erlendis eiga alltaf keppnisrétt á Íslandsmótum.

7.3.4

Óski íslenskir ríkisborgarar sem æfa og keppa undir merkjum félaga erlendis eftir að keppa undir merkjum félags á Íslandi gilda reglur SSÍ um félagaskipti, þar sem sundfólk má ekki hafa keppt undir merkjum annars félags (erlends) minnst 30 daga fyrir keppni á Íslandi.

7.3.5

Íslenskir ríkisborgarar sem æfa og keppa undir merkjum félaga erlendis, en hafa aldrei keppt undir merkjum félags á Íslandi þarf að hafa búið á Íslandi a.m.k. síðustu 30 daga fyrir keppni.

7.3.6

Sundfélag sem tekur við sundmanni með erlendan ríkisborgararétt skal tilkynna það SSÍ, eins og um félagaskipti sér að ræða. Sundmaður öðlast keppnisrétt með félaginu 30 dögum eftir að tilkynning berst skrifstofu SSÍ eða er pósthimplað.

7.3.7

Erlendum ríkisborgurum sem uppfylla skilyrði um félagsréttindi, er heimil þátttaka Íslandsmeistaramótum, í liðkeppni (Bikarkeppni og AMÍ) og einstaklingskeppni að því tilskyldu að vera skráður í sundfélag/-deild í samræmi við félagsreglur ÍSÍ. Viðkomandi einstaklingur getur þó ekki sett íslensk met né orðið Íslandsmeistari, hvorki í einstaklingsgrein eða boðsundi.

7.4 – Forföll, varamenn, vísað frá keppni

Keppandi sem skráður hefur verið til opinnar keppni og mætir ekki til leiks, án sannanlegra forfalla, skal tilkynntur til sérráðs og/eða héraðssambandsstjórnar, og sæti hann viðurlögum, sektum eða útilokun frá keppni. Mæti keppandi ekki til leiks af þeim orsökum að félag hans hefur skráð hann án vitundar eða samþykkis hans/hennar, skal félagið sæta ábyrgð fyrir.

7.4.1

Þátttakendum sem ekki eru viðstaddir þegar yfirdómari eða aðstoðarmenn hans kalla upp nöfn þeirra áður en rásmerki er gefið má neita um að keppa.

7.4.2

Á öllum mótum á vegum SSÍ skal sekt fyrir að mæta ekki á rásfall á réttum tíma vera sem svarar 33 EUR fyrir einstaklingsgreinar en sem svarar 65 EUR fyrir boðsundssveitir.

7.4.3

Heimilt er að setja inn varamenn fyrir úrskráningar í undanrásum eða þegar keppt er beint til úrslita – í samræmi við reglur FINA. Ávallt er heimilt að skrá úr einstökum greinum innan auglýsts frests.

7.5 – Boðsund

Félögum er heimilt að senda fleiri en eina boðsundssveit til keppni á móti hafi keppnishaldari gert ráð fyrir því í tilkynningu um mót og reglugerð mótsins mælir ekki gegn því.

7.5.1

Í þeim tilfellum sem félag sendir fleiri en eina sveit skal merkja sveitir félags A, B, C osfrv. til aðgreiningar.

7.5.2

Sé um að ræða stigakeppni félaga skal A sveit félags ávallt vera sú sveit sem keppir til stiga.

7.5.3

Geri sveit ógilt í undanrásum eða undanúrslitum á móti er öllum sundmönnum sem skipuðu hina ógildu sveit óheimilt að taka þátt í öðrum boðsundssveitum félags í úrslitum sömu greinar. Á sama hátt er félagi óheimilt að merkja aðrar sveitir félagsins með bókstaf hinnar ógildu sveitar.

8. grein – Mótmæli og kærur, Yfirdómnefnd móts

8.1

Liðstjóri/þjálfari geta mótmælt/kært

- a) ef lögum og reglum SSÍ um mótahald er ekki fylgt
- b) ef þær aðstæður skapast að það trúfli keppni eða keppendur verulega
- c) ákvörðunum yfirdómara; engin mótmæli gegn „decisions of fact“ eru þó tekin til greina

8.2

Mótmæli/kærur skulu afhentar yfirdómara

- a) skriflega á eyðublöðum SSÍ
- b) af liðstjóra eða þjálfara félgas sem í hlut á
- c) ásamt kærufé að upphæð kr. 5000,00
- d) innan 30 mínútna frá því úrslit greinar/leiks eru birt

Ef mótmæla á atriði sem á sér stað áður en keppni er hafin skal tilkynna um mótmæli áður en rásmerki er gefið

8.3

Öll mótmæli/kærur eru tekin fyrir af yfirdómara. Yfirdómari sem hafnar mótmælum/kærum, verður að gefa ástæður fyrir ákvörðun sinni. Þjálfari/liðstjóri getur skotið höfnun yfirdómara til Yfirdómnefndar, en niðurstaða hennar er endanleg.

8.4

Ef mótmælum/kærum er hafnað mun kærufé renna í sjóði SSÍ. Ef yfirdómari eða yfirdómnefnd samþykkja mótmæli/kæru er kærufé endurgreitt.

8.5

Á öllum mótum SSÍ starfar yfirdómnefnd skipuð þremur stjórnarmönnum SSÍ. Formaður SSÍ, eða varaformaður í fjarveru formanns, er jafnframt formaður yfirdómnefndar. Skal yfirdómnefnd úrskurða í ágreinings- og álitamálum sem upp koma á móti, í samræmi við reglur LEN og FINA og ef þau falla ekki beinlínis undir lögsögu annarra aðila í samræmi við samþykktir SSÍ og ÍSÍ. Yfirdómnefnd móts skal fjalla um öll mál sem upp kunna að koma varðandi slæma framkomu eða hegðun á öllum mótum SSÍ.

Úrskurðir yfirdómnefndar móts eru endanlegir.

8.6

Ef keppandi eða starfsmaður á móti, gerir sig sekan um ósæmilega hegðun að mati yfirdómara eða fulltrúa SSÍ og ekki vinnst tími til að taka á málinu meðan á móti stendur, getur viðkomandi sent skýrslu um málið til skrifstofu SSÍ innan 7 daga frá því að atvikið átti sér stað. SSÍ skal tilkynna viðkomandi félagi um atvik þau er varða keppendur, starfsmenn og/eða trúnaðarmenn viðkomandi félags og skal félagið taka málið til meðferðar og kynna stjórn SSÍ niðurstöðu sína innan þess frests sem hæfilegur getur talist. Stjórn SSÍ sendir þau mál sem ekki fæst niðurstaða í með ofangreindum hætti til Aga- og siðanefndar.

8.7 – Samband sundmanns við þjálfara

Þjálfurum og liðsstjórum er óheimilt að vera í faglegu sambandi við keppanda í sundi, sundfimi eða dýfingum á meðan viðkomandi grein stendur yfir svo og í sambandi við sundknattleik meðan leikur er í gangi

9. grein – Virðing og tillitssemi

9.1 - Virðing

Keppendur í sundíþróttum, þjálfarar þeirra og aðrir sem koma að keppni í sundíþróttum skulu sýna öðrum keppendum, þjálfurum, fylgdarfólki og starfsfólki móta og sundstaða tilhlýðilega virðingu og tillitssemi í hvívetna.

9.2 - Verðlaunaafhending

Keppendur sem vinna til verðlauna í sundíþróttum skulu mæta til verðlaunaafhendingar.

9.2.1

Mótsstjórn má svipta keppanda verðlaunum sínum mæti hann ekki til verðlaunaafhendingar, án eðlilegra skýringa.

9.2.2

Heimilt er liðsstjóra/keppanda þó að senda staðgengil til að taka við verðlaunum, vegna sérstakra aðstæðna. Liðstjóri eða þjálfari skulu tilkynna mótstjórn áður en verðlaunaafhending fer fram hverju sinni ef sérstaklega stendur á varðandi mætingu keppanda til móttöku verðlauna.

10. grein - Verðlaunagripir

Reglugerðir um verðlaunagripir skulu staðfestar af stjórn SSÍ. Í reglugerð skal tekið fram:

- Nafn verðlaunagripa og gefanda
- Hverjir annist um að reglugerð sé framfylgt
- Í hvaða greinum skuli keppt og hverjir sjái um keppnina
- Á hvaða mótum skuli keppt um gripina
- Hve oft skuli keppt um gripina
- Hverjir hafi rétt til keppni
- Ákvæði um að vinna gripir til varðveislu eða eignar

Slíkum reglugerðum verður ekki breytt nema að undirlagi stjórnar SSÍ og skal leitað eftir samþykki gefenda sé það áskilið í reglugerð.



11. grein – Lyfjamisnotkun/lyfjæftirlit

Um lyfjamál gilda lög og reglur ÍSÍ þar sem unnið er eftir fyrirmælum WADA varðandi bönnuð efni og viðurlög skulu vera í samræmi við ákvarðanir dómstóla ÍSÍ og FINA eftir því sem við á. Lyfjæftirlit er í höndum Lyfjanefndar ÍSÍ og skal fara eftir lögum og reglugerðum ÍSÍ.

Júní 2021

III. KAFLI – Starfsnefndir og vinnuhópar SSÍ

Innan SSÍ eru eftirfarandi fastanefndir SSÍ:

- a. Aga- og siðanefnd
- b. Dómaranefnd
- c. Kjörnefnd

Stjórn SSÍ skipar fólk í nefndir sambandsins. SSÍ kallar eftir tilnefningum frá aðildarfélögum um fólk í nefndir. Ekki er heimilt að skipa stjórnar- eða starfsfólk SSÍ eða aðildarfélaga SSÍ í Aga- og siðanefnd. Heimilt er að skipa fagaðila utan hreyfingar í nefndina.

Í dómaranefnd og kjörnefnd skipar stjórn SSÍ á fyrsta fundi sínum að loknu sundþingi og staðfestir um leið erindisbréf þeirra. Stjórn SSÍ skipar aðrar nefndir sem nauðsyn krefur hverju sinni og setur þeim erindisbréf.

SSÍ skipar einnig vinnuhóp/a vegna átaks- og lykilverkefna. Í samræmi við samþykkt Sundþings 2021 verða starfræktir 3 vinnuhópar fram til 2023 um eftirfarandi lykilverkefni:

1. Mannvirki til keppni
 - Gerð skýrslu sem SSÍ getur afhent sveitafélögum um hvaða skilyrði sundmannvirki þurfa að hafa til sundkennslu, þjálfunar og keppnishalds til að uppfylla alþjóðlega staðla
2. Þjóðarleikvangur
 - Kanna hvað þarf til að fá viðurkenndan þjóðarleikvang í keppnissundi þar sem sundíþróttin fær forgang umfram almenning og er ekki háð opnunartímum mannvirkisins
3. Fjölgun iðkenda
 - Fjöldi iðkenda í sundíþróttinni hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár, í kringum fjögur þúsund manns samkvæmt tölum frá ÍSÍ. Tekjur íþróttasambanda og héraða fara meðal annars eftir iðkendafjölda. Sund er ein vinsælasta íþrótt landsins og heimsóknir í sundlaugar landsins telja í milljónum á ári. Verkefnið er að finna út hvort að það séu til leiðir til að skrá þá sem kaupa kort í sundlaugar landsins og teljast þar sem virkir iðkendur og félagsmenn í SSÍ

Vinnuhóparnir eru skipaðir af stjórn og skila áfangaskýrslum um framgang þessara verkefna á minnst 6 mánaða fresti. Vinnuhóparnir starfa sjálfstætt en bera ekki fjárhagslega ábyrgð þannig að stjórn SSÍ þarf að samþykkja fyrirfram öll útgjöld vegna vinnu þeirra.

Nefndir sem hafa verið starfræktar til lengri eða skemmri tíma innan SSÍ eru:

Fræðslunefnd
Íþróttamannanefnd
Landsliðsnefnd
Móta- og tækninefnd
Þjálfaranefnd
Afmælisnefnd
Mannvirkjanefnd
Sundíþróttanefnd
Garpanefnd
Dýfinganefnd
Sundfiminefnd
Viðavatnssundnefnd

Megintilgangur og hlutverk starfsnefnda SSÍ

Megintilgangur starfsnefnda er að vera í forystu um þau málefni sem undir viðkomandi nefnd heyra. Í því felst það sameiginlega markmið að efla sundíþróttir á Íslandi, að efla metnað iðkenda og almennings, stuðla að árangri í keppni og uppeldi afreksfólks í sundíþróttum um leið og áhersla er lögð á að treysta stöðu sundíþróttar meðal almennings.

Almennt er hlutverk nefnda SSÍ að vera stjórn til ráðuneytis um þau mál sem þær fjalla um og gera tillögur til stjórnar um aðgreinda þætti starfsins. Stjórn SSÍ skilgreinir hlutverk, starfssvið og umboð starfsnefnda með sérstakri samþykkt stjórnar SSÍ á hverjum tíma (erindisbréfi). Nefndir SSÍ vinna á ábyrgð og í umboði stjórnar SSÍ. Forfallist nefndarmaður eða hættir störfum skipar stjórn nýjan fulltrúa í hans stað.

Erindisbréf nefnda

Erindisbréf nefnda er sérstök samþykkt stjórnar SSÍ um verkefni hvernar nefndar. Nefndir geta sent stjórn SSÍ tillögur um breytingar og viðbætur á erindisbréfum eftir aðstæðum hverju sinni. Í erindisbréfi skal tiltaka starfssvið nefndar, sérstök verkefni og umboð nefndarinnar. Nefndir skulu skila fundargerðum eftir fundi sína og fulltrúi stjórnar ritar fundargerðir nefndarinnar. Fundargerð skal sett upp með eftirfarandi hætti:

- a) Efni máls bókað
- b) Niðurstaða bókuð – nákvæmar umræður ekki bókuð en stundum er nauðsynlegt að taka fram mismunandi sjónarmið
- c) Bókað ef starfsmaður er beðinn um að leysa sérstök verkefni
- d) Ekki bóka nöfn eða viðkvæmar upplýsingar, nema á fylgiblaði sem fylgir fundargerð til stjórnar í trúnaði.

Hlutverk fulltrúa stjórnar í nefnd er að fylgja eftir málum frá nefnd til stjórnar. Formenn nefnda eiga seturétt á stjórnarfundum SSÍ, þegar málefni sem heyra undir þeirra nefnd eru rædd. Nefndir hafa ekki sjálfstæðan fjárhag og allar ákvarðanir þeirra skal senda stjórn SSÍ sem tillögur. Staðfesting fer ýmist fram með þeim hætti að stjórn staðfestir fundargerð nefndar eða með sérstakri samþykkt um afmarkað málefni.

Júní 2021

IV. KAFLI – Aga- og siðareglur og önnur viðmið

Markmið:

Aga- og siðareglum SSÍ er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir alla þá sem starfa undir merkjum sundhreyfingar á Íslandi. Reglunum er ætlað að stuðla að bættri framkomu og stöðja metnaðarfulla og heiðarlega framgöngu sundiðkenda, starfsmanna SSÍ og annarra sem koma að störfum fyrir sundíþróttahreyfinguna. Reglunum er jafnframt ætlað að verða leiðbeinandi fyrir Aga- og siðanefnd SSÍ og grundvöllur fyrir sanngjörn viðurlög við brotum gegn reglunum og við brotum gegn almennum velsæmisviðmiðunum í starfi undir merkjum sundhreyfingarinnar.

Félögum sem starfa undir merkjum Sundsambands Íslands er skylt að kynna stjórnarfólki og starfsfólki sínu Aga- og siðareglur SSÍ. Þeim ber að undirrita þær. Einnig skal kynna öllum iðkendum sundíþróttahreyfingarinnar Aga- og siðareglur SSÍ.

Í þessum kafla fylgja einnig viðmið og hegðunarreglur íþróttahreyfingarinnar, ferðareglur ÍSÍ og SSÍ, viðmið fyrir keppendur í sundíþróttum og önnur viðmið sem sundfólk og aðstandendur sundíþróttá á Íslandi falla undir og þurfa að fylgja.

Gildissvið:

Siðareglur og hegðunarviðmið ÍSÍ gilda innan sundíþróttahreyfingarinnar. Eftirfarandi reglur skulu fyrst og fremst taka til þeirra þátta sem ekki er tekið á í lögum og reglum ÍSÍ/SSÍ og viðurlög skulu á sama hátt eiga við þar sem um sértæk mál sundhreyfingarinnar er að ræða.

Hlutverk Aga- og siðanefndar:

Hlutverk Aga- og siðanefndar SSÍ er að framfylgja þeim aga- og siðareglum sem í gildi eru innan SSÍ hverju sinni og getur nefndin haft frumkvæði að því að taka upp mikilvæg mál sem slíkt varðar. Einnig tekur nefndin til umfjöllunar álitæfni sem til hennar er vísað. Nefndin skal hafa eftirlit með því að úrskurðir hennar og viðurlög komi til framkvæmda og séu virtir af hlutaðeigendum.

Aga- og siðanefnd fer árlega yfir aga- og siðareglur SSÍ og sendir tillögur um breytingar til stjórnar SSÍ. Nefndin skal koma saman að minnsta kosti einu sinni á ári, en að öðru leyti hittist nefndin eftir þörfum. Nefndin sendir stjórn SSÍ fundargerðir um fundi sína og í lok hvers árs skilar nefndin skýrslu um starf sitt til stjórnar SSÍ.

Aga- og siðanefnd er skipuð fimm aðilum sem tilnefndir eru af stjórn SSÍ og skal einn þeirra vera sitjandi stjórnarmaður í SSÍ. Nefndin er skipuð til tveggja ára eftir sundþing.

Aga- og siðanefnd hefur það hlutverk að kanna málavexti þeirra mála sem vísað er til nefndarinnar og getur kallað hlutaðeigandi aðila til fundar við sig. Nefndin getur á sama hátt kallað eftir gögnum frá hlutaðeigandi aðilum og stjórn SSÍ. Nefndinni er skylt að skila skriflegri skýrslu til stjórnar SSÍ um hvert það mál sem kemur inn á borð nefndarinnar.

Eftirfarandi atriði skulu koma fram í skýrslu siðanefndar:

- Hvernig kom málið inn á borð Aga- og siðanefndar
- Hverjir eru málavextir
- Hvernig vann Aga- og siðanefnd með málið
- Hver er niðurstaða Aga- og siðanefndar
 - Nefndin rökstyður niðurstöðu sína

Skýrslu skal skila til stjórnar SSÍ. Skýrsla nefndarinnar er trúnaðarmál.

Aga- og siðanefnd getur komist að þeirri niðurstöðu að mál sé of alvarlegt til að fjallað sé um það innan sundíþróttahreyfingarinnar og vísað því beint til viðeigandi yfirvalda, lögreglu og/eða barnaverndarnefndar eftir atvikum, í samráði við málsaðila. Nefndin skal ávallt fara í einu og öllu eftir barnaverndarlögum við úrvinnslu mála.

Aga- og siðanefnd ber að hefja þau mál sem til hennar berast innan tveggja vikna og leitast við að útkljá mál á sem skemmstum tíma.

Úrræði sem Aga- og siðanefnd getur beitt eru eftirfarandi:

Nefndin getur lagt til eftirfarandi niðurstöður til stjórnar SSÍ. Niðurstöður hennar eru leiðbeinandi fyrir stjórn SSÍ sem leitast við að fylgja niðurstöðum nefndarinnar eftir, nema mælt sé fyrir á annan veg í lögum eða reglum sem SSÍ hefur undirgengist.

- **Láta málið niður falla**
- **Leiða málsaðila saman til að leita sátta þar sem það á við**
- **Veita viðkomandi skriflega viðvörðun**
 - Ef viðvörðun er ekki sinnt ber að veita skriflega áminningu án frekari fyrirvara
- **Veita skriflega áminningu, með það í huga að viðkomandi bæti ráð sitt**
 - Skriflega áminningu er aðeins hægt að veita sama einstaklingnum einu sinni
- **Leggja til að viðkomandi verði vikið tímabundið frá störfum/iðkun í sundhreyfingunni**
- **Leggja til að viðkomandi verði vikið alfarið frá störfum/iðkun í sundhreyfingunni**
- **Vísa máli til viðeigandi yfirvalda**

Aga- og siðareglur SSÍ:

1. grein

Í störfum stjórnar og nefnda SSÍ, við þjálfun og farastjórn og undir merkjum sundhreyfingarinnar almennt ber öllum að kappkosta heiðarleika og drengilega framkomu.

2. grein

Öllum þeim er starfa í umboði SSÍ ber að hafa jákvæðar samskiptavenjur í heiðri í hvívetna, hvort sem er í ræðu eða riti, í beinum samskiptum eða t.d. á samfélagsmiðlum.

3. grein

Sundsambandi Íslands er ljóst að mikill vandi snýst um notkun úthalds aukandi /árangurs-tengdra margvíslegra lyfja og ólöglegra efna í sambandi við þjálfun og keppni. SSÍ mun berjast gegn þeirri vá af alefli og gerir þá kröfu til allra sem undir merkjum þess starfa.

4. grein

Iðkendum/keppendum, starfsmönnum, þjálfurum og fararstjórum sem og kjörnum forsvarsmönnum SSÍ er með öllu óheimilt að hvetja til eða aðstoða við neyslu fíkní- og vímuefna, ólöglegra eða hættulegra efna.

5. grein

SSÍ tekur afstöðu gegn hvers konar ofbeldi, kynferðislegri misnotkun og einelti. SSÍ telur þetta vera alvarlegt vandamál sem beri að berjast gegn með öllum tiltækum ráðum. Í því skyni skulu allir þeir sem koma fram undir merkjum SSÍ taka afstöðu gegn slíku í störfum sínum.

6. grein

Þjálfurum, fararstjórum og starfsmönnum á vegum SSÍ og öðrum þeim sem starfa innan vébanda SSÍ er óheimilt að stofna til kynferðissambands af nokkru tagi við sundfólk undir þeirra lögsögu eða aðra þá sem eiga að njóta verndar SSÍ á ferðalögum, í þjálfun og keppni á vegum SSÍ og starfsnefnda sambandsins.

7. grein

Öllum sem starfa eða iðka íþróttir undir merkjum SSÍ ber í öllum tilvikum að tilkynna viðeigandi fagaðila ef grunur er um kynferðisbrot gagnvart börnum.

8. grein

Hagsmunaárekstrar geta komið upp í störfum fyrir sundhreyfinguna og við slíku ber að bregðast með formlegum hætti. Þannig ber að skipuleggja störf á vegum SSÍ með þeim hætti að ekki komi til árekstra milli faglegra sjónarmiða og fjárhagslegs ávinnings einstaklinga eða nánustu vandamanna þeirra.

9. grein

Öllum er heimilt að leita úrskurðar Aga- og siðanefndar SSÍ vegna mála er varða sundíþróttahreyfinguna. Nefndin skal kynna niðurstöðu sína fyrir stjórn og skrifstofu SSÍ sem ber ábyrgð á kynningu á niðurstöðu nefndarinnar fyrir aðilum. Úrskurðir Aga- og siðanefndar skulu geymdir í gagnasafni SSÍ.

10. grein

Aga- og siðanefnd ber að gefa aðilum máls eðlilegan frest til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og skýringum.

11. grein

Úrskurðum Aga - og siðanefndar er heimilt að skjóta til dómsstóla ÍSÍ.

SSÍ er aðili að ÍSÍ, NSF, LEN og FINA

**Almennar reglur LEN og FINA gilda á öllum opinberum mótum á vegum SSÍ
Um agabrot og meðferð lyfjamála fer eftir reglum FINA, WADA og lögum ÍSÍ
Öruggasta vörn gegn óæskilegum efnum er að sundfólk haldi sig algerlega frá slíkum efnum**

**Reglur FINA og IOC um auglýsingar gilda að jafnaði í landsliðsverkefnum SSÍ
Um önnur ákvæði í ólympíuverkefnum gilda reglur ÍSÍ og IOC eftir því sem við á enda er það kynnt nánar í þeim tilvikum**

Almennar ferðareglur SSÍ

1. Sundfólk og starfsmenn mæta tímanlega til brottfarar en þá telst upphaf verkefnis
2. Sundfólk fylgir útgefnum leiðbeiningum varðandi ferðahegðun
3. Á áfangastöðum fylgja þátttakendur fyrirmælum fararstjóra og kappkosta að gæta stundvísi og aðstoða hvern annan eftir því sem við á
4. Í verkefnum gildir bann við neyslu á tóbaki, áfengi og öðrum fíkní- eða vímuefnum
5. Sundfólk breytir ekki notkun lyfja né tekur inn ný lyf, sem ekki eru á venjulegum heimildalista, án vitneskju fararstjóra og þjálfara. Fararstjóri getur leitað álits læknis við þær kringumstæður sé þess nokkur kostur.
6. Fararstjóri raðar sundfólki á herbergi – herbergisnautar eru af sama kyni
7. Sundfólk raðast ekki í herbergi með trúnaðarfólki SSÍ nema sérstaklega standi á
8. Sundfólk virðir skipulagða hvíldartíma á mótisstað
9. Sundfólk hefur samráð við fararstjóra þegar um er að ræða samskipti við fjölmiðla í aðdraganda keppni og á keppnisstað
10. Sundfólk fylgir fyrirmælum fararstjóra um notkun einkennisfatnaðar í verkefnum
11. Trúnaðarfólk SSÍ sýnir gott og jákvætt fordæmi í hvítvetna og virðir bann við notkun áfengis og tóbaks meðan þeir bera ábyrgð á hópi
12. Trúnaðarfólk SSÍ virðir reglur um bann við kynferðislegt samband við sundfólk í verkefni
13. Í ferðalögum, á æfingum eða í öðrum verkefnum á ábyrgð SSÍ er yfirgangur, einelti og útilokun sundfólks hvert gegn öðru ekki liðið
14. Fararstjóri skilar skýrslu til SSÍ um ferð og árangur innan viku frá ferðalokum

Fyrirmyndarhlutverk sundfólks og þeirra sem starfa í verkefnum SSÍ

Sundfólk og aðrir sem taka þátt í verkefnum á vegum SSÍ

- sýnir gott fordæmi í hvítvetna
- temur sér jákvæða framkomu og kurteisi í hvítvetna
- fylgir fyrirmælum og kemur fram í samræmi við upplýsingar á hverjum stað
- tekur ekki þátt í neikvæðu umtali um félag sína eða keppinauta
- kemur ekki fram opinberlega með neinum þeim hætti sem getur skaðað sundíþróttina og rýrt orðspor hennar út á við

- viðhefur algert bindindi á tóbak, áfengi og önnur fíkniefni, í verkefnum SSÍ
- fer í einu og öllu að lyfjareglum WADA/ÍSÍ
- notar ekki efni sem eru ekki leyfð á Íslandi og neytir ekki ólöglegra lyfja
- tekur þátt í forvörnum í samstarfi við SSÍ
- tekur ekki þátt í kynningarstarfi á vegum annarra en SSÍ í tengslum við landslið Íslands í sundi
- tekur ekki þátt í að auglýsa eða mæla með starfsemi sem gengur gegn markmiðum íþróttahreyfingar um heilbriggt lífverni
- virðir íslensk aldersmörk þar sem það kemur fram undir merkjum Íslands

Reglur ÍSÍ um keppnisferðir

1. Íþróttamenn, fararstjórar, flokksstjórar, þjálfarar og dómara skulu ávallt vera til fyrirmyndar um alla framkomu í ferðum á vegum ÍSÍ og sýna hæversku og reglusemi á leikvangi og utan. Er þeim skylt að klæðast til þess ætluðum einkennisfatnaði, þegar aðalfarastjóri ákveður
2. Æðsta vald og ábyrgð meðan á ferð stendur hefur aðalfarastjóri, sem er ábyrgur gagnvart framkvæmdastjórn ÍSÍ. Staðgengill hans er aðstoðarfararstjóri hafi hann verið valinn
3. Flokksstjórar koma næstir aðalfarastjóra að völdum og bera ábyrgð gagnvart aðalfarastjóra. Þeir skulu hafa vakandi auga með hegðun sinna flokksmanna og aðvara þá telji þeir framkomu þeirra ábótavant skv. 1. grein. Ef um verulegt brot er að ræða er flokksstjóra heimilt að útiloka flokksmenn sína frá keppni eða sýningu
4. Aðalfarastjóra er heimilt að senda heim þátttakendur og/eða fylgdarmenn ef þeir hafa, að hans mati, brotið verulega gegn reglum þessum
5. Þegar um verulegt brot á 1. grein þessara reglna er að ræða að álitni aðalfarastjóra getur hann kært hina brotlegu til framkvæmdastjórnar ÍSÍ og síðar, ef þurfa þykir, til dómsstóls ÍSÍ. Öðrum þátttakendum í ferð er heimilt, þegar heim er komið, að kæra að þeirra álitni óviðeigandi framferði aðalfarastjóra, aðstoðarfararastjóra og/eða flokksstjóra til framkvæmdastjórnar ÍSÍ
6. Aðalfarastjóri og flokksstjórar skulu, hver í sínu lagi, skila skýrslu um ferðina til framkvæmdastjórnar ÍSÍ eigi síðar en 30 dögum eftir heimkomu
7. Reglur þessar, sem settar eru til að stuðla að bættum liðsanda og svo öllum ferðalöngum sé ljóst hvert hlutverk þeirra er og ábyrgð, skulu kynntar öllum þátttakendum í keppnisferðum á vegum ÍSÍ
8. Óskert skal heimild þess aðila, sem að förrinni stendur og annarra, sem rétt kunna að hafa til, samkvæmt lögum ÍSÍ, til refsiaðgerða eftir heimkomu flokks, þótt aðalfarastjóri hafi ekki notað sér heimildir 3., 4. og 5. greinar.

Febrúar 2018

Ath!!! SSÍ vinnur að endurskoðun Aga- og síðareglna SSÍ. Júní 2021

V. KAFLI – Reglugerð um Íslensk met

1. grein

Íslandsmet er besti árangur sem íslenskur sundmaður (karl eða kona) eða sundsveit nær á sundmóti þar sem farið er eftir alþjóðareglum FINA.

2. grein

Íslensk met má setja í eftirtöldum vegalengdum samkvæmt lista FINA:

Í 50m laug

50, 100, 200, 400, 800 og 1500 m skriðsund

50, 100 og 200 m baksund

50, 100 og 200 m bringusund

50, 100 og 200 m flugsund

200 og 400 m fjórsundi einstaklinga.

4x100 og 4x200m skriðsund

4x100 m fjórsund

Í 25m laug

50, 100, 200, 400, 800 og 1500 m skriðsund

50, 100 og 200 m baksund

50, 100 og 200 m bringusund

50, 100 og 200 m flugsund

100, 200 og 400 m fjórsundi einstaklinga.

4x100 og 4x200m skriðsund

4x100 m fjórsund

Þessi met skulu aðgengileg á heimasíðu SSÍ og uppfærð samkvæmt 7gr. þessarar reglugerðar.

Auðkenna skal nýjustu metin.

Einnig skal halda til haga og birta sérstaklega, eftirtalin íslensk met sett í 25m laug.

400 m bringusund og 400m baksund.

4x50 m skriðsund, fjórsund, bringusund og flugsund

4x100 m fjórsund, bringusund og flugsund

8x50 m og 10x50 m skriðsund

Íslensk met í öllum framangreindum vegalengdum má setja í eftirtöldum flokkum:

a) Í opnum flokki jafnt fyrir konur sem karla. Slík met, sem eru besti tíma sem íslenskur sundmaður eða sundsveit nær í viðkomandi grein, kallast **Íslandsmet**.

b) Unglingamet skulu skráð í eftirtöldum aldursflokkum:

Pilta og stúlkna 15, 16 og 17 ára

Drengja og telpna 13 og 14 ára

Sveina og meyja 11 og 12 ára

c) Met garpa má aðeins setja á mótum sem auglýst eru opin þeim sérstaklega. Þau skulu skráð í eftirtöldum aldursflokkum jafnt fyrir konur sem karla: 25-29, 30-34, 35-39, 40-44, 45-49, 50-54, 55-59, 60-64, 65-69, 70-74, 75-79, 80-84, 85-89 og 90+.

d) Met í flokkum fatlaðra eru ekki á forræði SSÍ. SSÍ gerir samkomulag við ÍF um viðhald metaskrár í flokkum fatlaðra og verklag við staðfestingu þeirra meta

3. grein

Öll met skulu sett í kyrru vatni, þ.e. án straums eða sjávarfalla, ósöltu eða söltu.

4. grein

Til að met fái staðfest þarf að hafa farið fram úttekt á sunaðsstöðu samkvæmt reglum FINA. Yfirdómari eða mótstjóri vottar úttektina með undirskrift sinni á mótaskýrslu.

5. grein

Íslandsmet eru staðfest þegar tímamæling fer fram samkvæmt reglum FINA. Ef ekki er notaður alsjálfvirkur tímatökubúnaður er einungis unnt að staðfesta íslensk met í unglingsflokki eða garpaflokki. Skal þá notast við handvirka tímamælingu þriggja tímavarda samkvæmt reglum FINA.

6. grein

Umsóknir um staðfestingu íslenskra meta í opnum flokki, aldursflokkum unglunga eða flokkum garpa, skulu berast stjórn SSÍ ásamt mótakýrslu eða staðfestum úrslitum móts á þar til gerðum eyðublöðum innan 14 daga frá því met var sett. Það er á ábyrgð sundmanns, þjálfara og stjórnar félags að umsókn um staðfestingu íslenskra meta berist SSÍ. Stjórn SSÍ staðfestir met eftir að hafa gengið úr skugga um að öllum áður nefndum reglum hafi verið fullnægt.

7. grein

SSÍ heldur skrá yfir íslensk met sett í opnum flokki, aldursflokkum unglunga og garpa. Metin skulu skráð í fundargerðir stjórnar til staðfestingar. Uppfærð skrá yfir öll íslensk met skal á hverjum tíma vera tiltæk á heimasíðu SSÍ.

Júní 2021

VI. KAFLI – Reglugerð um heiðursviðurkenningar SSÍ

1. grein

Sundþing skal ef tilefni er til, veita einstaklingum, félögum eða félagasamtökum viðurkenningar, samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar. Þegar sérstaklega stendur á hefur stjórn SSÍ umboð til að veita slíkar viðurkenningar – án þess að staðfesting slíkrar veitingar hafi átt sér stað á Sundþingi.

2. grein

Heiðursviðurkenningar SSÍ eru staðfest einkennismerki Sundsambands Íslands eins og það er á hverjum tíma – og eru efni og útlit í samræmi við reglugerð þessa. Heiðursviðurkenningar eru fimm:

1. Heiðursfélagi SSÍ
2. Gullmerki SSÍ
3. Silfurmerki SSÍ
4. Þjónustumerki SSÍ
5. Borðfáni SSÍ – veifa SSÍ

3. grein

Heiðursfélagi SSÍ – Gera má einstakling að heiðursfélagi í SSÍ sem hefur unnið sundíþróttum á Íslandi samfellt gagn megnið af uppvexti og starfsæfi sinni. Einnig má gera þá að heiðursfélögum sem gegna embætti forseta Íslands, enda leggi þeir sundíþróttahreyfingunni til jákvæða ímynd.

Gull- og silfurmerki SSÍ – skal vera ýmist fest í borða í íslensku fánalitunum eða vera barmmerki. Merkið er staðfest einkennismerki SSÍ eins og það er á hverjum tíma í gulli eða silfri – og skal grunnur vera í sama efni. Stjórn SSÍ gerir tillögur til Sundþings ár hvert um veitingu viðurkenninga.

Gullmerki SSÍ skal einkum veitt þeim einstaklingum sem um lengri tíma hafa unnið afburða gott starf í þágu sundhreyfingarinnar eða skilað yfirburðaárangri meðal íslenskra sundmanna.

Silfurmerki SSÍ skal veita þeim sem unnið hafa framúrskarandi gott starf að málefnum sundhreyfingar eða hafa komið fram fyrir hönd Íslands á alþjóðlegum vettvangi sundhreyfingar. Einnig skulu sundmenn sem náð hafa viðurkenndum alþjóðlegum árangri hljóta silfurmerkið – og þar með allir þeir sem keppt hafa í sundi á Ólympíuleikum fyrir Íslands hönd.

4. grein

Þjónustumerki SSÍ má afhenda stjórnarmönnum SSÍ, nefndarmönnum og fulltrúum SSÍ á þingum ÍSÍ og sérsambanda sem SSÍ er aðili að. Stjórn SSÍ er heimilt að veita einstaklingum þjónustumerki fyrir gott starf að sundmálum.

5. grein

Borðfáni eða veifa SSÍ er merki SSÍ á hvítum fleti – og stofndagur SSÍ 21. febrúar 1951 skráður neðan við merkið. Fáninn er tvöfaldur með snúru og kögri. Veifu og fána SSÍ skal veita félögum, einstaklingum og þeim samstarfsaðilum sem stjórn ákveður hverju sinni. Fáninn skal vera á stöng þegar hann er veittur.

6. grein

Framkvæmdastjóri heldur lista yfir þá sem fá heiðursviðurkenningar SSÍ.

Júní 2021

VII. KAFLI – Reglugerð um framkvæmd sundmóta

1. grein

Stjórn móta skal vera í höndum mótstjórnar. Mótstjórn sker úr um öll mál á mótí önnur en þau sem heyra undir yfirdómara og sundreglur FINA.

2. grein

Á mótum SSÍ skal stjórn SSÍ skipa eftirtalda starfsmenn að tillögu dómaranefndar SSÍ:
(innan sviga er lágmarkstala þeirra starfsmanna sem þarf til að önnur mót geti talist lögleg og hægt að setja met á)

Fyrir mót haldin í 8 brauta laug: lágmark 17 dómara fyrir 50m laug og lágmark 15 fyrir 25m laug (fyrir 10 brauta laug er lágmark 21 dómari í 50m laug og lágmark 19 fyrir 25m laug)

- tvo yfirdómara (1)

- fjóra tæknidómara fyrir 50m laug og tvo fyrir 25m laug (2)

- tvo ræsa (1)

- einn snúningsdómara á braut rásmegin (1) – tekur einnig “backup” tíma

- einn snúningsdómara á braut við 50/25m markið (1 fyrir hverjar tvær brautir)

- tvo yfirsúningsdómara hvor á sinn enda (1 snúningsmegin)

- einn þul (1)

- einn mótstjóra (1)

6. brautir – lágmark 14 dómara, **fækkun** um 1 snúningsd. snúnm og 2 startm frá 8 br

5. brauta - lágmark 13 dómara, **fækkun** um 1 snúningsd snúnm og 3 startm frá 8 br

4. brauta - lágmark 11 dómara, **fækkun** um 2 snúningsd snúnm og 4 startm frá 8 br

3. grein

Þar sem alsjálfvirkur tímatökubúnaður er ekki fyrir hendi eða bílar getur yfirdómari eða mótstjóri sett þrjá tímaverði með handvirkan búnað fyrir hverja braut. Gæta skal þess að amk tveir tímaverðir séu aukalega til staðar.

4. grein

Þegar ekki er unnt að mæla tíma sundmanns með alsjálfvirkum eða hálsjálfvirkum búnaði og ekki eru til staðar þrjú tímaverðir með handvirkan búnað, skal yfirdómari ákvarða röð keppenda. Að öllu jöfnu skal notast við niðurstöðu úr tímatöku, hversu ófullkomin sem hún er, svo framarlega að allir sundmenn í sama riðli fái sambærilega tímamælingu.

5. grein

Sundlaug og annar tæknibúnaður notaður við framkvæmd sundmóta skal skoðaður og viðurkenndur tímanlega fyrir sundmót af fulltrúa stjórnar SSÍ og tækninefnd SSÍ.

Júní 2021

VIII. KAFLI – Dómgæsla og viðhald réttinda

a) Dómari og dómaranemi:

Dómari þarf að hafa sótt námskeið sem haldið er af yfirdómara á vegum og ábyrgð SSÍ. Bóklegur hluti námskeiðsins skal fjalla um starfsmenn sundmóta, ábyrgð þeirra sem og reglur FINA um sunnaðferðir.

1. Dómaranemi þarf að standast skriflegt próf úr bóklegum hluta námsins. Prófuurlausnir skal senda til móta- tækni- og dómaranefndar SSÍ ásamt lista yfir þátttakendur og árangur þeirra.
2. Dómarar fá starfsmannaskírteini útgefin af SSÍ. Sá yfirdómari sem kennir á námskeiðinu skal undirrita kaflann 1.stig tímavörður snúningsdómari.
3. Til að verða fullgildur dómari þarf dómaranemi frá félagi á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum að safna a.m.k. 40 punktum á einu ári samkvæmt stigakerfi SSÍ. Af þessum 40 punktum þurfa a.m.k. 9 punktar að ávinnast á mótum SSÍ. Dómaranemi frá félögum annars staðar á landinu/utan höfuðborgarsvæðisins þurfa að safna a.m.k. 40 punktum á þremur árum samkvæmt sama kerfi.
4. Til þess að viðhalda almennum dómararéttindum þarf dómari frá félagi á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum að safna a.m.k. 50 punktum á tveggja ára tímabili þar af 15 punktum á SSÍ mótum auk þess að sækja eitt endurmenntunarnámskeið fyrir dómara á vegum SSÍ annars dettur viðkomandi út af lista SSÍ. Dómari frá félögum annars staðar á landinu/utan höfuðborgarsvæðisins þurfa að safna a.m.k. 50 punktum á þremur árum samkvæmt sama kerfi.
5. Falli dómararéttindi úr gildi þarf að sækja endurmenntunarnámskeið fyrir dómara á vegum SSÍ og safna 12 punktum á einu ári til þess að öðlast dómararéttindi á ný.

Stigakerfi Dómaranefndar SSÍ:

Dómarar safna punktum fyrir störf sem dómarar á sundmótum.

- SSÍ mót og alþóðleg mót 3 punktar fyrir hvern hluta
- Opin mót 2 punktar fyrir hvern hluta
- Héraðsmót 2 punktar fyrir hvern hluta
- Innanfélagsmót 2 punktar

Mót eru einungis viðurkennd hafi þau verið haldin samkvæmt reglum SSÍ og úrslitum mótsins ásamt mótaskýrslu hafi verið skilað á skrifstofu SSÍ á réttum tíma.

- SSÍ gefur út dómarskírteini til tveggja og þriggja ára í senn.
- SSÍ gefur úr lista yfir alla dómara, jafnt yfirdómara, dómara og dómaranema, í upphafi sundtímabilsins og um áramót og sendir sundfélögum og deildum lista yfir dómara innan félaga.
 - Félögin yfirfara listann m.t.t. hverjir eru virkir við dómgæslu
 - Gefin er 30 daga leiðréttingarfrestur á dómaraalista eftir að hann hefur verið sendur aftur til dómaranefndar.
 - SSÍ uppfærir dómaraalista í upphafi sundtímabilsins og um áramót og birtir á heimasíðu SSÍ.
 - Félögin halda jafnframt lista yfir dómara innan sinna raða og birta hann á heimasíðum félagana.
 - SSÍ heldur utan um punktasoðnunina.



- SSÍ sendir upplýsingar um hverjir eru dómáranemar til aðildarfélaga að loknu hverju dómáranámskeiði hjá SSÍ.
- Stjórn SSÍ löggildir yfirdómara og uppfærir sérstakan yfirdómaralista.
 - Þjálfun yfirdómara er á ábyrgð SSÍ.

Ræsir:

- Ræsir skal hafa dómáraréttindi.

Tímatökustjóri / Yfirtímavörður:

- Tímatökustjóri / Yfirtímavörður skal hafa dómáraréttindi á SSÍ mótum.
- Á öðrum mótum er ekki gerð krafa um að Tímatökustjóri/Yfirtímavörður hafi dómáraréttindi, en það er þó æskilegt.

Júní 2021

b) Yfirdómari og viðhald yfirdómararéttinda

Til að verða yfirdómari þarf:

- að hafa starfað sem almennur dómari í 2-3 ár, fer eftir staðsetningu félagsins.
- að hafa safnað a.m.k. 100 punktum á s.l. 2 árum, þar af a.m.k. 36 punktum á SSÍ mótum og alþjóðlegum mótum.
- að starfa undir handleiðslu yfirdómara á fjórum sundmótum, þám tveimur SSÍ mótum áður en réttindi verða fullgild.
 - Þarf m.a. að fara í gegnum leiðbeiningar fyrir yfirdómara SSÍ.
- að fara á yfirdómaranámskeið hjá SSÍ.

Til að viðhalda réttindum þurfa starfandi yfirdómarar að:

- Safna a.m.k. 40 punktum á ári. Þar af skulu a.m.k.
 - 20 punktar ávinnast á SSÍ mótum og alþjóðlegum mótum
 - 15 punktar geta áunnist á opnum mótum
 - 5 punktar geta áunnist á öðrum sundmótum.

c) Alþjóðlegir dómararar

Til að komast á FINA lista þurfa yfirdómarar að:

- hafa starfað sem yfirdómarar í a.m.k. 2 ár.
- uppfylla öll skilyrði í liðnum hér að ofan, “**Til að viðhalda réttindum ...**”
- Hafa dæmt á alþjóðlegu/opnu móti sem ekki krefst FINA-réttinda.

Seta á FINA lista

- Í gangi eru tveir listar, hver listi gildir í fjögur ár.
 - Listi 14 (01.01.2007 - 31.12.2010)
 - Listi 15 (01.01.2009 – 31.12.2012)
- Stjórn SSÍ velur dómara á þessa lista að tillögu móta- tækni- og dómaranefndar SSÍ hverju sinni.
- Yfirdómari hefur rétt á að vera eitt tímabil á FINA lista, hvert tímabil er fjögur ár
- Eftir að yfirdómari hefur farið út af lista hefur hann rétt á að sækja um aftur eftir eitt tímabil.

SSÍ sækir um að senda dómara á eftirtalin mót þegar fjárhagsleg staða SSÍ leyfir slíkt

- Smáþjóðaleikar / Sundkeppni smáþjóða
- NMU og EMU
- EM25 og EM50
- HM25 og HM50
- Ólympíuleikar
- World Cup – Heimsbikarmót

Júní 2021

IX. KAFLI – Reglugerðir um Íslandsmót

a) Opna Íslandsmeistaramótið í 50 m laug

1. grein

Íslandsmeistaramót í 50 m laug skal haldið ár hvert, á tímabilinu frá seinni hluta mars til fyrri hluta apríl. Mótið skal vera opið og auglýst í mótaskrá LEN.

2. grein

Stjórn SSÍ ákveður fjölda mótsdaga og tilkynnir skipulag mótsins og mótsstað með amk eins mánaðar fyrirvara. Þá daga sem mótið fer fram er óheimilt að stofna til annarrar sundkeppni á vegum sambandsaðila SSÍ.

Heimilt er að halda Íslandsmót fatlaðra í sundi samhliða og í tengslum við ÍM50.

3. grein

Stjórn SSÍ setur lágmörk fyrir mótið, samkvæmt almennum ákvæðum SSÍ. Skráningatímar skulu ekki vera meira en 12 mánaða gamlir (frá lokum síðasta IM-50 sbr.almenn ákvæði SSÍ) miðað við fyrsta keppnisdag mótsins. Lágmarkstímar skulu miðast við 50m laug en gildum tímum má ná í 25m laug en skulu skráningartímar þá umreiknaðir skv. staðfestri reiknireglu sem stjórn SSÍ gefur út. Stjórn SSÍ gefur út lágmarkatíma, eigi síðar en við upphaf keppnistímabils og byggir lágmörkin á tillögu þjálfararáðs.

4. grein

Á mótinu skal keppt í eftirtöldum greinum í karla og kvennaflokkum:

Skriðsund 1500 m skriðsund 800 m skriðsund 400 m skriðsund 200 m skriðsund 100 m skriðsund 50 m skriðsund Flugsund 200 m flugsund 100 m flugsund 50 m flugsund Fjórsund 400 m fjórsund 200 m fjórsund	Bringusund 200 m bringusund 100 m bringusund 50 m bringusund Baksund 200m baksund 100 m baksund 50 m baksund Boðsund (bein úrslit) 4x100 m fjórsund 4x200 m skriðsund 4x100 m skriðsund 4x100 m fjórsund, kynblandað (2 karlar + 2 konur) 4x100 m skriðsund, kynblandað (2 karlar + 2 konur)
---	--

5. grein

Undanrásir og úrslit fara fram í 50m, 100m og 200m greinum og synda 6 eða 8 keppendur til úrslita sem bestum tíma ná í undanrásum en þó aldrei fleiri en tveir erlendir ríkisborgarar í hverri grein. Í 400m, 800m og 1500m greinum fara fram bein úrslit þannig að hraðasti riðill syndir í úrslitahluta en aðrir riðlar í undanrásahluta mótsins.

Til þess að öðlast keppnisrétt í úrslitariðli í 50m, 100m og 200m greinum verða keppendur að ná amk lágmarkatíma greinarinnar í undanrásum.

Ekki er heimilt að fella niður undanrásir þó fjöldi keppenda fylli einungis einn riðil.

Keppt er í boðsundum í beinum úrslitum í lok hvers keppnishluta.

6. grein

Verðlaun eru veitt fyrir fyrstu þrjú sætin í hverri grein á mótinu.



Einungis íslenskir ríkisborgarar geta hlotið titilinn Íslandsmeistari og veita skal sérstök verðlaun í keppni um fyrstu þrjú sætin í keppni um Íslandsmeistaratítul, keppi erlendir ríkisborgarar á mótinu.

7. grein

Heimilt er að veita sérstakar viðurkenningar fyrir afrek unnin á mótinu eða milli ára. Slíkum viðurkenningum skal fylgja reglugerð sem staðfest hefur verið af stjórn SSÍ.

8. grein

Starfsmannafund eða -fundi skal halda samkvæmt nánari auglýsingu fyrir upphaf móts/mótshluta.

Júní 2021

b) Opna Íslandsmeistaramótið í 25 m laug

1. grein

Íslandsmeistaramót í 25 m laug skal haldið ár hvert í nóvember. Mótið skal vera opið og auglýst í mótaskrá LEN.

2. grein

Stjórn SSÍ ákveður fjölda mótsdaga og tilkynnir skipulag mótsins og mótsstað með amk eins mánaðar fyrirvara. Þá daga sem mótið fer fram er óheimilt að stofna til annarrar sundkeppni á vegum sambandsaðila SSÍ.

Heimilt er að halda Íslandsmót fatlaðra í sundi samhliða og í tengslum við ÍM25.

3. grein

Stjórn SSÍ setur lágmark fyrir mótið, samkvæmt almennum ákvæðum SSÍ. Skráningatímar skulu ekki vera meira en 12 mánaða gamlir (frá lokum síðasta ÍM25 sbr.almenn ákvæði SSÍ) miðað við fyrsta keppnisdag mótsins. Lágmarkstímar skulu miðast við 25m laug en gildum tímum má ná í 50m laug en skulu skráningartímar þá umreiknaðir skv. staðfestri reiknireglu sem stjórn SSÍ gefur út. Stjórn SSÍ gefur út lágmarkatíma, eigi síðar en við upphaf keppnistímabils og byggir lágmarkin á tillögu þjálfararáðs.

4. grein

Á mótinu skal keppt í eftirtöldum greinum í karla og kvennaflokkum:

Skriðsund 1500 m skriðsund 800 m skriðsund 400 m skriðsund 200 m skriðsund 100 m skriðsund 50 m skriðsund Flugsund 200 m flugsund 100 m flugsund 50 m flugsund Fjórsund 400 m fjórsund 200 m fjórsund 100 m fjórsund	Bringusund 200 m bringusund 100 m bringusund 50 m bringusund Baksund 200m baksund 100 m baksund 50 m baksund Boðsund (bein úrslit) 4x100 m fjórsund 4x200 m skriðsund 4x100 m skriðsund 4x100 m fjórsund, kynblandað (2 karlar + 2 konur) 4x100 m skriðsund, kynblandað (2 karlar + 2 konur)
---	--

5. grein

Undanrásir og úrslit fara fram í 50m, 100m og 200m greinum og synda 6 eða 8 keppendur til úrslita sem bestum tíma ná í undanrásum en þó aldrei fleiri en tveir erlendir ríkisborgarar í hverri grein. Í 400m, 800m og 1500m greinum fara fram bein úrslit þannig að hraðasti riðill syndir í úrslitahluta en aðrir riðlar í undanrásahluta mótsins.

Til þess að öðlast keppnisrétt í úrslitariðli í 50m, 100m og 200m greinum verða keppendur að ná amk lágmarkatíma greinarinnar í undanrásum.

Ekki er heimilt að fella niður undanrásir þó fjöldi keppenda fylli einungis einn riðil.

Keppt er í boðsundum í beinum úrslitum í lok hvers keppnishluta.

6. grein

Verðlaun eru veitt fyrir fyrstu þrjú sætin í hverri grein á mótinu.

Einungis íslenskir ríkisborgarar geta hlotið titilinn Íslandsmeistari og veita skal sérstök verðlaun í keppni um fyrstu þrjú sætin í keppni um Íslandsmeistaratitil, keppi erlendir ríkisborgarar á mótinu.

7. grein

Bikar skal veittur þeim íslenska kvenmanni er besta afrek vinnur á mótinu samkvæmt gildandi stigatöflu FINA.

Bikar skal veittur þeim íslenska karlmanni er besta afrek vinnur á mótinu samkvæmt gildandi stigatöflu FINA.

8. grein

Starfsmannafund eða -fundi skal halda samkvæmt nánari auglýsingu fyrir upphaf móts/mótshluta.

Júní 2021

c) Opna Íslandsmeistaramótið í Garpasundi

1. grein

Mótið heitir Opna Íslandsmeistaramótið í Garpasundi (Icelandic Masters Open Championship, IMOC) og skal haldið ár hvert í apríl eða maí.

2. grein

Mótið skal vera opið alþjóðlegt sundmót.

3. grein

Mótið skal haldið í 25 m laug eða 50 m laug. Sækja skal um að halda mótið á sundþingi SSÍ.

4. grein

Hver sundmaður má aðeins keppa einu sinni í hverri grein boðsunds en hvert félag má senda fleiri en eitt lið til keppni.

5. grein

Dagskrá mótsins er eftirfarandi:

Fyrri dagur

1. Karla/men A-O 800m skrið/free
 2. Kvenna/women A-O 800m skrið/free
 3. Karla/men A-O 50m flug/fly
 4. Kvenna/women A-O 50m flug/fly
 5. Karla/men A-O 100m bringa/breast
 6. Kvenna/women A-O 100m bringa/breast
 7. Karla/men A-O 50m skrið/free
 8. Kvenna/women A-O 50m skrið/free
- Hlé/Break 10 mín.
9. . Kvenna/women A-O A, B, C, D, E og/and F 4 x 50m skrið/free
 10. Karla/men A-O A, B, C, D, E og/and F 4 x 50m skrið/free

Seinni dagur

Fyrri hluti

11. Kvenna/women A-O 400m skrið/free
 12. Karla/men A-O 400m skrið/free
 13. Kvenna/women A-O 100m flug/fly
 14. Karla/men A-O 100m flug/fly
 15. Kvenna/women A-O 50m bringa/breast
 16. Karla/men A-O 50m bringa/breast
 17. Kvenna/women A-O 100m bak/back
 18. Karla/men A-O 100m bak/back
 19. Kvenna/women A-O 200m skrið/free
 20. Karla/men A-O 200m skrið/free
 21. Kvenna/women A-O 100m fjór/medley
 22. Karla/men A-O 100m fjór/medley
- Hlé/break 10 mín
23. 2 karlar/men + 2 konur/women A, B, C, D, E, og/and F 4 x 50m fjór/medley

Seinni hluti

24. Karla/men A-O 200m fjór/medley
 25. Kvenna/women A-O 200m fjór/medley
 26. Karla/men A-O 50m bak/back
 27. Kvenna/women A-O 50m bak/back
 28. Karla/men A-O 200m bringa/breast
 29. Kvenna/women A-O 200m bringa/breast
 30. Karla/men A-O 100m skrið/free
 31. Kvenna/women A-O 100m skrið/free
- Hlé/break 10 mín

32. Kvenna/women A-O A, B, C, D, E og/and F 4 x 50m fjór/medley

33. Karlar/men A-O A, B, C, D, E og/and F 4 x 50m fjór/medley

Aldursflokkaskipting / Age group

20 - 24 ára keppa sem gestir og skulu ekki reiknast til stiga.

20-24 25-29 30-34 35-39 40-44

45-49 50-54 55-59 60-64 65-69

70-74 75-79 80-84 85-90 90- +

Aldursflokkaskipting í 4x50m boðsundi / Age groups in 4x50m medley and free

A = 100 - 119 B = 120 - 159 C = 160 - 199

D = 200 - 239 E = 240 - 279 F = 280 -

6. grein

Fyrir keppni í einstaklingssundum skal veita verðlaun fyrir fyrsta, annað og þriðja sæti. Fyrir keppni í boðsundum skal veita verðlaun fyrir fyrsta sæti. Allir þátttakendur skulu fá viðurkenningarskjöl og skal mótshaldari standa straum af kostnaði vegna verðlauna.

7. grein

Stig skulu veitt fyrir hvert sæti í einstaklingssundi sem hér segir: 9, 7, 6, 5, 4, 3, 2, 1 en helmingi fleiri stig fyrir boðsund. Stigahæsta félagið skal hljóta farandbikar. Til að eignast bikarinn skal vinna hann þrjú ár í röð eða fimm sinnum alls. Ef félögin eru jöfn að stigum skulu boðsundin ráða röð þeirra.

8. grein

Tæknifund eða -fundir skal halda samkvæmt nánari auglýsingu fyrir upphaf móts.

Júní 2021



d) Opna Íslandsmeistaramótið í Sundknattleik

1. grein

Mótið heitir Opna Íslandsmeistaramótið í sundknattleik.

2. grein

Mótið er haldið ár hvert, á tímabilinu mars til maí.

3. grein

Mótið er haldið samkvæmt alþjóðareglum FINA.

4. grein

Keppt er í fjögurra liða riðlum þar sem öll liðin keppa innbyrðis og tvö komast áfram upp í útsláttarkeppni. Séu liðin færri en sjö þ.e. ekki næst í tvo eða fleiri riðla skal stjórn SSÍ ákveða nánari útfærslu keppinnar og tilkynna með a.m.k. 7 daga fyrirvara.

5. grein

Verðlaun eru veitt fyrir efstu þrjú sætin í liðakeppninni. Það lið sem sigrar hlýtur titilinn Íslandsmeistari í sundknattleik. Einungis lið sem keppa undir merkjum félags á Íslandi getur orðið Íslandsmeistari.

6. grein

Tæknifundur er haldinn samkvæmt nánari auglýsingu í upphafi móts.

7. grein

Með ágreiningsmál sem upp koma skal farið að lögum og almennum ákvæðum SSÍ.

Júní 2021

e) Opna Íslandsmótið í Víðavatnssundi

1. grein

Mótið heitir Opna Íslandsmótið í víðavatnssundi.

2. grein

Mótið er haldið ár hvert.

3. grein

Mótið er haldið samkvæmt alþjóðareglum FINA eftir því sem við verður komið. Stjórn SSÍ setur sérstakar reglur um framkvæmd mótsins.

4. grein

Verðlaun eru veitt fyrir efstu þrjú sætin í hverjum flokki.

5. Grein

Heimilt er að keppa í garpaflokkum á mótinu.

6. grein

Með ágreiningsmál sem upp koma skal farið að lögum og almennum ákvæðum SSÍ.

Júní 2021

XI. KAFLI - Reglugerðir um Aldursflokkamót

a) Aldursflokkameistaramót Íslands í sundi

1. grein

Aldursflokkameistaramót Íslands – AMÍ skal haldið árlega síðari hluta júnímánaðar.

2. grein

Mótið er haldið í 25 metra laug. Stjórn SSÍ ákveður fjölda keppnisdaga og tilkynnir skipulag mótsins og mótsstað með amk eins mánaðar fyrirvara. Þá daga sem mótið fer fram er óheimilt að stofna til annarar sundkeppni meðal sambandsaðila SSÍ.

3. grein

Lágmörk á Aldursflokkameistaramótið eru ákveðin af stjórn SSÍ. Lágmörk skulu gefin út í fyrir hvern árgang frá 11 ára til 17 ára. Stjórn SSÍ skal hafa tillögur þjálfaranefndar SSÍ og landsliðsþjálfara til hliðsjónar við þá ákvörðun.

Lið sem eiga færri keppendur á AMÍ en fjóra mega sækja um að bæta við keppendum óháð lágmörkum á AMÍ þó þannig að heildarfjöldi keppenda þeirra félaga verði ekki fleiri en fjórir. Þeir keppendur sem þannig fá keppnisrétt á AMÍ mega keppa í allt að þrem einstaklingsgreinum að eigin vali. Þeir keppendur á AMÍ sem ná lágmörkum í færri greinum en þrem mega á sama hátt velja sér greinar til viðbótar án lágmarka til að ná keppni í þremur einstaklingsgreinum. Umsóknir um ofangreint skulu berast amk 15 dögum áður en mót hefst.

Keppendur geta mest keppt í sínum aldursflokkum í 6 einstaklingsgreinum á mótinu auk boðsunda.

4. grein

AMÍ er aldursflokkaskipt meistararamót í sundi þar sem keppt er beint til úrslita. Aldursflokkaskiptingin er eftirfarandi:

Sveinar og meyjur 12 ára og yngri

Drengir og telpur 13 til 14 ára

Piltar og stúlkur 15 til 17 ára

5. grein

Mótið er stigakeppni félaga. Tveir hröðustu sundmenn félags í hverri grein og aldursflokkum geta tekið stig fyrir félagið. Stig eru gefin miðað við sætaröð keppenda. Í boðsundum er keppt í aldursflokkum og stig gefin miðað við sætaröð boðsundssveita í lok greinar. Einungis ein boðsundssveit frá hverju félagi í hverri grein og aldursflokkum getur tekið stig og skal sú sveit merkt A-sveit. Stigin eru reiknuð á eftirfarandi hátt:

1. sæti 10 stig (boðsund 20 stig)
2. sæti 8 stig (boðsund 16 stig)
3. sæti 6 stig (boðsund 12 stig)
4. sæti 5 stig (boðsund 10 stig)
5. sæti 4 stig (boðsund 8 stig)
6. sæti 3 stig (boðsund 6 stig)
7. sæti 2 stig (boðsund 4 stig)
8. sæti 1 stig (boðsund 2 stig)

Þannig að 8 hröðustu sundmenn í grein og aldursflokkum eða 8 hröðustu boðsundssveitirnar í aldursflokkum fái stig. Stig fyrir boðsund er tvöföld miðað við einstaklingsgreinar.

Verði félög jöfn að stigum í heildarstigakeppni félaga skulu stig gefin fyrir boðsund ráða sæti félagana. Verði félög þá ennþá jöfn að stigum skal hlutkesti ráða röð félaga.

6. grein

Á AMÍ skal veita verðlaun fyrir fyrsta til sjötta sæti í einstaklingskeppni miðað við aldursflokka sem taldir eru upp í fjórðu grein, en sá sem á besta tímum í greininni miðað við aldursflokk hlýtur sæmdartítilinn Aldursflokkameistari Íslands í þeirri grein. Í boðsundum skal veita verðlaun fyrir fyrsta til þriðja sæti í aldursflokkum.

Aldursflokka-verðlaun einstaklinga eru veitt þeim keppendum sem ná bestum samanlögðum árangri í tveimur stigahæstu greinum samkvæmt stigatöflu FINA, í flokki pilta og stúlkna. Í flokki drengja og telpna eru teknar þrjár stigahæstu greinarnar og í flokki sveina og meyja skal reikna árangur úr 200 m fjórsundi, 400 m skriðsundi ásamt stigahæstu grein þar fyrir utan. Þeir sem fá slík verðlaun hljóta sæmdarheitið Aldursflokkameistarar. Allir sem taka þátt í mótinu 12 ára og yngri fá sérstaka viðurkenningu fyrir þátttöku í mótinu.

7. grein

SSÍ ákveður greinaröðun og tilkynnir amk einum mánuði áður en mót hefst.

Miða skal við að eftirfarandi greinar séu í boði fyrir meðfylgjandi aldursflokka. Sundfólk syndir eingöngu í sínum aldursflokki í einstaklingsgreinum:

Sveinar og meyjar (12 ára og yngri)

100 metra flugsund, 100 metra baksund, 200 metra baksund, 100 metra bringusund, 200 metra bringusund, 100 metra skriðsund, 200 metra skriðsund, 100 metra fjórsund, 200 metra fjórsund og 400 metra skriðsund.

Boðsund: 4x50 metra fjórsund, 4x50 metra skriðsund og 8x50 metra skriðsund blandað

Drengir og telpur (13 til 14 ára)

100 metra flugsund, 200 metra flugsund, 100 metra baksund, 200 metra baksund, 100 metra bringusund, 200 metra bringusund, 100 metra skriðsund, 200 metra skriðsund, 400 metra fjórsund, 400 metra skriðsund og 800 metra skriðsund.

Boðsund: 4x100 metra fjórsund, 4x100 metra skriðsund og 8x50 metra skriðsund blandað

Piltar og stúlkur (15 til 17 ára)

100 metra flugsund, 200 metra flugsund, 100 metra baksund, 200 metra baksund, 100 metra bringusund, 200 metra bringusund, 100 metra skriðsund, 200 metra skriðsund, 200 metra fjórsund, 400 metra skriðsund og 800 metra skriðsund

Boðsund: 4x100 metra fjórsund, 4x100 metra skriðsund og 8x50 metra skriðsund blandað

Síðasta grein mótsins er 10x50 metra skriðsund blandað m/v eftirfarandi:

Í 10 x 50m blönduðu boðsundi má hvert lið hafa að hámarki tvo sundmann af hvoru kyni 15 ára eða eldri. Ekki eru settar takmarkanir á fjölda sundmanna úr öðrum aldursárgöngum. Félög sem ekki ná að setja saman blandaða boðsundssveit í þessari grein mega sameina krafta sína við önnur félög. Jafnt hlutfall kynja verður að vera í hverri sveit. 10x50 metra boðsund telur ekki til stiga fyrir félög á mótinu.

Í boðsundum má synda upp fyrir sig í aldursflokki að því tilskyldu að boðsundssveitir séu skipaðir tveimur einstaklingum úr réttum aldursflokki hið minnsta í flokkum 12 ára og yngri, 13 til 14 ára og 15 til 17 ára. Félögum er heimilt að hafa sundfólk í boðsundssveitum sem ekki hafa náð einstaklingslágmarkum á AMÍ, en það verður að uppfylla aldurstakmarkanir. Boðsundssveitum skal skipað á brautir miðað við stigastöðu félaga þegar kemur að boðsundsgreinum dagsins.

8. grein

Þátttökurétt hefur allt sundfólk sem skráð er í íslensk sundfélög og hafa náð lágmarkum þeim sem um getur í 3. grein hér að ofan. Að auki eiga íslenskir ríkisborgarar búsettir erlendis skráðir í félög erlendis þátttökurétt á mótinu í samræmi við reglur ÍSÍ og SSÍ um keppnis- og þátttökurétt. Einnig getur SSÍ boðið erlendum félögum/sundmönnum til þátttöku í mótinu og skal þá gert ráð fyrir sérstökum verðlaunum fyrir erlent sundfólk. Erlend sundfélög geta ekki tekið þátt í stigakeppni félaga. Hver keppandi getur tekið þátt í 6 einstaklingsgreinum. Í boðsundi má synda upp fyrir sig í aldursflokki að því tilskyldu að boðsundssveitir séu skipaðar tveimur einstaklingum úr réttum aldursflokki hið minnsta (í átta manna sveit þurfa að vera amk 4 einstaklingar úr réttum aldursflokki og helmingur sveitar af hvoru kyni).

9. grein

Tækni- og starfsmannafundi skal halda samkvæmt gildandi reglum SSÍ á hverjum tíma.

Júní 2021

XII. KAFLI – Reglugerðir um Bikarkeppni

a) Bikarkeppni SSÍ í sundi

1. grein

Bikarkeppni SSÍ 1. og 2. deild skal haldin ár hvert og fer hún fram í 25 m eða 50m laug.

2. grein

Liðum í keppninni er skipað í deildir með eftirfarandi hætti: Í 1. deild keppa 6 stigahæstu kvennalið og 6 stigahæstu karlalið frá bikarkeppni fyrra árs. Fjöldi liða í 2. deild ræðst af þátttöku. Stjórn SSÍ getur boðið b-liðum félaga til þátttöku í keppni í 2. deild þannig að keppni í deildinni sé fullskipuð. B lið geta ekki unnið sig upp um deild.

3. grein

Lið tilkynna þátttöku í Bikarkeppni SSÍ með minnst 15 daga fyrirvara. Tilkynningin er bindandi. Sé b-liðum boðin þátttaka er það gert með minnst 10 daga fyrirvara. Með þátttökutilkynningu skal fylgja keppendalisti. Á listann eru skráðir keppendur félags þar með taldir varamenn. Félögum er heimilt að gera breytingar á keppendalista um leið og skráningum í greinar er skilað. Skráningum í greinar skal skila tveim sólarhringum fyrir upphaf mótis og skal framkvæmdastjóri eða formaður SSÍ gæta þeirra, en óheimilt er að birta þær öðrum fyrr en við upphaf hverrar greinar en þá verða þær birtar á upplýsingaskjá. Þó fá yfirdómari og þulur hvers mótshluta lista yfir keppendur mótshlutans og keppnisgreinar þeirra í hendur fyrir upphaf mótshlutans. Þeir skulu fara með listann sem trúnaðarmál.

4. grein

Hvert lið má senda tvo keppendur í hverja grein og eina boðsundssveit í hvert boðsund. Hver keppandi má synda í mest þremur greinum auk boðsunda. Keppendur skulu vera 11 ára eða eldri á árinu. Keppt skal sérstaklega í kvenna- og karlaflokkum.

5. grein

Stjórn SSÍ ákveður fjölda mótsdaga og röð greina og tilkynnir skipulag mótsins og mótsstað með minnst þriggja mánaða fyrirvara. Þá daga sem mótið fer fram er óheimilt að stofna til annarrar sundkeppni á vegum sambandsaðila SSÍ.

6. grein

Í 1. og 2. deild er keppt í eftirfarandi greinum karla og kvenna:

Skriðsund 100, 200, 400,
800 (eingöngu í kvennaflokki)
og 1500m(eingöngu í karlaflokki)
Bringusund 100 og 200m
Flugsund 100 og 200m
Baksund 100 og 200m
Fjór Sund 200 og 400m
Boðsund 4x100m fjór Sund
4x100m skriðsund

7. grein

Stig verði veitt samkvæmt gildandi stigatöflu FINA. Stigahæsta kvennalið og stigahæsta karlaliði 1. deild hljóta sæmdarheitið BIKARMEISTARI ÍSLANDS Í SUNDI í kvenna- og karlaflokkum og gripi þá sem keppt er um. Einnig skal verðlauna það lið sem hreppir 2. sætið í 1. deild. Á sama hátt skal verðlauna tvö efstu liðin í 2. deild. Veita skal viðurkenningu til stigahæsta kvennaliðs og stigahæsta karlaliðs keppinnar í hverri deild. Ef lið eru jöfn að stigum skulu úrslit úr boðsundum ráða sætaröðun þeirra. Ef lið eru enn jöfn skal hlutkesti ráða röð liða.

8. grein

Geri sundmaður/sundmenn ógilt fer fram aukariðill í viðkomandi grein fimm mínútum eftir að boðsundi þess mótshluta lýkur og keppir þá varamaður/varamenn í stað þess sundmanns/sundmanna sem ógilt gera. Aukasund skal synda samkvæmt þessu ákvæði þótt fram hafi komið kæra sem véfengir ógildingarúrskurð. Niðurstaða mótisstjórnar /úrskurðaraðila skal liggja fyrir við mótslok í öllum tilfellum og liggja til grundvallar staðfestum úrslitum mótsins.

9. grein

Tæknifundi skal halda í samræmi við gildandi reglur.

Júní 2021

XII. KAFLI – Aðrar reglugerðir SSÍ

a) Reglugerð um víðavatnssund.

1. grein

SSÍ, setur reglur um víðavatnssund á Íslandi, viðurkennir einstök víðavatnssund, heldur utan um árangur og gefur út viðurkenningar til einstaklinga að sundi loknu. Komi upp meiningarmunur sker SSÍ úr og hefur reglur FINA til hliðsjónar eftir því sem við á.

2. grein

Víðavatnssund telst sund sem fer fram í ám, vötnum, sjó eða vatnstrásum. Undanskilið er 10 km sund, en það er skilgreint sem Marabon sund og um það gildir sérstök reglugerð.

3. grein

Þessar reglur gilda um öll sund á Íslandi sem geta talist víðavatnssund eftir fyrirframtilkynntri sundleið og fara fram eftir 1. janúar 2010. Slík sund sem framkvæmd hafa verið fyrir 1. janúar 2010 geta fengið viðurkenningu að því tilskyldu að vitni hafi verið að þeim og tilkynning um sundið sé sent á SSÍ.

4. grein

Til að sund sé viðurkennt af SSÍ ber sundmanni að tilkynna það fyrirfram til SSÍ á sérstöku formi sem er aðgengilegt á heimasíðu SSÍ. Í tilkynningu um fyrirhugað sund skal eftirfarandi koma fram:

- Hvaða sundmann um ræðir
- Að sundmaður sé orðinn fullra 18 ára þegar sund fer fram. Sundmaður sem orðinn er fullra 16 ára getur fengið heimild til að synda að því tilskyldu að forráðamenn viðkomandi undirriti tilkynninguna ásamt sundmanni.
- Yfirlýsing sundmanns og eftir atvikum forráðamanns um að hann undirgangist reglur SSÍ um víðavatnssund þmt skuldbindingu um að taka ekki óþarfa áhættu í sundinu
- Hvaða sundleið um ræðir – upphafspunktur og endastað
- Hvenær sundið á að fara fram. Taka skal fram ef verið er að reyna við ákveðna leið á afmörkuðu tímabili.
- Hver/hverjir munu fylgja sundmanni í sundinu og hvernig verður þeirri fylgd háttað
- Hvort fylgdarmenn hafi kynnt sér reglur SSÍ um víðavatnssund og hafi undirgengist námskeið í skyndihjálp, fræðslu um ofkólnun og námskeið á vegum viðurkenndra aðila um fylgd í víðavatnssundi.
- Að sundmaður beri ábyrgð á sundinu sjálfur en hann viðurkenni að eftirlitsmaður (björgunarsveitarmaður) hafi fullt vald til að grípa inn í og stöðva sund, ef ástæða er til, ma vegna örfreytu sundmanns, veðuraðstæðna, aðstæðna í sjó eða annars sem skiptir máli og varðar líf og öryggi sundmanns
- Hvort yfirvöldum hafi verið tilkynnt um sundið og leyfi fengið eftir atvikum (með yfirvöldum er átt við lögreglu, hafnarverði eða aðra þá sem einhverja ábyrgð kunna að bera á því svæði sem sundið fer fram á).
- Að tilskilið gjald til SSÍ hafi verið greitt.

5. Grein

Til að fá viðurkenningu að sundi loknu undirritar sundmaður yfirlýsingu um lok sunds ásamt fylgdarmanni sínum og einum votti og sendir til SSÍ.

Á viðurkenningarskjali skal tilgreina sundleið, tíma sundsins og útbúnað sundmanns. Ef sundmaður hefur synt án smurningar og eingöngu í leyfilegum sundfatnaði úr óhitaeinangrandi efnunum skal geta þess á viðurkenningarskjali, enda kemur slíkt fram á yfirlýsingu viðkomandi. SSÍ varðveitir skrá yfir þá sem hljóta viðurkenningar.

Stjórn SSÍ er heimilt að veita sérstakar viðurkenningar vegna;

- Sérstakra afreka
- Drangeyjarsunds
- Hraðamet kvenna eða karla á ákveðinni sundleið.
- Elsti einstaklingur kvenna og karla á ákveðinni sundleið.

enda komi ábendingar þar um til SSÍ.

6. grein

SSÍ gefur út amk einu sinni á ári lista yfir þær sundleiðir sem það viðurkennir. Þær eru nú:

- Akranessund**, frá Selsvör við Ánanaust og að Teigavör eða Langasandi á Akranesi og öfugt
- Bessastaðasund**, frá Skildingarnesi og að Eyri við Álftanes og öfugt
- Drangeyjarsund**, um tvær sundleiðir er að ræða. Sú fyrri er úr Drangeyjarfjöru og að landi við Reykjadisk og öfugt. Þessi leið er u.þ.b. 6,5 km löng. Sú síðari er úr Uppgönguvíkinni og að landi við Reykjadisk og öfugt, leið sem er u.þ.b. 7,3 km að lengd.

- d) **Engeyjarsund**, úr Engey og að fyrstu flotbryggju við gamla slippinn í Reykjavíkurbænum og öfugt
- e) **Hríseyjarsund**, tvær sundleiðir. Annars vegar úr Hrísey að Dalvík og öfugt og hinsvegar úr Hrísey og að Árskógssandi og öfugt.
- f) **Hvalfjarðarsund**, frá Leyni rétt ofan við álverið og að Hvalfjarðareyri og öfugt
- g) **Kjalarnessund**, frá Kjalarnesi og að fyrstu flotbryggju við gamla slippinn í Reykjavíkurbænum og öfugt
- h) **Helgusund**, frá Geirshólma og að fjöru við Bláskeggsá.
- i) **Reykjavík – Hafnarfjarðarsund**, úr Nauthólvík og inn í Hafnarfjarðarhöfn og öfugt
- j) **Viðeyjarsund**, úr fjöru við Viðeyjarbryggju og að fyrstu flotbryggju við gamla slippinn í Reykjavíkurbænum og öfugt. Heimilt er að breyta leið ef aðstæður í Reykjavíkurbænum eru á þann veg að heilsa sundfólks gæti verið í hættu.
- k) **Reykjavík – Hafnarfjarðarsund**, úr Nauthólvík og inn í Hafnarfjarðarhöfn og öfugt
- l) **Viðeyjarsund**, úr fjöru við Viðeyjarbryggju og að fyrstu flotbryggju við gamla slippinn í Reykjavíkurbænum og öfugt
- m) **Vestmannaeyjarsund**, frá Vestmannaeyjum og að Landeyjum
- n) **Þingvallarsund**, frá Mjóanesoddi og að Riðvíkur og Markatanga

Fleiri sundleiðir koma til greina. Sundmaður sem óskar að synda sundleið sem er ekki á listanum og vill fá viðurkenningu SSÍ, sendir inn lýsingu á sundleið ásamt hefðbundinni skráningu. Sundleiðin fer þá á lista SSÍ um leið og stjórn SSÍ hefur staðfest hana. Um Drangeyjarsund gildir einnig reglugerð ÍSÍ um það sund. Um Íslandsmót í víðavatnssundi gildir sérstök reglugerð.

7. grein

Sundmaður verður að vera á þurru land áður en hann byrjar sund sitt. Sundið hefst um leið og sundmaður snertir vatnið hvort sem hann stingur sér eða fer með fætur á undan. Þá skal eftirlitsmaður hefja tímatöku. Sundi er lokið þegar sundmaður er kominn allur upp úr vatni og á þurrt land. Þá skal tímatöku ljúka.

Leyfilegt er að afhenda sundmanni mat og drykk í einstaklingssundi en hann má ekki snerta fylgdarbat meðan á sundi stendur.

Undir engum kringumstæðum skulu vera fleiri en einn sundmaður á hvern bát nema um boðsund sé að ræða. Verði misbrestur á þessu er stjórn SSÍ óheimilt að viðurkenna sund þeirra sundmanna sem um ræðir.

8. grein

Sundmanni er heimilt að nota eitt lag af öllum óhitaeinangrandi sundfatnað í víðavatnssundi [samkvæmt reglum FINA](#) eina sundhettu úr óhitaeinangrandi efni og ein sundgleraugu. Heimilt er að skipta um sundgleraugu meðan á sundi stendur. Allar gerðir smurninga eru leyfilegar að 0,5 kg. Fylgdarmaður metur smurningu og vottar hana.

Allur aukabúnaður sem getur aukið hraða, kuldaþol og flot, s.s. blautbúningur, froskalappir, spaðar, korkur, binda saman fingur o. fl. er bannaður.

9. grein

Heimilt er að synda boðsund á viðurkenndum sundleiðum í víðavatnssundi. Sömu reglur gilda um einstaklinga í boðsundi eftir því sem við á. Boðsund telst vera þegar amk 2 eða fleiri sundmenn synda boðsund þar sem hver sundmaður syndir í einu í 20 mínútna hólfum.

Skipting skal fara þannig fram að sundmaður sem tekur við skal fara ofan í fyrir aftan syndandi sundmann og skipting telst vera þegar hann er kominn samhliða honum. Sundmenn mega ekki snertast. Meðlimir boðsundssveitar verða halda sömu röð út sundið.

10. grein

Reglur SSÍ, ÍSÍ og WADA um lyfjanotkun eiga við í Víðavatnssundi.

11. grein

Stjórn SSÍ gefur út upplýsingabækling um víðavatnssund, þar sem helstu sundleiðir, reglur og öryggisatriði eru tilgreind. Heimilt er að tengja þá útgáfu upplýsingum um aðrar sundíþróttir.

Júní 2021

b) Reglugerð um kosningar í Íþróttamannanefnd SSI.

1. grein

Kosin skal í 5 manna Íþróttamannanefnd SSI innan mánaðar frá því að sundþingi lýkur.

2. grein

Í Íþróttamannanefnd SSI situr sundfólk sem er 16 ára eða eldra, æfir með afrekshópi í sínu félagi og hefur verið tilnefnt af félögum sínum í hópnum. Einungis er mögulegt að tilnefna einn einstakling frá hverju félagi.

3. grein

Kosningarétt hafa allir sundmenn, 13 ára og eldri, skráðir í félög innan SSI. Þeir skulu kjósa 5 af lokalista.

4. grein

Stjórn SSI setur saman kjörstjórn sem hefur umsjón með kosningunni. Í kjörstjórninni skulu sitja einn stjórnarmaður SSI, einn nefndarmaður í Aga og síðanefnd SSI og einn tilnefndur af ÍSI.

5. grein

Kjörstjórn er heimilt að skipa sér trúnaðarmann í hverju félagi, sem framkvæmir kosningu í hennar umboði, kjörstjórn telur atkvæðin og tilkynnir úrslit.

6. grein

Stjórn SSI kallar Íþróttamannanefnd SSI saman í fyrsta sinn eftir kosningu.

7. grein

Íþróttamannanefnd SSI hefur ekki sjálfstæðan fjárhag, en allur kostnaður við nefndina og kosningu í hana er greiddur af SSI.

Apríl 2017

XIII. KAFLI – Reglugerðir um Bikara og sérstaka sjóði

a) Reglugerð fyrir SIGURÐARBÍKARINN

1. grein

Sigurðarbikarinn er gefinn í minningu Sigurðar Jónssonar Þingeyings. Gefandi gripsins er fjölskylda Sigurðar.

2. grein

SSÍ annast um að reglugerð þessari sé framfylgt og heldur skrá yfir þá sem vinna gripinn.

3. grein

Sigurðarbikarinn er farandgripur sem er veittur árlega fyrir besta afrek í bringusundi, unnið á Íslandsmeistaramóti í 50 metra laug sem haldið er á vegum SSÍ.

4. grein

Sigurðarbikarinn er veittur til varðveislu milli Íslandsmeistaramóta í 50 metra laug og getur aldrei unnist til eignar. Einungis íslenskir ríkisborgarar sem eru þátttakendur á Íslandsmeistaramóti í sundi í 50 metra laug geta keppt um gripinn. Ekki er heimilt að fara með bikarinn úr landi.

5. grein

Sigurðarbikarinn skal veittur svo lengi sem fjölskylda Sigurðar samþykkir. Eftir það skal honum skilað til gefenda eða fulltrúa þeirra ásamt lista yfir þá sem hafa unnið til hans frá og með árinu 2005.

6. grein

Fjölskyldu Sigurðar er frjálst að veita þeim sem vinna gripinn árlega, sérstakan eignargrip.

7. grein

Þessari reglugerð verður ekki breytt nema að undirlagi stjórnar SSÍ að höfðu samráði við fjölskyldu Sigurðar.

Júní 2021

b) Reglugerð fyrir PÉTURSBÍKARINN

1. grein

Pétursbikarinn er gefinn í minningu Péturs Kristjánssonar sundkappa úr Sunddeild Ármanns. Gefandi gripisins er fjölskylda Péturs.

2. grein

SSÍ annast um að reglugerð þessari sé framfylgt og heldur skrá yfir þá sem vinna gripinn.

3. grein

Pétursbikarinn er farandgripur sem er veittur árlega í karlaflokki fyrir besta afrek í sundi, samkvæmt stigatöflu FINA, unnið frá lokum Íslandsmeistaramóts í 50 metra laug, sem haldið er á vegum SSÍ, til loka næsta Íslandsmeistarmóts í 50 metra laug.

4. grein

Pétursbikarinn er veittur til varðveislu milli Íslandsmeistaramóta í 50 metra laug og getur aldrei unnist til eignar. Einungis íslenskir ríkisborgarar geta keppt um gripinn. Ekki er heimilt að fara með bikarinn úr landi.

5. grein

Pétursbikarinn skal veittur svo lengi sem fjölskylda Péturs samþykkir. Eftir það skal honum skilað til gefenda eða fulltrúa þeirra ásamt lista yfir þá sem hafa unnið til hans frá og með árinu 2010.

6. grein

Fjölskyldu Péturs er frjálst að veita þeim sem vinna gripinn árlega, sérstakan eignargrip.

7. grein

Þessari reglugerð verður ekki breytt nema að undirlagi stjórnar SSÍ að höfðu samráði við fjölskyldu Péturs.

Júní 2021

c) Reglugerð fyrir KOLBRÚNARBIKARINN

1. grein

Kolbrúnarbikarinn er gefinn í minningu Kolbrúnar Ólafsdóttur sundkonu úr Sunddeild Ármanns. Gefandi gripsins er fjölskylda og vinir Kolbrúnar.

2. grein

SSÍ annast um að reglugerð þessari sé framfylgt og heldur skrá yfir þá sem vinna gripinn.

3. grein

Kolbrúnarbikarinn er farandgripur sem er veittur árlega í kvennaflokki fyrir besta afrek í sundi, samkvæmt stigatöflu FINA, unnið frá lokum Íslandsmeistaramóts í 50 metra laug, sem haldið er á vegum SSÍ, til loka næsta Íslandsmeistarmóts í 50 metra laug.

4. grein

Kolbrúnarbikarinn er veittur til varðveislu milli Íslandsmeistaramóta í 50 metra laug og getur aldrei unnist til eignar. Einungis íslenskir ríkisborgarar geta keppt um gripinn. Ekki er heimilt að fara með bikarinn úr landi.

5. grein

Kolbrúnarbikarinn skal veittur svo lengi sem fjölskylda Kolbrúnar samþykkir. Eftir það skal honum skilað til gefenda eða fulltrúa þeirra ásamt lista yfir þá sem hafa unnið til hans frá og með árinu 2010.

6. grein

Fjölskyldu Kolbrúnar er frjálst að veita þeim sem vinna gripinn árlega, sérstakan eignargrip.

7. grein

Þessari reglugerð verður ekki breytt nema að undirlagi stjórnar SSÍ að höfðu samráði við fjölskyldu Kolbrúnar Ólafsdóttur.

Júní 2021

d) Reglugerð fyrir ÁSGEIRSBÍKARINN

1. grein

Ásgeirsbíkarinn er gefinn í minningu Ásgeirs Ásgeirssonar fyrrverandi forseta Íslands. Gefandi gripisins er forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson.

2. grein

SSÍ annast um að reglugerð þessari sé framfylgt. SSÍ heldur skrá yfir þá sem vinna Ásgeirsbíkarinn.

3. grein

Ásgeirsbíkarinn er farandgripur sem er veittur árlega fyrir besta afrek í sundi, samkvæmt stigatöflu FINA, unnið á Íslandsmeistaramóti í 50 metra laug sem haldið er á vegum SSÍ.

4. grein

Ásgeirsbíkarinn er veittur til varðveislu milli Íslandsmeistaramóta í 50 metra laug og getur aldrei unnist til eignar. Einungis íslenskir ríkisborgarar sem eru þátttakendur á Íslandsmeistaramóti í sundi í 50 metra laug geta keppt um gripinn. Ekki má undir neinum kringumstæðum fara með Ásgeirsbíkarinn úr landi. Ef handhafi bikarsins er búsettur erlendis skal SSÍ varðveita bíkarinn fyrir hönd handhafans milli móta.

5. grein

Ásgeirsbíkarinn skal veittur í 50 ár, í fyrsta skipti árið 2008 og í síðasta skipti árið 2057. Eftir það skal hann varðveittur á Þjóðminjasafni Íslands þar sem nöfn þeirra sem veittu honum viðtöku skulu sett á stéttina.

6. grein

SSÍ skal veita þeim sem hljóta Ásgeirsbíkarinn til varðveislu, grip til eignar. Á þeim grip skal koma fram við hvaða tilefni hann er afhentur.

7. grein

Þessari reglugerð verður ekki breytt nema að undirlagi stjórnar SSÍ að höfðu samráði við forseta Íslands.

Júní 2021

e) Reglugerð fyrir ÓLAFSBIKARINN

1. grein

Ólafsbikarinn er gefinn í minningu Ólafs Þórs Gunnlaugssonar sundmanns og sundþjálfara. Gefandi gripsins er fjölskylda Ólafs Þórs.

2. grein

SSÍ annast um að reglugerð þessari sé framfylgt. SSÍ heldur skrá yfir þá sem vinna Ólafsbikarinn.

3. grein

Ólafsbikarinn er farandgripur sem er veittur árlega fyrir besta afrek unnið á Aldursflokkameistaramóti Íslands, AMÍ, í einni af eftirtöldum sundgreinum: 400 metra fjórsund, 400 metra skriðsund, 800 metra skriðsund eða 1500 metra skriðsund. Taka skal tillit til aldurs sundfólks við mat á besta afreki í þessum greinum.

4. grein

Ólafsbikarinn er veittur til varðveislu milli Aldursflokkameistaramóta, AMÍ og getur aldrei unnist til eignar. Einungis íslenskir ríkisborgarar sem eru þátttakendur á Aldursflokkameistaramóti í sundi í 25 metra laug geta keppt um gripinn. Ekki er leyfilegt að fara með bikarinn úr landi.

5. grein

Ólafsbikarinn skal veittur svo lengi sem fjölskylda Ólafs samþykkir. Eftir það skal honum skilað til gefenda eða fulltrúa þeirra ásamt lista yfir þá sem hafa unnið til hans frá og með árinu 2010.

6. grein

Fjölskyldu Ólafs Þórs er frjálst að veita þeim sem vinna gripinn árlega, sérstakan eignargrip.

7. grein

Þessari reglugerð verður ekki breytt nema að undirlagi stjórnar SSÍ að höfðu samráði við fjölskyldu Ólafs Þórs Gunnlaugssonar.

Júní 2021

XIV. KAFLI – Erindisbréf nefnda

a) Aga- og siðanefnd

Megintilgangur og hlutverk starfsnefnda SSÍ

Megintilgangur starfsnefnda er að vera í forystu um þau málefni sem undir viðkomandi nefnd heyra. Í því felst það sameiginlega markmið að efla sundíþróttir á Íslandi, að efla metnað iðkenda og almennings, stuðla að árangri í keppni og uppeldi afreksfólks í sundíþróttum um leið og áhersla er lögð á að treysta stöðu sundíþróttar meðal almennings.

Almennt er hlutverk nefnda SSÍ að vera stjórn til ráðuneytis um þau mál sem þær fjalla um og gera tillögur til stjórnar um aðgreinda þætti starfsins. Stjórn SSÍ skilgreinir hlutverk, starfssvið og umboð starfsnefnda með sérstakri samþykkt stjórnar SSÍ á hverjum tíma (erindisbréfi). Nefndir SSÍ vinna á ábyrgð og í umboði stjórnar SSÍ. Þær eru skipaðar af stjórn SSÍ eftir sundþing. Forfallist nefndarmaður eða hættir störfum getur stjórn skipað nýja fulltrúa í hans stað.

Um nefndina og verkefni – Hlutverk Aga- og siðanefndar

Hlutverk Aga- og siðanefndar SSÍ er að framfylgja þeim aga- og siðareglum sem í gildi eru innan SSÍ hverju sinni og getur nefndin haft frumkvæði að því að taka upp mikilvæg mál sem slíkt varðar. Einnig tekur nefndin til umfjöllunar álitafni sem til hennar er vísað. Nefndin skal hafa eftirlit með því að úrskurðir hennar og viðurlög komi til framkvæmda og séu virtir af hlutaðeigendum.

Aga- og siðanefnd fer árlega yfir aga- og siðareglur SSÍ og sendir tillögur um breytingar til stjórnar SSÍ. Nefndin skal koma saman að minnsta kosti einu sinni á ári, en að öðru leyti hittist nefndin eftir þörfum. Nefndin sendir stjórn SSÍ fundargerðir um fundi sína og í lok hvers árs skilar nefndin skýrslu um starf sitt til stjórnar SSÍ.

Aga- og siðanefnd er skipuð fimm aðilum sem tilnefndir eru af stjórn SSÍ og skal einn þeirra vera sitjandi stjórnarmaður í SSÍ. Nefndin er skipuð til tveggja ára eftir sundþing.

Aga- og siðanefnd hefur það hlutverk að kanna málavexti þeirra mála sem vísað er til nefndarinnar og getur kallað hlutaðeigandi aðila til fundar við sig. Nefndin getur á sama hátt kallað eftir gögnum frá hlutaðeigandi aðilum og stjórn SSÍ. Nefndinni er skylt að skila skriflegri skýrslu til stjórnar SSÍ um hvert það mál sem kemur inn á borð nefndarinnar.

Eftirfarandi atriði skulu koma fram í skýrslu siðanefndar:

- Hvernig kom málið inn á borð Aga- og siðanefndar
- Hverjir eru málavextir
- Hvernig vann Aga- og siðanefnd með málið
- Hver er niðurstaða Aga- og siðanefndar
 - Nefndin rökstyður niðurstöðu sína

Skýrslu skal skila til stjórnar SSÍ. Skýrsla nefndarinnar er trúnaðarmál.

Aga- og siðanefnd getur komist að þeirri niðurstöðu að mál sé of alvarlegt til að fjallað sé um það innan sundíþróttahreyfingarinnar og vísað því beint til viðeigandi yfirvalda, lögreglu og/eða barnaverndarnefndar eftir atvikum, í samráði við málsaðila. Nefndin skal ávallt fara í einu og öllu eftir barnaverndarlögum við úrvinnslu mála.

Aga- og siðanefnd ber að hefja þau mál sem til hennar berast innan tveggja vikna og leitast við að útkljá mál á sem skemmstum tíma.

Úrræði sem Aga- og siðanefnd getur beitt eru eftirfarandi:

Nefndin getur lagt til eftirfarandi niðurstöður til stjórnar SSÍ. Niðurstöður hennar eru leiðbeinandi fyrir stjórn SSÍ sem leitast við að fylgja niðurstöðum nefndarinnar eftir, nema mælt sé fyrir á annan veg í lögum eða reglum sem SSÍ hefur undirgengist.

- **Láta málið niður falla**
- **Leiða málsaðila saman til að leita sátta þar sem það á við**
- **Veita viðkomandi skriflega viðvörðun**
 - Ef viðvörðun er ekki sinnt ber að veita skriflega áminningu án frekari fyrirvara
- **Veita skriflega áminningu, með það í huga að viðkomandi bæti ráð sitt**
 - Skriflega áminningu er aðeins hægt að veita sama einstaklingnum einu sinni
- **Leggja til að viðkomandi verði vikið tímabundið frá störfum/iðkun í sundhreyfingunni**
- **Leggja til að viðkomandi verði vikið alfarið frá störfum/iðkun í sundhreyfingunni**
- **Vísa máli til viðeigandi yfirvalda**

Erindisbréf nefnda

Erindisbréf nefnda er sérstök samþykkt stjórnar SSÍ um verkefni hvernar nefndar. Nefndir geta sent stjórn SSÍ tillögur um breytingar og viðbætur á erindisbréfum eftir aðstæðum hverju sinni. Í erindisbréfi skal tiltaka starfssvið nefndar, sérstök verkefni og umboð nefndarinnar. Nefndir skila fundargerðum eftir fundi sína og fulltrúi stjórnar ritar fundargerðir nefndarinnar. Fundargerð er sett upp með eftirfarandi hætti:

- Efni máls bókað
- Niðurstaða bókuð – nákvæmar umræður ekki bókuð en stundum er nauðsynlegt að taka fram mismunandi sjónarmið
- Bókað ef starfsmaður eða nefndarmaður fær sérstök verkefni
- Ekki bóka nöfn eða viðkvæmar upplýsingar, nema á fylgiblaði sem fylgir fundargerð til stjórnar í trúnaði.

Hlutverk fulltrúa stjórnar í nefnd er að fylgja eftir málum frá nefnd til stjórnar. Formenn nefnda eiga seturétt á stjórnarfundum SSÍ, þegar málefni sem heyra undir þeirra nefnd eru rædd. Nefndir hafa ekki sjálfstæðan fjárhag og allar ákvarðanir þeirra skal senda stjórn SSÍ sem tillögur. Staðfesting fer ýmist fram með þeim hætti að stjórn staðfestir fundargerð nefndar eða með sérstakri samþykkt um afmarkað málefni.

b) Dómaranefnd

Megintilgangur og hlutverk starfsnefnda SSÍ

Megintilgangur starfsnefnda er að vera í forystu um þau málefni sem undir viðkomandi nefnd heyrir. Í því felst það sameiginlega markmið að efla sundíþróttir á Íslandi, að efla metnað iðkenda og almennings, stuðla að árangri í keppni og uppeldi afreksfólks í sundíþróttum um leið og áhersla er lögð á að treysta stöðu sundíþróttar meðal almennings.

Almennt er hlutverk nefnda SSÍ að vera stjórn til ráðuneytis um þau mál sem þær fjalla um og gera tillögur til stjórnar um aðgreinda þætti starfsins. Stjórn SSÍ skilgreinir hlutverk, starfssvið og umboð starfsnefnda með sérstakri samþykkt stjórnar SSÍ á hverjum tíma (erindisbréfi). Nefndir SSÍ vinna á ábyrgð og í umboði stjórnar SSÍ. Þær eru skipaðar af stjórn SSÍ eftir sundþing. Forfallist nefndarmaður eða hættir störfum getur stjórn skipað nýja fulltrúa í hans stað.

Um nefndina og verkefni

Hlutverk og ábyrgð dómaranefndar er að skipuleggja dómgæslu á mótum SSÍ og ber henni að tilnefna yfirdómara á þau mót. Nefndin skal skipuleggja og halda námskeið fyrir dómara með reglubundnu millibili. Nefndin sendir stjórn SSÍ áætlun fyrir næsta sundtímabil um dómarnámskeið og endurmenntunarnámskeið. Nefndin heldur skrá yfir þá sem hafa virka reynslu sem ræsar og fullgild réttindi sem dómara og yfirdómara og nefndin staðfestir ný áunnin réttindi í umboði stjórnar SSÍ.

Verkefni nefndarinnar í hnotskurn eru:

- að tilnefna yfirdómara og dómara á mót SSÍ
- að skipuleggja þjálfunarverkefni fyrir dómara og stuðla að nægilegri þátttöku í þeim.
- að hafa umsjón með því að þýðingum á alþjóðlegum reglum verði viðhaldið og kynna breytingar á gildandi sundreglum eða sérstökum ákvæðum sem sett eru
- að halda skrá yfir starfandi yfirdómara, dómara, ræsa og dómaranema
- að fá staðfestingu stjórnar SSÍ á skrá yfir starfandi dómgæslufólk í sundi
- að stuðla að þátttöku dómara á mótum erlendis
- að vinna að því að viðurkenndir dómara séu til staðar í öllum sundíþróttagreinum sem falla undir SSÍ.

Erindisbréf nefnda

Erindisbréf nefnda er sérstök samþykkt stjórnar SSÍ um verkefni hvernar nefndar. Nefndir geta sent stjórn SSÍ tillögur um breytingar og viðbætur á erindisbréfum eftir aðstæðum hverju sinni. Í erindisbréfi skal tiltaka starfssvið nefndar, sérstök verkefni og umboð nefndarinnar. Nefndir skila fundargerðum eftir fundi sína og fulltrúi stjórnar ritar fundargerðir nefndarinnar. Fundargerð er sett upp með eftirfarandi hætti:

- Efni máls bókað
- Niðurstaða bókuð – nákvæmar umræður ekki bókuð en stundum er nauðsynlegt að taka fram mismunandi sjónarmið
- Bókað ef starfsmaður eða nefndarmaður fær sérstök verkefni
- Ekki bóka nöfn eða viðkvæmar upplýsingar, nema á fylgiblaði sem fylgir fundargerð til stjórnar í trúnaði.

Hlutverk fulltrúa stjórnar í nefnd er að fylgja eftir málum frá nefnd til stjórnar. Formenn nefnda eiga seturétt á stjórnarfundum SSÍ, þegar málefni sem heyrir undir þeirra nefnd eru rædd. Nefndir hafa ekki sjálfstæðan fjárhag og allar ákvarðanir þeirra skal senda stjórn SSÍ sem tillögur. Staðfesting fer ýmist fram með þeim hætti að stjórn staðfestir fundargerð nefndar eða með sérstakri samþykkt um afmarkað málefni.

c) Kjörnefnd

Megintilgangur og hlutverk starfsnefnda SSÍ

Megintilgangur starfsnefnda er að vera í forystu um þau málefni sem undir viðkomandi nefnd heyra. Í því felst það sameiginlega markmið að efla sundíþróttir á Íslandi, að efla metnað iðkenda og almennings, stuðla að árangri í keppni og uppeldi afreksfólks í sundíþróttum um leið og áhersla er lögð á að treysta stöðu sundíþróttar meðal almennings.

Almennt er hlutverk nefnda SSÍ að vera stjórn til ráðuneytis um þau mál sem þær fjalla um og gera tillögur til stjórnar um aðgreinda þætti starfsins. Stjórn SSÍ skilgreinir hlutverk, starfssvið og umboð starfsnefnda með sérstakri samþykkt stjórnar SSÍ á hverjum tíma (erindisbréfi). Nefndir SSÍ vinna á ábyrgð og í umboði stjórnar SSÍ. Þær eru skipaðar af stjórn SSÍ eftir sundþing. Forfallist nefndarmaður eða hættir störfum getur stjórn skipað nýja fulltrúa í hans stað.

Um nefndina og verkefni

Hlutverk kjörnefndar er að gæta þess að nægilega margir gefi kost á sér til starfa í stjórn SSÍ. A.m.k. sex vikum fyrir sundþing kallar nefndin eftir framboðum í stjórn SSÍ, en framboðsfresti lýkur fjórum vikum fyrir þing. Nefndin hefur heimild til að framlengja framboðsfrestinn um tvær vikur hafi nægilega mörg framboð ekki borist. Hafi þá ekki borist nægjanlega mörg framboð hefur kjörnefnd eina viku til að fá frambjóðendur í þær stöður sem lausar eru. Þann tíma notar nefndin einnig til að leita til einstaklinga og óska eftir framboðum frá þeim.

Kjörnefnd kynnir á sundþingi þau framboð sem borist hafa.

Kjörnefnd aðstoðar við kjör Íþróttamannanefndar SSÍ að loknu sundþingi.

Í lögum SSÍ segir: „Falli stjórnarmaður frá eða hættir störfum á milli sundþinga, má stjórn SSÍ auglýsa meðal nefndarfólks SSÍ eftir staðgengli, til starfa í hans stað. Einstaklingar sem þannig eru kallaðir til geta ekki ráðið úrslitum um afgreiðslu mála innan stjórnar SSÍ.“ Stjórn getur kallað kjörnefnd til ráðuneytis ef slík staða kemur upp.

Erindisbréf nefnda

Erindisbréf nefnda er sérstök samþykkt stjórnar SSÍ um verkefni hvernar nefndar. Nefndir geta sent stjórn SSÍ tillögur um breytingar og viðbætur á erindisbréfum eftir aðstæðum hverju sinni. Í erindisbréfi skal tiltaka starfssvið nefndar, sérstök verkefni og umboð nefndarinnar. Nefndir skila fundargerðum eftir fundi sína og fulltrúi stjórnar ritar fundargerðir nefndarinnar. Fundargerð er sett upp með eftirfarandi hætti:

- Efni máls bókað
- Niðurstaða bókuð – nákvæmar umræður ekki bókuð en stundum er nauðsynlegt að taka fram mismunandi sjónarmið
- Bókað ef starfsmaður eða nefndarmaður fær sérstök verkefni
- Ekki bóka nöfn eða viðkvæmar upplýsingar, nema á fylgiblaði sem fylgir fundargerð til stjórnar í trúnaði.

Hlutverk fulltrúa stjórnar í nefnd er að fylgja eftir málum frá nefnd til stjórnar. Formenn nefnda eiga seturétt á stjórnarfundum SSÍ, þegar málefni sem heyra undir þeirra nefnd eru rædd. Nefndir hafa ekki sjálfstæðan fjárhag og allar ákvarðanir þeirra skal senda stjórn SSÍ sem tillögur. Staðfesting fer ýmist fram með þeim hætti að stjórn staðfestir fundargerð nefndar eða með sérstakri samþykkt um afmarkað málefni.

Júní 2021

XV. KAFLI – Verðskrá SSÍ

a) Um verðskrá SSÍ

1. grein

Stjórn SSÍ ákveður og samþykkir verðskrá SSÍ hverju sinni.

2. grein

Verðskráin skal innihalda lista yfir öll þau gjöld sem SSÍ hefur heimild til að innheimta skv. lögum og reglugerðum sambandsins.

3. grein

Skrifstofa SSÍ sér um að viðhalda skránni og tryggir að hún sé uppfærð og rétt. Verðskráin skal ávallt vera aðgengileg á heimasíðu SSÍ.

b) Verðskrá SSÍ

Gjaldliður

Upphæð

Félag hættir við framkvæmd SSÍ móts innan 3 mánaða frá móti (Gr. 4.1.1)	150.000 ISK
Félag hættir við framkvæmd AMÍ innan 3 mánaða frá móti (Gr. 4.1.1)	350.000 ISK
Félag hættir við sundmót á atburðadagatali (Gr. 4.2.6)	100.000 ISK
Keppandi rangt skráður (Gr. 6.1.5 og 6.2.3)	3.000 ISK
Félagaskipti í sundknattleik – 19 ára og yngri (Gr. 7.2.2)	1.500 ISK
Félagaskipti í sundknattleik – 20 ára og eldri (Gr. 7.2.2)	2.500 ISK
Félagaskipti í garpasundi (Gr. 7.2.2)	2.500 ISK
Sundmaður mætir ekki á ráspall (Gr. 7.4.2)	5.000 ISK
Boðsundssveit mætir ekki á ráspall (Gr. 7.4.2)	10.000 ISK
Kærufé (Gr. 8.2)	5.000 ISK
Seinskráningagjald per sundgrein (Gr. 3.7)	750 ISK
Stungugjald erlendra keppenda á meistaramótum SSÍ	900 ISK
IMOC – 1. einstaklingsgrein	3.200 ISK
IMOC – 2. einstaklingsgrein	1.700 ISK
IMOC – 3. einstaklingsgrein	1.700 ISK
IMOC – Boðsundsgrein, ef keppandi er ekki skráður í einstaklingsgrein	3.200 ISK
IMOC – Einstaklingsgreinar (4. grein eða meira)	0 ISK
Þjónustugjöld per iðkandi 1. maí (Gr. 7.1)	1.600 ISK
Þjónustugjöld per iðkandi 1. desember (Gr. 7.1)	1.600 ISK
Þjónustugjöld per iðkandi á SSÍ móti 1. maí (Gr. 7.1)	3.500 ISK
Þjónustugjöld per iðkandi á SSÍ móti 1. desember (Gr. 7.1)	3.500 ISK

(m/v gengi 150 ISK pr.EUR)

Júní 2021

SUNDSAMBAND ÍSLANDS

STEFNA SSÍ

2017 - 2028

HORFT TIL FRAMTÍÐAR



MARKMIÐ OG LEIÐIR

FORMÁLI

Á undanförunum tveimur árum höfum við verið að uppskera í sundhreyfingunni. Í lok árs 2015 vann Eygló Ósk Gústafsdóttir til tvennra bronsverðlauna á EM25 í Ísrael og í maí 2016 bætti Hrafnhildur Lúthersdóttir um betur og vann til þrennra verðlauna á EM50 í London. Þessar tvær sundkonur náður svo báðar inn í úrslitariðla á Ólympíuleikunum í Rio de Janeiro í Brasilíu í ágúst síðastliðinn. Anton Sveinn Mckee hefur einnig verið að bæta sig mjög mikið hann var við sitt besta á ÓL og mun að líkindum koma vel undirbúinn til keppni á HM50 2017. Þá er einnig vert að geta Bryndísar Rúnar Hansen sem hefur sett sér mjög háleit markmið fyrir framtíðina. Við í sundhreyfingunni verðum að styðja vel við þetta afreksfólk okkar sem hér er nefnt, en einnig þá sem næstir koma. En stóra verkefnið okkar á komandi árum er uppbygging í yngri hópum og uppbygginging félaga út um land. Þá er nauðsynlegt að ná tengslum við sveitarfélög sem bera ábyrgð á uppbyggingu mannvirkja því annars er hætt við að við drögumst aftur úr í þróun sem er mjög hröð í sundheiminum. Uppbygging garpasunds, víðavatnssund og sundknattleiks er líka mikilvægur, því þaðan er líklegt að við njótum stuðnings inn í keppnissundið.

Að stunda sundíþróttir til keppni er mjög agaður lífsstíll sem krefst mikillar sjálfstjórnar, andlegrar og líkamlegrar uppbyggingar og síðast en ekki síst ákvörðunar um að leggja sig fram og ná árangri. Þeir sem stunda sundíþróttir til keppni þurfa einnig á góðum og staðföstum stuðningi að halda. Svo eru þeir sem stunda sundíþróttir sér til ánægju og yndisauka. Það er ekki síður lífsstíll sem er til eftirbreytni. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir SSÍ að eiga sér stefnu í öllum sundíþróttum og sérstaklega iðkun almennings.

Það er gert hér í þessu litla hefti. Afreksstefnan er sett fram sem sérstakt þingskjal á Sundþingi, en á sér samt sem áður stoð í heildarstefnu SSÍ.

Það er von stjórnar SSÍ að þessi framtíðarsýn geti áfram verið áttaviti sundhreyfingarinnar til frekari útbreiðslu og afreka en minnir jafnframt á að texti í þessum dúr á að vera lifandi og breytilegur í raunverulegri framkvæmd.

Með kveðju
Hörður J. Oddfríðarson
formaður SSÍ

INNGANGUR

SUNDSAMBAND ÍSLANDS er vettvangur íþróttabandalaga, héraðssambanda, sundfélaga/deilda og einstaklinga á Íslandi og bakhjarl kennslu og þjálfunar í sundíþróttum og iðkunar almennings.

Starfssemi SSÍ tekur til allra sundíþróttar þó keppnissund sé enn öflugasta greinin sem stunduð er innan vébanda sambandsins. Stefna sambandsins miðar einnig að því að þeir sem stunda sundíþróttir, til keppni eða heilsubótar, geri það sér til heilbrigðis og ánægju.

Sundsamband Íslands hefur staðið fyrir samtali innan hreyfingarinnar, samtal sem átti sér ákveðinn hápunkt á málþingi 17.febrúar 2017. Þau atriði sem þar komu fram eru skrifuð inn í stefnu SSÍ undir kaflaheitinu Málþing og áframhaldandi samtal.

Sundsamband Íslands er sá aðili að Íþróttar- og Ólympíusambandi Íslands sem fer með æðsta vald og sameiginleg málefni sundhreyfingarinnar í landinu, í samræmi við lög ÍSÍ, SSÍ og samþykktir íþróttar- og sundþinga.

Framtíðarsýn

SSÍ eflir áhuga á sundíþróttum, skapar starfssemi sundfélaga traustari grunn og styrkir umgjörð þeirra og fagmennsku. SSÍ kemur fram sem málsvari sundíþróttar og vinnur með yfirvöldum og öðrum að því að bæta aðstæður til sundiðkunar. Allir eiga að fá tækifæri til að læra og iðka sundíþróttir sem hluta af heilbrigðum lífsstíl.

SSÍ eflir sundíþróttaiðkun, bæði til keppni en ekki síður meðal almennings, hefur málefni almenningsunds á sinni könnu en eðli málsins samkvæmt skarast það starf við allt starf SSÍ.

Mótahald sambandsins stuðlar að uppbyggingu sundfólks og frekari kynningu og útbreiðslu á sundíþróttum. Sundíþróttamótum SSÍ er þannig fyrirkomid að íslenskt sundíþróttafólk getur nýtt sér þau til að ná alþjóðlegum árangri.

Mannvirki og önnur aðstaða

Það er mikilvægt að í uppbyggingu fyrir sundíþróttir sé gert ráð fyrir aðstöðu fyrir almenning jafnt sem keppnissund, sundknattleik, sundfimi, dýfingar og víða-vatnssund þar sem það á við. Einnig er mikilvægt að í hverjum landshluta sé aðstaða til að stunda allar sundíþróttir og ekki er síður nauðsynlegt að sundíþróttafélög sem bjóða upp á æfingar og keppni hafi gott aðgengi í þessi mannvirki.

Undanfarin ár hefur verið ládeyða í uppbyggingu sundíþróttamannvirkja og sveitarfélög í landinu hafa ekki haft burði til að setja saman áætlun um slíka uppbyggingu. Á tímabilinu 2017 til 2021 er það eitt af forgangsverkefnum SSÍ að ná fram slíkum áætlunum í samráði við félög og deildir á hverju svæði fyrir sig.

SSÍ vinnur áfram að því í samstarfi við ÍSÍ, ÍBR, Reykjavíkurborg og Menntamálaráðuneytið að þjóðarleikvangur í sundi, Sundíþróttamiðstöð Íslands, verði í Laugardalslaug, þó nauðsynlegt sé að dreifa mótahaldi um landið.

Jafnrétti og siðferði

SSÍ eflir stöðugt jafnrétti og jafnræði í öllu skipulagi sínu og vinnur ötullega gegn einelti, útilokun, yfirgangi og kynferðislegri misbeitingu. Innan SSÍ er starfandi Aga- og siðanefnd sem fylgist vel með og tekur upp mál ef nauðsyn ber til. Þá hafa aga- og siðareglur Sundsambands Íslands verið í gildi um hríð auk almennra aga- og siðaviðmiða íþróttahreyfingarinnar.

Forvarnir

Heilbrigður og ábyrgur lífsstíll er hluti af iðkun íþróttá. Innan SSÍ er virk forvarnarstefna gegn lyfjamisnotkun og notkun ávana- og fíkniefna og sambandið nýtir sér fræðslu og efni frá Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands og fleirum í því sambandi.

Málþing og áframhaldandi samtal.

Á málþingi sem haldið var 24. febrúar 2017 fór fram mjög gagnleg umræða. Í upphafi samræðunnar á þinginu kom fram að Sundsamband Íslands væri að þróast í jákvæða átt, góð aðstaða og góðir velmenntaðir þjálfarar hefðu í gegnum tíðina haft afgerandi áhrif á árangur sundfólksins, sem náði ákveðnum hæðum á árunum 2015 – 2016. Þessi árangur er hvetjandi fyrir yngra sundfólk, sem væri að vinna að því að bæta sig hvert fyrir sig. Aukin umfjöllun hefur haft áhrif á framtíðarsundfólk og þetta ásamt öðru hefur skilað okkur fleiri iðkendum á suðvesturhorinu. Á tímum þar sem tölvur og internet auðvelda samskipti, fjölmiðla sem hafa áhuga á íþróttinni og auka sýnileika, ímynd um að sund er „hreint“ sport og mikið aukið fjármagn í umferð ættum við að sjá bættan árangur og fleiri iðkendur. Við eigum góðar fyrirmyndir og mjög nauðsynlegt að nýta þær í kynningu á sundi. Þá hefur góður árangur íslenskra þjálfara erlendis haft hvetjandi áhrif. Það væri semsagt ástæða til bjartsýni. Á málþinginu var unnið með grunngildi sem hreyfingin hefur unnið með síðan 2013.

- **Við sýnum hvort öðru virðingu**
- **Við höfum gaman af því sem við gerum**
- **Við sýnum hvort öðru trúnað og traust**
- **Við erum framsýn og lausnarmiðuð**

Það sem kom fram á málþinginu var haldið til haga af Elsu Maríu Guðmundsdóttur og hugmyndin er að halda umræðunni áfram útvíkka hana og gefa okkar fólki út um land tækifæri til að hafa áhrif á hana. **Niðurstöður málþingsins fylgja í Viðauka I.**

Verkefni

SSÍ útfærir stefnu fyrir allar sundíþróttir, frá ungbarnasundi og sundkennslu að skólasundi og grunnþjálfun sundmanna, þjálfun aldursflokka, mótahaldi og skipulagi landsliða SSÍ. SSÍ hvetur og styður menntamálayfirvöld til að fylgja fast eftir ákvæðum námskrár grunnskóla um sundkennslu og sveitarfélög til að koma upp viðunandi aðstöðu til sundkennslu á sínu svæði. Um leið sækir SSÍ stuðning til almennings. Fólk á öllum aldri hefur ávinning af því að stunda sund til heilbrigðis og ánægju alla ævi og styður með því við uppbyggingu fyrir keppni.

SSÍ vinnur að því að bæta stöðu íslenskra sundíþróttá innan íþróttahreyfingarinnar á Íslandi og á Norðurlandamótum, Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar, Evrópumeistaramótum, Heimsmeistaramótum, Smáþjóðaleikum og Ólympíuleikum.

Heimasíða sambandsins <http://www.iceswim.is> og facebooksíða SSÍ eru tæki til að ná til almennings. SSÍ á reglubundið samstarf við fjölmiðla og leggur sig fram um að koma upplýsingum um sundíþróttir til íþróttafréttamanna jafnóðum og þær verða til. Þá mun SSÍ koma sér upp aðstöðu til að senda beint út á netinu og þar með senda meira og betra efni til ljósvakamiðla. SSÍ rekur skrifstofu sem veitir sundfélögum þjónustu, upplýsingar og sinnir formlegum skipulagsmálum sundíþróttá en auk þess sjá starfsmenn SSÍ um að framkvæma stefnu SSÍ og ákvarðanir stjórnar. SSÍ menntar og þjálfar fólk til að framkvæma sundmót og framfylgja gildandi reglum FINA.

Starf SSÍ miðar að fagmennsku í öllu starfi og útbýr leiðbeiningar til að tryggja samræmi og samfellu í starfi.

Stjórn SSÍ kynnr reglur FINA og breytingar á þeim.

Alþjóðlegt samstarf og alþjóðlegt mótahald

Það er stefna SSÍ að eiga aðild að nefndum og stjórnnum NSF, LEN og FINA og Ísland tók við forsæti í NSF árið 2014. Því tímabili lýkur árið 2018 þegar Svíþjóð tekur við keflinu. SSÍ á fulltrúa í sundtækninefnd LEN og garpanefndum LEN og FINA, hefur gott samstarf við aðrar Evrópuþjóðir um fulltrúa í nefndir og stjórnir LEN og FINA og sækist eftir fleiri sætum í nefndum LEN og FINA ásamt því að sækjast eftir sæti í stjórnnum þessara sambanda.

SSÍ hefur þegar tekið að sér að vera gestgjafi á árlegum garpanefndar LEN á árunu 2018 -2020 og hefur boðist til að halda ársþing LEN árið 2019. Það skiptir okkur máli að vera virk í þessu alþjóðlega samstarfi, þar sem það auðveldar mjög samskipti við LEN og FINA.

SSÍ mun sækja um að halda EMU og EM 25 fyrir árið 2024. Það gerist þó ekki nema í góðu samstarfi við Reykjavíkurborg og Mennta- og menningarmálaráðuneytið og reynsla okkar af mótahaldi á Smáþjóðaleikum 2015 er gott veganesti í þessa vinnu.

UPPBYGGING SUNDÍPRÓTTA Á ÍSLANDI

Skólasund

Sundkennsla í skólum er hluti af almennu grunnskólanámi á Íslandi. SSÍ hefur undanfarin ár staðið fyrir grunnskólamóti í sundi, eitthvað sem hefur tekist svo vel að nú er kominn tími til að færa keppnina út um land. SSÍ stefnir að því að á hverju ári séu haldin framhaldsskólamót í sundi. Þessi skólamót eru haldin í samstarfi við sund/íþróttakennara á Íslandi. Mikilvægt er að slík mót verði fastur liður í starfi skóla auk þess sem við það myndast tækifæri til að kynna aðrar greinar sundíþróttar í skólum landsins.

Unnið verður að kynningu sundknattleiks í skólum landsins.

Garpasund

SSÍ stuðlar að því að garpar hafi/fái aðstöðu til þjálfunar með fagfólki og geti þannig náð betri árangri og uppfyllt markmið sín. Sund er afar góð íþrótt til að þroskast með og eflir einstaklinginn til dáða í námi, einkalífi og á vinnumarkaði. Garpasund hefur verið virk grein innan SSÍ undanfarin ár og SSÍ stefnir að því að almenningur í laugum landsins fái fræðslu og upplýsingar um garpasund.

Sundknattleikur

Sundfélög og deildir landsins þurfa að fá fræðslu og aðstoð við að byggja upp sundknattleik innan sinna raða. SSÍ mun hafa forgöngu um samstarf við önnur sérsambönd innan ÍSÍ til dæmis Handknattleikssamband Íslands. Slík samvinna þarf að vera markviss. Einnig er nauðsynlegt að þeir sem stunda þessa íþrótt nú þegar komi að þessu starfi með virkum hætti. SSÍ hefur unnið að því að bæta aðstöðu og tækjabúnað fyrir þessa grein og nú er til færanleg stigatafla og einnig eru tæki til keppnishalds til staðar í stærri laugum landsins. SSÍ stefnir að því að hefja þátttöku í NM í sundknattleik fyrir 2020 og því þarf undirbúningur fyrir það að hefjast nú þegar árið 2017.

Víðavatnssund

Þeim fjölgar stöðugt sem stunda sund eða böð, hvort sem er í sjó eða vötnum, og slík iðkun ætti að vera skipulagður hluti af starfi sundfélaga og SSÍ. Það er líklegt að hin mikla aukning sem hefur orðið í víðavatnssundi geti orðið til þess að erlent sundfólk og fólk í ævintýraleit muni vilja skrá nöfn sín í sögu víðavatnssunds við og á Íslandi. Þess vegna er mikilvægt að öryggi sé tryggt og það sé á hreinu hvaða aðili hafi með ákveðnar sundleiðir að gera. Slys við þær aðstæður að öryggi sé óhugsað og enginn sem ber lágmarksábyrgð á að upplýsa og halda utan um slík mál verða okkur skaðleg.

Sundsamband Íslands setur reglur um lágmarksöryggi á ákveðnum sundleiðum og gefur út viðurkenningar fyrir slík sund. Einnig styður SSÍ við bakið á einstaklingum og félögum sem berjast fyrir bættri aðstöðu til sundiðkunar víða um vötn.

Við sjáum fram á að íslenskt sundfólk geti á einfaldan hátt náð keppnisrétti í víðavatnssundi á vegum LEN og FINA. Það er því kominn tími til að við látum á það reyna hvort við getum gert okkur gildandi í þessari grein. SSÍ mun því hefja samvinnu við nokkur félög og leita samstarfs erlendis um að þjálfa upp sundfólk til slíkrar keppni.

Dýfingar og sundfimi

SSÍ leitar samstarfs við Fimleikasamband Íslands þegar kemur að dýfingum og sundfimi. Nú þegar hefur aðstaða til dýfinga batnað í Reykjavík með nýjum stökkbrettum, en betur má ef duga skal. Mikilvægt er að í tengslum við uppbyggingu Sundfíróttamiðstöðvar Íslands verði gert ráð fyrir dýfingum, sundfimi og sundknattleik.

SUNDKEPPNI OG AFREKSSTARF

Sundkeppni

SSÍ styður við markvissa uppbyggingu sundfólks í samvinnu við sundfélög og deildir á Íslandi. SSÍ vinnur að því að skapa þjálfurum tækifæri til að öðlast reynslu á innlendum og erlendum vettvangi til að auka hæfni þeirra í þjálfun á sundfólki í uppbyggingarfasa og afrekssundfólki.

Afreksstefna SSÍ

Sameiginlegt markmið sundhreyfingarinnar er að Íslendingar eigi hverju sinni afrekssfólk í sundi sem skipar sér á bekk með þeim bestu í sundheiminum. Markmiðið er tryggja möguleika afrekssundfólks framtíðarinnar til að ná settu marki, stuðla að bættum aðstæðum sundfólks og auka íslenska þjálfunarkunnáttu. Í því felst að efla hæfni og færni allra þeirra sem koma að afreksstarfi sundhreyfingarinnar í nútíð, en ekki síður þeirra sem vinna fyrst og fremst við uppbyggingu framtíðar afrekssfólks í sundi.

Til þess að ná markmiðum sínum setur sundhreyfingin sér tímabundnar og markvissar áætlanir um frammistöðu á stórmótum. Sundsamband Íslands mótar tímasett markmið og kynnir þau fyrir sundhreyfingunni og afrekssviði ÍSÍ. SSÍ stefnir til langframa að því að styrkja getu einstaklinga og félaga til að vinna að langtímamarkmiðum í afrekssundi. Ásamt því ber að meta keppnisárangur sem skref til aukinna afreka. Leggja þarf mikla áherslu á að efla þekkingu þjálfara í sundhreyfingunni á öllum sviðum þjálfunar og uppbyggingar afreka í sundi.

Landslið Íslands í sundi – uppbygging og áherslur

Sundsamband Íslands setur landsliðshópum markmið og viðmið. Gera þarf kröfur á sundfólkið um að setja sér markmið og áætlun um hvernig hægt er að ná þeim.

Landsliðsþjálfari/Verkefnastjóri og landsliðsnefnd SSÍ aðstoða sundfólkið og félagsþjálfarana í þessari vinnu. Þá þarf einnig að kynna sundfólkinu áætlanir SSÍ og verkefnastöðu hverju sinni þannig að sundfólkið fái nægan tíma til að undirbúa sig.

Jákvæð hvatning og samstarf sambands, landsliðsþjálfara og sundfólksins er lykill að velgengni á alþjóðlegum vettvangi í sundi.

Markmið landsliða Íslands í sundi

- Að komast í undanúrslit og úrslit á alþjóðlegum mótum með það fyrir augum að vinna til verðlauna
- Að stuðla að batnandi árangri hvers einstaklings fyrir sig á alþjóðlegum mótum og innan móta
- Að stuðla að jákvæðu sambandi og innbyrðis stuðningi innan landsliða Íslands á hverjum tíma
- Áherslur landsliðsþjálfara, sundfólks og þjálfara sundfólksins samræmd með reglubundnum hætti
- Reglubundin líkamleg uppbygging með sjúkraþjálfara
- Æfingabúðir í aðdraganda verkefna landsliða þar sem liðið vinnur með landsliðsþjálfara, sjúkraþjálfara og fararstjóra
- Undirbúningur fyrir sérhvert verkefni sé markviss og til þess fallinn að
 - Skilgreina markmið verkefnisins á skýran hátt
 - Sundfólkið missi ekki sjónar á markmiðunum
 - Liðsmenn nái að kynnast og auka metnað liðsmanna fyrir verkefninu
 - Gæta að því að sundfólkið sé undirbúið að synda hratt á réttum tíma, sé tæknilega vel á sig komið (snúningar oþh) og geti unnið með hópnum (boðsund og hvatning)

Unglingalandslið Íslands – uppbygging og áherslur

Lögð verður áhersla á að sérhver sundmaður sem kemst í ungingalandslið Íslands í sundi fái skilmerkilega og jákvæða kynningu á því hvað þátttaka í verkefnum ungingalandsliðsins felur í sér. Þetta felur m.a. annars í sér kynningu á tröppugangi/röðun verkefna miðað við aldur og kynningu á árangursmarkmiðum.

Markmið ungingalandsliðs

- Stuðla að markvissri uppbyggingu sundmanns frá ungingalandsliðsverkefnum til stærri verkefna.
- Nauðsynlegt er að liðsmenn í sérhverju verkefni hittist ásamt þjálfara / fararstjóra í það minnsta tvisvar sinnum fyrir sérhvert verkefni.
- Undirbúningur fyrir sérhvert verkefni sé markviss og til þess fallinn að
 - Kynna þátttöku í ungingalandsliðum – rauði þráðurinn
 - Liðsmenn nái að kynnast
 - Tíunda markmið með þátttöku í tilteknu verkefni
 - Auka metnað liðsmanna fyrir verkefninu

- Taka 1 – 2 sundæfingar með áherslu á sérhæfða þætti (hraði – snúningar – boðsundsskiptingar og fleira)

Almennt starf í kringum unglingslandslíð

Lágmörk fyrir verkefni, val á þjálfurum og dagsetningar fyrir undirbúning/æfingabúðir eiga að liggja fyrir 15. ágúst ár hvert. Lágmörk fyrir verkefni á tímabilinu ágúst til desember eins og NMU, eiga að liggja fyrir 1. febrúar ár hvert.

Mikilvægt að þjálfarar sem koma að verkefnum unglingslandslíðs vinni saman og séu meðvitaðir um hvaða sundmenn koma til greina í ákveðin verkefni. Samstarf þjálfara á að vera til þess fallið að stuðla að framgangi sundmannsins í áframhaldandi verkefnum.

Landsliðsþjálfari hefur yfirumsjón með heildarverkefninu, en hann útnefnir einnig einn þjálfara til að halda utan um unglingslandslíðið.

Mælanleg markmið til 2028

Með góðu móti er hægt er að mæla hversu margir íslenskir sundmenn eru meðal 100 bestu í heiminum, hversu margir meðal 50 bestu, 30 bestu, 20 bestu og 10 bestu. Einnig er hægt að nota Evrópulista til hins sama. Slík viðmið eiga fyrst og fremst að vera úr löngu brautinni en þó er rétt að halda slíkt bókhald úr stuttu brautinni einnig, bæði til samanburðar en ekki síður til að hvetja sundfólkið. Þá er auðvelt að mæla hverjir og hversu margir komast í úrslit á mótum erlendis og á verðlaunapall td á EM og HM. Frekari mælanleg markmið gætu verið fjöldi sundmanna með lágmörk á ÓL og hversu margir ná í úrslit á ÓL. **Þá má ekki gleyma því að lágmarksárangur til þátttöku á ÓL ætti að vera betri en á HM og EM.**

Mælanleg einstaklingsmarkmið eru til að mynda bæting á besta tíma á alþjóðlegum stórmótum eða í minnsta kosti bæting á besta tíma yfirstandandi tímabils. Við Íslendingar erum umtöluð fyrir agað mótahald og höfum gott orð á okkur þegar kemur að alþjóðlegum mótum hér heima. Því er rétt að nota aðeins tíma sem nást á viðurkenndum alþjóðlegum mótum þegar þessi markmið eru gerð upp, hvort sem er alþjóðlegum mótum hér heima, erlendis eða á HM, EM og ÓL.

SSÍ sér til þess að afrekaskrá sé viðhaldið og uppfærð á reglubundinn hátt. Samningur hefur verið gerður við Swimrankings þar sem gott aðgengi er á upplýsingum aftur í tímann sem skiptir máli við skipulagningu á afreksstarfi. Það hefur einnig hvetjandi áhrif fyrir sundfólkið að fylgjast með hvernig það raðast á alþjóðlega lista með tíma sína.

Góð samskipti við fjölmiðla skipta einnig máli því það er til lítils að setja markmið ef þau vekja ekki áhuga þeirra sem eiga að fylgjast með. Þess vegna er mikilvægt að tengja saman mótadagskrá SSÍ og markmiðssetningu SSÍ og sundfólksins við mögulega fjölmiðlaumfjöllun.

Skilgreining afreka í sundi

Afreksmaður í sundi er hver sá sundmaður sem stenst ákveðin viðmið við heimsafrekaskrá í sundi. Afreksefni telst það sundfólk sem ekki hafa náð jafn langt og afreksfólkið en talið að með markvissri og mikilli þjálfun geta skipað sér á bekk með þeim bestu.

SSÍ axlar ábyrgðina á því að halda úti afreksstefnu í sundi en þó er öllum ljóst að sundhreyfingin verður að standa sameiginlega undir þeirri ábyrgð ásamt SSÍ. Félög og einstaklingar þurfa að hafa ríkan metnað til að ná langt, vera tilbúin að leggja áætlanir sínar fram í upphafi og axla þá ábyrgð sem fylgir því að framkvæma slíkar áætlanir og gera þær upp í lokin.

Ástundun er forsenda afreka – ástundun er forsenda þátttöku

Öll vinna að því að ná settu marki á að vera innan siðferðisgilda íþróttá. Það ber að stefna að því að ástundun afrekssundfólks sé hluti af lífsmunstri og þau ár sem það helgar íþróttum krafta sína komi það ekki niður á þroska þess og undirbúningi að takast á við lífið að íþróttáferli loknum.

Ástundun ásamt skýrum markmiðum er forsenda fyrir því að sundfólk hafi tækifæri til þátttöku í landsliðsverkefnum og er forsenda fyrir því að sundfólk geti unnið til afreka og skipað sér á bekk með þeim bestu.

Markviss ástundun og stöðugleiki í umhverfi sundfólksins ásamt viðunandi starfsumhverfi og faglegum vinnubrögðum þeirra sem aðstoða sundfólkið á hverjum tíma er ávísun á góða uppskeru og árangur í framtíðinni.

Skýr ábyrgð til stuðnings afreksstarfinu – og annarri uppbyggingu

Sundsamband Íslands setur sér meðfylgjandi markmið til að bæta aðstöðu sundfólks og aðstoðarfólks. Með því tekur SSÍ frumkvæði og ábyrgð í uppbyggingu afrekslandsliðs í sundi.

- a) Sundíþróttamiðstöð Íslands verði sett á laggirnar.
 - Markmiðið með því er að sund eigi fastan samastað við bestu aðstæður. Þar fer fram afrekspjálfun og æfingabúðir og boðið upp á fræðsludagskrá fyrir þjálfara, sundfólk og aðra sem koma verki.
- ~~b) Íþróttafulltrúi SSÍ verði ráðinn í 100% stöðu.~~
 - ~~• Að hafa umsjón með landsliðsverkefnum SSÍ og gera tillögur um viðmið og lágmark í samráði við landsliðsnefnd~~
 - ~~i. setur markmið, ákveður mótadagskrá SSÍ og setur viðmiðunarreglur fyrir félög í samráði við landsliðsnefnd.~~
 - ~~ii. aðstoðar og miðlar þekkingu sinni og reynslu til annarra félagsþjálfara.~~
 - ~~• Að vinna að uppbyggingu félaga út um allt land~~
 - ~~• Að vinna að uppbyggingu sundfólks í öllum aldurshópum~~
 - ~~• Að hafa umsjón með fræðslumálum innan sundhreyfingarinnar og koma reglu á þau~~
 - ~~• Að vinna að uppbyggingu annarra sundíþróttá á Íslandi~~
 - ~~• Að vinna að fjáröflunarverkefnum SSÍ í samráði við framkvæmdastjóra~~
- c) Hlutverk og verkefni Landsliðsnefndar er vel skilgreint
- d) Stoðþjónusta, svo sem fræðsludagskrá og fagteymi verður aðgengilegt fyrir afrekssundfólk.
- e) Landslið kölluð til æfingabúða í aðdraganda að alþjóðlegum verkefnum.
- f) Sett verður upp sérstök sumarþjálfun landsliðsfólks í samráði við landsliðspjálfa.
- g) Stuðlað verður að hvetjandi umhverfi afrekfólks og afreksefna í sundi
- h) Kallað verður reglulega eftir áætlunum og markmiðum sundfólks og þau endurskoðuð amk einu sinni á ári.
- i) Þjálfarar og aðrir sem koma að uppbyggingu afrekssundfólks kallaðir til fræðslu og samráðs
- j) Sett verða skýr mælanleg markmið til um fjölda og stöðu sundfólks á heimslista.

Viðauki I

Niðurstöður af málþingi SSÍ í febrúar 2017

- **Við sýnum hvort öðru virðingu en þar kom fram eftirfarandi;**
 - Gagnkvæm virðing milli þjálfara og sundmanna, getum bætt okkur milli hvors annars. Getum bætt okkur í virðingu milli ssi og sundheimssins. Vandamál í samskiptum fullorðinna geta haft slæm áhrif á sundfólkið. Mikilvægt að við getum sett okkur í spor annarrá-sýna öðrum virðingu þvert á kynslóðir-hagsmunir heildarinnar. Meiri samskipti milli félaga-heiðarleiki. Í víðavatnssundinu ríkir meiri virðing-annað umhverfi. Taka jákvætt í ábendingar, opna farvegi fyrir þær-möguleiki á nafnlausum ábendingum. Auka virðingu milli ssi og sundmanna-greiðari leið til samtals. Jafnræði- gagnkvæm virðing milli þjálfara og sundmanna. Skilvirkni í samskiptum. Bera virðingu fyrir og hlusta á ábendingr frá t.d. sundmönnum.
- **Við höfum gaman af því sem við gerum en þar kom fram eftirfarandi;**
 - Kynnumst fullt af fólki,skemmtilegt starf-sundþjálfun. Mót fyrir yngri krakka gerð skemmtilegri-jákvæð upplifun. Gefandi starf-þátttaka foreldra mikilvæg, vinna fyrir félagið. Á okkar ábyrgð að hafa gaman, sjálfboðaliðastarf á að vera skemmtilegt. Mikilvægt að hitta aðra í hreyfingunni-læra um íþróttina-foreldra námskeið. Jákvætt samspil foreldra og sundfólks, að kenna foreldrum að hafa gaman,gleðin í fyrirrúmi. Fræðsla=gleði. Ævilöng tengsl-búðir og samvera. Félagsskapurinn skiptir miklu máli. Forréttindi að fylgjast með sundfólki þroskast. Styrkja félagsandann-jákvætt hugarfar, virkja sem flesta, hvatningarverðlaun. Garpar=gleði ☺ Gaman þegar gengur vel, muna að hrósa. Samvera/samheldni liða. Gefa til baka til yngri sundmanna, fá tækifæri til að vera fyrirmynd. Sundvinir mikilvægir-fá stuðning frá vinum þegar upp kemur leiði. Afslappaðri mót fyrir yngri krakka, blanda liðum t.d. í boðsundi. Hafa auga með einelti. Passa að koma jafnt fram við alla. Liðin gefi krökkum hlutverk, t.d. hvatningastjórar. Hafa meiri hvatningu á sundmótum. Skapa meiri stemningu á Bikarmótinu.
- **Við sýnum hvort öðru trúnað og traust en þar kom fram eftirfarandi;**
 - Jákvæð upplifun á starfi með sundfélagi. Þjálfarar milli félaga mættu bæta samskipti sín á milli, sérstaklega hjá yngri hópum-rækta traust. Skilningur á mismunandi þörfum félaga. Koma skoðunum sínum á framfæri til réttra aðila-rétt samskipti auka traust. Vantar uppá trúnað og traust milli sundmanna og ssi-meira samtal-texta er hægt að misskilja. Góð samskipti við sundmenn skapa traust. Ábendingar þurfa að vera skriflegar til að fá formlega umfjöllun. Fulltrúi sundmanna gæti komið ábendingum á framfæri. Samskipti milli sundmanna og ssi þarf að bæta-upplýsingar um sundmót og tilhögun. Virða tíma sundmanna. Skilningur og virðing fyrir starfi dómara(þjálfarar og foreldrar hafi hugfast)
 -

- **Við erum framsýn og lausnarmiðuð en þar kom fram eftirfarandi;**
 - **Stefna hátt, skýr stefna, fleiri málþing, skapa fleiri vettvanga til samræðu. Vantar fleiri sundlaugar, aukin flóra sundgreina/iðkunar(dýfingar, sundknattleikur, víðavatnssund ofl). Jákvætt til framtíðar að halda þetta málþing. Hvetja foreldra til þátttöku. Opin umræða-hlusta. Halda áfram að bera virðingu fyrir hvort öðru. Fjölmiðlafulltrúi ssi góð hugmynd-góð kynning til framtíðar. Gott skipulag fram í tímann, virða atburðadagatal ssi. Að dómarar fái fatnað í öðrum lit en hvítum☺ Framtíðarplön fyrir eldri sundmenn á landsbyggðinni. Spennandi að sjá hvernig verður unnið úr hugmyndum t.d. frá þessu málþingi. Aðgengilegri upplýsingar fyrir sundmenn sem ætla sér í nám og æfingar erlendis-nýta þá reynslu sem fyrir er. Betri skipulagning á upplýsingum vegna landsliðsverkefna. Staða sundmanna-fá upplýsingar frá þjálfurum. Kynna meira útá landi. Betri umgjörð vegna sundmanna sem æfa erlendis. Velja þjálfara fyrir landsliðsverkefni, ekki hafa fastan landsliðsþjálfara- landsliðsnefnd myndi velja- upplýsingar um sundmenn gangi milli þjálfara. Vantar dýfingalaug. Passa atburðadagatalið. Nota þessa punkta sem hér koma fram. Mikilvægt að til sé farvegur fyrir þessar hugmyndir. Betri greining á stöðu sundmanna. Frábær aðstaða og árangur sundmanna sem fara erlendis. Mikilvægt að bæta umhverfi hér heima þannig að góðir sundmenn geti æft hér heima. Læra til framtíðar. Kynna betur afreksfólkið. Búa til sundtæknimyndbönd fyrir sundmenn og þjálfara-gott fyrir minni sundfélög. Skólar og sundhreyfingin þurfa að vinna vel saman. Passa fjölmiðlaumfjöllun um sund. Fleiri verkefni fyrir efnilegt yngra sundfólk. Tokyo 2020 er flott, mætti vera eitthvað annað líka. Byggja upp traust við fjölmiðla. Snapchat?**